

**ACTION MAN GRÆTUR LÍKA**

Bretinn Roger Johnson var fyrirmynd Action Man-dúkkunnar þegar hann var í sérsveit breska hersins. Hann ætlar að hjóla hringinn í kringum Ísland í lok ágúst.


Viltu vinna MacBook?

Vantar þig fartölvu fyrir skólann í haust? Þú gætir verið svo heppin/n að fá hana frítt!

Kíktu í Apple bæklinginn sem fylgir Fréttablaðinu í dag.

apple.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. ágúst 2007 — 222. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR

### Opnar einkasafnið sitt



Ljósmyndarinn Silja Magg var að opna nýja glæsilega vefsíðu og flytur til New York eftir helgi.

HELGIN 38

### Stílísering á flóamarkaði

Leikkonurnar Edda Björg, María Heba og Elma Lísa með fatamarkað á Lindargötu.

FÓLK 70

### Vill að þeir fari út



Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, vill frekar sjá landsliðsmennina Helga Má Magnússon og Jakob Sigurðarson áfram í atvinnumennsku heldur en að fá þá í Vesturbæinn.

ÍÞRÓTTIR 66

### Sveitasæla í borginni

Jóhanna Kristjónsdóttir rithöfundur býr í 120 ára gömlu húsi með sögu.




HÚS & HEIMILI FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGVIÐRI** Í dag verður hæg vestlæg eða breytileg átt. Hætt við lítilsháttar vætu í höfuðborginni seint í nótt. Hiti 7-16 stig, hlýjast til landsins syðra.

VEÐUR 4








**FJÖRTÍUOGFIMM ÞÚSUND TÓNLEIKAGESTIR** Kaupþing bauð landsmönnum upp á tónleika á Laugardalsvelli í gærkvöldi í tilefni af 25 ára afmæli bankans. Tónleikarnir voru þeir stærstu sem skipulagðir hafa verið í kringum íslenska tónlist. Gestir voru á öllum aldri og skemmtu sér vel eins og sjá má og hlýddu meðal annars á Nylon. FRETTABLAÐIÐ/VALLI

# 400 þúsund tonn af útblæstri á hverju ári

**Útblástur koldíoxíðs vegna olíuhreinsistöðvar á Vestfjörðum stangast á við markmið stjórnvalda um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.**

**UMHVERFISMÁL** Olíuhreinsunarstöð af þeirri stærð sem Íslenskur hátækniiðnaður hyggst reisa á Vestfjörðum myndi blása út 400 þúsund tonnum af koldíoxíði á ári hverju. Gert er ráð fyrir því bæði í stefnumörkun umhverfisráðuneytisins og Kyoto-bókuninni að slíkur útblástur minnki talsvert á næstu árum. „Miðað við þann tíma sem mun líða frá því að ákvörðun er tekin og þangað til stöðin tæki til starfa, þá reynir ekki á losunarheimildir fyrr en við upphaf nýs Kyoto-tímabils,“ segir Ólafur Egilsson hjá Íslenskum hátækniiðnaði.

Samkvæmt Kyoto-bókuninni skuldbindur Ísland sig til þess að halda útblæstri gróðurhúsalofttegunda innan við 3,1 milljón tonn árlega árin 2008 til 2012. Undanfarin ár hefur útblásturinn alltaf verið yfir þessari tölu.

Viðbótarákvæði í Kyoto-bókuninni, sem á við um Ísland, segir að útstreymi koldíoxíðs frá stóriðju sem tekin hefur verið til starfa eftir árið 1990 megi ekki vera meira en 1,6 milljónir tonna að meðaltali á ári. Efasemdir eru uppi um að olíuhreinsunarstöð rúmist innan þessa ákvæðis, þar sem þær stóriðjuframkvæmdir sem nú þegar hafa verið leyfðar á tímabilinu fylla nánast allan losunarkvótann.

Í febrúar á þessu ári gaf umhverfisráðuneytið út skýrslu um stefnumörkun í umhverfismálum. Þar kemur fram að langtímasýn stjórnvalda sé að „minnka nettólosun gróðurhúsalofttegunda um 50 til 75 prósent fram til 2050, miðað við árið 1990.“

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra vildi ekki tjá sig um málið að svo stöddu. Ekki náðist í Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra vegna málsins. - þeb

Björgólfur Guðmundsson:

## Kosinn besti auðjöfurinn



BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON

**FÓLK Björgólfur Guðmundsson var valinn besti auðmaður Íslands samkvæmt mati álitsgjafa Fréttablaðsins. „Ég er að sjálfsögðu ánægður og stoltur,“ sagði Björgólfur meðal annars í samtali við Fréttablaðið þegar niðurstaðan lá fyrir.**

**Sonur Björgólfs, Björgólfur Thor, hafnaði í öðru sæti og fast á hæla hans fylgdi Jóhannes Jónsson úr Bónus. Aðrir sem skoruðu hátt voru systkinin Ingibjörg og Sigurður Pálmabörn. Ólafur Ólafsson og Ingunn Wernersdóttir voru einnig nefnd til sögunnar.** – jma/sjá síðu 36

Líkega sex rússneskar sprengjuflugvélar sem fóru inn á loftvarnasvæði Íslands:

# Rætt við sendiherra Rússa

**VARNARMÁL** Rússneskar sprengjuflugvélar flugu þrisvar sinnum inn á loftvarnasvæði Íslands við austurströnd landsins aðfaranótt föstudagins og í gærmorgun. Gera má ráð fyrir að sprengjuvélarnar hafi verið sex talsins því í hverju flugi eru yfirleitt tvær vélar.

„Sprengjuflugvélarnar flugu í hálfhring framhjá landinu og var fylgst með þeim á ratsjám,“ segir Kristrún Heimisdóttir, aðstoðarkona Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra. Kristrún segir að ekki sé hægt að svara því núna hvort vélarnar hafi farið inn í lofthelgi Íslands. Breskar og norskar orrustuþotur flugu í veg fyrir rússnesku vélarnar og fylgdu þeim eftir þar til þær flugu út af loftvarnasvæði Atlantshafsbandalagsins.

Kristrún segir að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra muni líklega bregðast við málinu í dag. Hún segir að rætt verði við sendiherra Rússlands á Íslandi.

Vladímír Pútín Rússlandsforseti greindi frá því í gær að Rússar ætli að hefja eftirlitsferðir flughersins að nýju en þeir hættu þeim við lok kalda stríðsins. Pútín segir að aðrar þjóðir hafi ekki hætt þeim og að það ógni öryggi Rússlands. - ifv


Opið í dag Laugardag

TENGI

Smiðjuvegi 76
200 Kópavogur

Baldursnes 6
603 Akureyri

www.tengi.is



AFMÆLISVEISLA!
OPIÐ 10-18



Kringlan

SPURNING DAGSINS



*Eiður, er heimurinn farinn að smæla framan í Megas?*

„Já, því hann smælar framan í heiminn."

Frágangur, nýjasta plata Megasar, rýkur út eins og heitar lummur og er þegar orðin hans vinsælasta plata í 20 ár. Eiður Arnarson er útgáfustjóri Senu sem gefur Frágang út.

Maðurinn sem hafði í hótunum á Akureyri hefur verið dæmdur fyrir líkamsárás:

# Bíður fyrirtöku í Hæstarétti

**LÖGREGLUMÁL** Einn mannanna þriggja sem var handtekinn í verslun á Akureyri á miðvikudag var dæmdur í tveggja ára fangelsi vegna líkamsárásar í vor þar sem fingur var klipptur af fórnarlambinu. Maðurinn áfrýjaði þeim dómi til Hæstaréttar sem mun að líkindum taka málið fyrir í haust.

Maðurinn, sem er 27 ára gamall, kom inn í verslunina Strax á Akureyri í annarlegu ástandi og vopnaður hafnaboltakylfu. Starfsfólk hafði samband við lögreglu sem handtók manninn ásamt konu og öðrum karlmanni sem með honum voru. Í bíl þeirra fannst töluvert magn vopna, meðal annars hafnaboltakylfur og tvær loftskammbyssur, auk fíkniefna. Tvö af þremenningunum höfðu einnig verið handtekin við húsleit í bænum kvöldið áður.

Eftir skýrslutöku hjá lögreglu var fólkinu sleppt. Þá fór maðurinn sem um er rætt rakleiðis í verslunina aftur og hótaði starfsfólkinu lífláti og limlestingum.

Maðurinn á langan brotaferil að baki. Í fyrra var honum gert að sök að hafa ráðist á mann með hafnaboltakylfu og barið hann í höfðið en samverkamaður hans klippti fingur af fórnarlambinu með garðklippum. Fyrir þá líkamsárás auk annarra var maðurinn dæmdur í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi. - þo



**VERSLUNIN STRAX** Maðurinn var vopnaður hafnaboltakylfu þegar hann kom inn í verslunina. Hann er ekki óvanur að beita slíku vopni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

Ökumaður undir áhrifum:

## Ók á kerrur og sofnaði síðan

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu var um miðnætti í fyrrinótt tilkynnt um ökumann í annarlegu ástandi. Hann var þá staddur á Langatanga í Mosfellsbæ.

Þegar lögreglan kom á staðinn reyndist ökumaðurinn sofa ölvunarsvefni í bílnum. Hann rankaði við sér eftir að lögreglumenn höfðu bankað á bílrúðuna hjá honum. Ummerki sýndu að hann hafði áður bakkað á kerrur sem stóðu í nágrenninu. Fíkniefni fundust á manninum og var hann færður á lögreglustöð. Þar kom í ljós að hann var án ökuréttinda. - jss

Kælirinn tekinn úr sambandi:

## Volgur bjór í Austurstræti

**FÓLK „Kælirinn var tekinn í burtu núna í vikunni að beiðni borgarstjórnar," segir Þorkell Freyr Sigurðsson, aðstoðarverslunarstjóri í vínbúðinni sem er í Austurstræti.**

**Lengi vel stóð kælir með bjór í búðinni. Hann segir þó nokkra hafa nýtt sér þessa þjónustu og þá sérstaklega á sólríkum sumardögum eins og mikið hefur verið af undanfarið. „Þetta var lítill heimiliskælir. Sumir vissu af honum og síðan spurðist þetta bara út. Fólk kom og spurði hvort það mætti kíkja í kælinn," segir Þorkell Freyr.**

**Kælirinn sem var baka til í búðinni er núna kominn niður í kjallara.** - lbb

Kínverskt par:

## Par vill nefna barnið sitt @

**KÍNA** Kínverskt par hefur óskað eftir því að fá að nefna barnið sitt @. Merkið @, sem borið er fram „at", er notað í netföng, en hljómar á kínversku eins og setningin „elskaðu hann".

Parið vonast eftir að geta nefnt son sinn þessu „nútímalega nafni" samkvæmt Sky News. Allt mannkynið noti @ í tölvupóst og því sé þetta gott nafn.

Lögregla íhugar hvort leyfa eigi parinu að kalla barnið sitt @, en í Kína eru slíkar ákvarðanir í höndum lögreglu. - sgj

NEYTENDUR

### Misjöfn álagning

Samkvæmt verðkönnun sem verðlagseftirlit ASÍ gerði í fimm bókaverslunum er mjög misjöfn álagning á skiptibókamörkuðum. ASÍ bendir nemendum á að kynna sér hvar þeir fá hagstæðustu kjörin.

# Telja að mastur auki líkur á krabbameini

**Íbúar við Háteigsveg eru ósáttir við fyrirhugað farsímamastur í götunni. Íbúasamtök í hverfinu hafa sent erindi til borgarinnar sem vísar til rannsókna sem segja fjórfalt meiri líkur á krabbameini búi fólk í nálægð við farsímamöstur.**

**SKIPULAGSMÁL** „Samkvæmt erlendum rannsóknum hefur komið í ljós að umtalsverð aukning er á nýgengi krabbameins hjá íbúum sem búa í nálægð við farsímamöstur," segir í athugasemd íbúasamtaka þriðja hverfis, Hlíðar, Holta og Norðurmýri, við fyrirhugað fjarskiptamastur á lóð Kennaraháskóla Íslands og Fjöltækniskólans að Háteigsvegi 43 í Reykjavík.

Samtökin benda á að fyrirhuguð staðsetning þessa átján metra háa masturs sé í um 130 metra fjarlægð frá leikskólanum Klömbrum og í um 180 metra fjarlægð frá Háteigsskóla. Til viðbótar eru Fjöltækniskólinn og Kennaraháskólinn skammt frá.

„Ég er sammála samtökunum í þessu máli. Maður vill ekki vera á móti tækninni sem slíkri en á meðan það eru ekki til rannsóknir sem sýna að þetta sé meinlaust þá finnst mér að börnin eigi að njóta vafans," segir Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri í Háteigsskóla.

„Börnin eru í skólanum frá hálf níu á morgnana til þrjú á daginn og þá allan tímann undir áhrifum þessa masturs séu þau til staðar," segir hann.

Í athugasemdinni, sem íbúasamtökin sendu skipulags- og byggingasviði, er vísað til tveggja rannsókna, frá Ísrael og Þýskalandi, þar sem niðurstöðurnar sýndu að fólk sem byggi í innan við 400 metra fjarlægð frá farsímamöstrum væri þrisvar til fjórum sinnum líklegra til að fá krabbamein en það sem ætti heima lengra frá möstrunum.

„Börn í hverfinu og borginni allri eiga ekki að vera tilraunadýr og ekki er hægt að leyfa sér að taka áhættu þegar kemur að þeirra heilbrigði," segir í erindi íbúasamtakanna.

„Ég veit ekki um neinar nýlegar kannanir sem hafa verið að vekja ugg," segir Þorgeir Sigurðsson, rafmagnsverkfræðingur hjá Geislavörnum ríkisins sem hafa eftirlitshlutverk með farsímageislun á almenning.

„Við förum eftir alþjóðlegum viðmiðunarmörkum um rafsegulsvið. Nokkrum metrum frá sendi mælist segulsviðið venjulega innan viðmiðunarmarka. Segulsvið frá GSM-síma sem menn eru með við eyrað er margfalt sterkara en frá sendunum, en þó innan viðmiðunarmarka," segir hann.

Frestur til athugasemda rann út í gær. Samkvæmt upplýsingum hjá skipulags- og byggingasviði verða athugasemdir við deiliskipulagið skoðaðar á næstu dögum. andriv@frettabladid.is



**FARSÍMAMASTRIÐ** Mynd úr grenndarkynningu skipulags- og byggingasviðs. Mastrið er tölvuteiknað inn á myndina.



**AKUREYRARLAUG** Hrókur úr útitafli í garði laugarinnar hvarf um hábjartan dag.

Kóngur hvarf á Akureyri:

## Hrókeringar á útitaflinu

**AKUREYRI** „Okkur þykir þetta mjög undarlegt enda veit ég ekki hvað fólk ætlar að gera við einn kóng," segir Elín Gísladóttir, forstöðumaður sundlaugarinnar á Akureyri en hvíti kóngurinn úr útitafli sundlaugargarðsins hvarf á dögunum.

Kóngurinn er stór og mikill og svo virðist sem honum hafi verið stolið um hábjartan dag.

Þótt kónginn vanti geta menn enn teflt í garðinum. „Lögreglan kom hingað einn daginn með svart útitaflspeð sem hafði fundist á víðavangi. Þetta peð kemur ekki úr okkar tafli en nú hefur það verið dubbað upp sem hvítur kóngur," segir Elín hlæjandi og bætir því við að líklega séu þarna einhverjar hrókeringar á ferðinni. - þo

Bílslys á Snæfellsnesi:

## Mikið slösuð eftir bílveltu

**SLYS Kona var flutt með þyrlu Landhelgisgæslunnar á Landspítalann í Fossvogi aðfaranótt föstudags eftir bílveltu á Snæfellsnesi.**

**Slysið varð á veginum milli Hellna og Arnarstapa en ekki er ljóst hvað olli óhappinu. Konan var ein í bíl sínum og þegar vegfarandi kom að henni var hún föst undir bílnum.**

**Konan er mikið slösuð en að sögn vakthafandi læknis á bæklunardeild var hún ekki í lífshættu. Hún hlaut mörg beinbrot og ýmsa aðra áverka.** - þo


BÍLL DAGSINS

SUBARU FORESTER

Nýskr. 01.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 81 þús. km.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Leikfélag Akureyrar æfir stíft fyrir frumsýningu á Óvitum:

# Fullorðnir verða börn á Akureyri

**MENNING** „Það hefur sjaldan verið jafn mikið fjör í leikhúsinu. Það hreinlega iðar af lífi," segir Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri á Akureyri, en Leikfélag Akureyrar æfir nú stíft fyrir fyrstu frumsýningu haustsins. Þar er á ferðinni leikritið Óvitar eftir Guðrúnu Helgadóttur sem skartar sautján stórleikurum á barnsaldri.

Í Óvitunum hefur öllu verið snúið á hvolf. Fullorðnir leika börn og börn leika fullorðna. Tónlistarmaðurinn Jón Ólafsson hefur samið tónlist fyrir verkið en Sigurður Sveinsson leikstýrir.

Í gær stóðu yfir tökur á myndböndum sem notuð verða í sýningunni. Þar leikstýrði Sigurður átta ára drengjum í Dressman-auglýsingu, níu ára sjónvarpsfréttakonu og 45 ára karlmanni sem auglýsti bleiur.

„Börnin hafa staðið sig ofsalega vel og hér eru upprennandi stórstjörnur á hverju strái," segir Sigurður. Hann segir gaman að sjá hve mikill áhugi er á sýningunni en 500 börn komu í prufur í vor og vildu vera með.

Verkið verður frumsýnt 15. september. - þo



**UPPRENNANDI STÓRSTJÖRNUR** Sigurður Sigurjónsson sýnir þeim Sigurjóni Ármanni Björnssyni, Sigurði Má Steinþórssyni og Ágústi Má Steinþórssyni hvernig eigi að bera sig að í Dressman-auglýsingu. Strákarnir eru í hópi þeirra sautján barna sem stíga á svið í uppfærslu Leikfélags Akureyrar á Óvitum. MYND/TOT



STÓRTÓNLEIKAR
LANDSBANKANS & RÁSAR 2
MIKLATÚN
Á MENNINGARNÓTT
NÓTT | KL. 20 - 22:30
MANNAKORN
& ELLEN KRISTJÁNS
MEGAS & SENUÞJÓFARNIR
Á MÓTI SÓL
EIVÖR
SPRENGJUHÖLLIN
DAGUR | KL. 16 - 18
MÍNUS
PÉTUR BEN
AMPOP
LJÓTU HÁLFVITARNIR
VONBRIGÐI
RÁS
Landsbankinn

## GENGIÐ 17.08.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,08 | 69,40 |
| Sterlingspund | 136,56 | 137,22 |
| Evra | 92,86 | 93,38 |
| Dönsk króna | 12,477 | 12,551 |
| Norsk króna | 11,567 | 11,635 |
| Sænsk króna | 9,901 | 9,959 |
| Japanskt jen | 0,6098 | 0,6134 |
| SDR | 105,24 | 105,86 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

126,5606

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Heillegur spjótsoddur frá miðöldum kom úr jörðu þegar grafið var fyrir brunni:

# Dreymdi eigandann nóttina eftir fornleifafund

**FORNLEIFAR** Framkvæmdir við vatnsveitu leiddu til þess að Harald Haraldsson, bóndi á Svarfhóli í Laxárdal, skammt frá Búðardal, fann heillegan spjótsodd á dögunum. Ekki er vitað um aldur oddsins, en hann hefur nú verið sendur á Þjóðminjasafnið.

„Við vorum að grafa ofan í uppsprettu til að setja niður brunn, við sáum oddinn þegar hann kom upp í skóflunni. Hann var ryðgaður, en samt ótrúlega heill," segir Harald. Hann segir að augljóst hafi verið að þarna hafi verið eitthvað merkilegt á ferð, og að oddurinn væri gamall.

„Mig dreymdi svo nóttina eftir karl með skaftið, sem vantaði oddinn á, en hann kynnti sig ekki," segir Harald.

Hann hafði samband við Fornleifavernd ríkisins. „Ég passaði mig bara að setja brunninn niður fyrst svo þeir gætu ekki stoppað það af," segir Harald.

Magnús A. Sigurðsson, minjavörður á Vesturlandi, sótti oddinn. Hann segir ólíklegt að fleiri fornminjar leynist í jörð þar sem oddurinn fannst, auk þess sé nú búið að raska svæðinu svo mikið að ekki sé hægt að ganga úr skugga um það.

Hann segir að mögulega hafi einhver fornmaður brotið spjótið sitt, eða oddurinn endað á þessum stað fyrir einhverjar sakir, en ólíklegt er að þarna hafi verið kuml. Oddurinn sé líklega frá miðöldum, og hann verður aldursgreindur á Þjóðminjasafninu. - bj



**SPJÓTSODDUR** Oddurinn reyndist 38,5 cm á lengd, og inni í endanum má finna leifar af því sem líklega var viðarskaft.



**GRÓF FYRIR BRUNNI** Harald Haraldsson fann spjótsodd frá miðöldum þegar hann gróf fyrir brunni í Laxárdal. MYND/MAGNÚS A. SIGURÐSSON

# Hjálpin berst hægt til jarðskjálftasvæða

## Meira en 500 lík höfðu fundist á jarðskjálftasvæðunum í Perú í gær. Ættingjar leita látinna ástvina. Forseti Perú lofar því að enginn þurfi að líða skort.

**PERÚ, AP** Meira en fimm hundruð lík höfðu í gær fundist á jarðskjálftasvæðunum í Perú og var búist við því að tala látinna myndi hækka enn. Stjórnvöld í Perú voru gagnrýnd fyrir það hve hjálpin berst hægt til hamfarasvæðanna.

Alan Garcia, forseti Perú, segist þó bjartsýnn og lofar því að enginn þurfi að líða skort.

„Enginn mun deyja úr hungri eða þorsta," sagði hann, og bætti við að eftir tíu daga verði ástandið farið að nálgast það sem venjulegt þykir. Hann tók þó fram að allt uppbyggingarstarf eftir jarðskjálftann seint á miðvikudagskvöld muni taka miklu lengri tíma.

Skjálftinn mældist 8 stig á Richter-kvarða og eyðileggingin var mest í borginni Ica og þorpinu Pisco þar skammt frá. Ica og Pisco standa í eyðimörk um það bil 200 kílómetra suðaustur af höfuðborginni Lima.

Í hafnarborginni Pisco var hvert líkið á fætur öðru borið út úr kirkjunni San Clemente og þeim raðað upp á torginu fyrir framan. Síðdegis voru líkin þar orðin 60.

Bæjarstjórinn í Pisco segir að um 200 manns hafi verið við messu í kirkjunni þegar jarðskjálftinn reið yfir. Messan var nýbyrjuð þegar allt fór að nötra og stóð skjálftinn yfir í tvær mínútur. Einungis tvær súlur og hvolfþak kirkjunnar stóðu upp úr rústunum eftir að hamfarirnar höfðu gengið yfir.

Björgunarfólk leitaði í gær að fólki í rústunum. Líkurnar á því að einhver finnist á lífi minnka hratt með hverjum deginum sem líður.



**MÓÐIR HUGGAR SÆRÐAN SON** Líkurnar á því að finna fólk á lífi í rústunum minnka hratt með hverjum deginum sem líður. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

„Við missum vonina um að finna nokkurn á lífi eftir að 24 klukkutímar eru liðnir," sagði Carlos Vallejos, heilbrigðisráðherra landsins, þar sem hann stóð fyrir utan kirkjurústirnar í Pisco.

Bandaríkin, Sameinuðu þjóðirnar, Rauði krossinn og Evrópusambandið hafa veitt fé til hjálparstarfsins og sent tjöld, vatn, lyf og aðrar nauðsynjar á staðinn.

Stjórnvöld í Perú sendu lögregluþjóna, hermenn og lækna á svæðið eins hratt og unnt var, en umferðin gekk hægt vegna þess að stórar sprungur eru víða á þjóðvegum í Perú auk þess sem rafmagnsmöstur liggja sums staðar þvert yfir vegina. Læknar í Perú hættu í verkfalli til þess að taka þátt í björgunarstarfinu.

gudsteinn@frettabladid.is



**ÞRIÐJA KYNSLÓÐIN** Meðal annars verður hægt að horfa á sjónvarpsútsendingar í símunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Farsímakerfi Símans:

# Þriðja kynslóðin komin í gagnið

**FJARSKIPTI Þriðju kynslóðar farsímakerfi Símans verður tekið í notkun í næstu viku. Þetta kemur fram á bloggsíðu Símans en Linda Waage upplýsingafulltrúi vildi ekki staðfesta hvenær kerfið yrði opnað fyrir viðskiptavini fyrirtækisins.**

**Starfsfólk Símans fékk forskot á sæluna og bauðst í vikunni aðgangur að kerfinu til reynslu.**

**Fyrirtækið hefur í sumar sett upp um hundrað senda á höfuðborgarsvæðinu og allt til Keflavíkur.**

**Þriðju kynslóðar farsímakerfið býður upp á margfalt meiri gagnaflutning en býðst í venjulegu farsímakerfi.** - aví

## LEIÐRÉTTINGAR

Í blaðinu í gær var skrifað um útvarpsstöð í Varberg í Svíþjóð og hún sögð minjar um árdaga langdrægs hljóðvarps. Stöðin var hins vegar langdræg loftskeytastöð. Í Svíþjóð er hún gjarnan kölluð Radiostationen í Grimeton, Varberg.

Í blaðinu í gær var ranglega sagt að Björgólfsfeðgar hefðu átt eignir á reitnum milli Vatnsstígs og Frakkastígs, ofan og neðan Hverfisgötu, áður en þeir keyptu félögin Vatn og land ehf. og Rauðsvík ehf. Hið rétta er að þessar eignir fylgdu kaupunum á félögunum.

Höfuðborgarsvæðið:

# Í yfirheyrslum vegna fíkniefna

**LÖGREGLUMÁL Reykvískur karlmaður sætir nú yfirheyrslum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eftir að fíkniefni fundust heima hjá honum.**

**Það var um hálfjöfur í fyrrinótt sem lögregla hafði afskipti af manninum þar sem hann var utan dyra í Þingholtunum. Hann var vistaður í fangageymslum í framhaldi af því. Við húsleit, að fengnum úrskurði, fannst á heimili mannsins eitthvað af fíkniefnum og meint þýfi. Lögreglan rannsakar málið en umræddur maður hefur komið við sögu áður vegna afbrota.** - jss



**MORGUNBLAÐSHÚSIÐ** Háskólinn í Reykjavík hefur nú aðstöðu í húsinu og þar voru mennirnir að vinna. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Heitavatnsleki:

# Brenndust í heitavatnsleka

**SLYS** Tveir menn brenndust á höndum í heitavatnsleka í gamla Morgunblaðshúsinu í gærmorgun. Mennirnir voru að vinna í húsinu þegar óhappið varð.

Slökkviliðið var kallað á vettvang um klukkan hálf ellefu en þá flæddi vatn um 40 fermetra svæði á fyrstu hæðinni.

Að sögn læknis á slysadeild fékk annar mannanna að fara heim að lokinni skoðun. Hinn hlaut annars stigs bruna á báðum höndum og var lagður inn. Ástand hans var ekki alvarlegt og hann mun að líkindum ná sér að fullu. - þo






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ENGAR VINDÖRVAR**

**Það er ekki á hverjum degi sem engar vindörvar eru settar á kortið. Það hefur þó gerst alloft í sumar og dagurinn í dag er einn af þessum hægviðrasömu. Það verður yfirleitt sæmilega bjart á landinu í dag en síðdegis og í kvöld þykknar smám saman upp og er hætt við einhverri vætu sunnan til seint í nótt og sunnan og vestan til á morgun.**

**REYKJAVÍK Í DAG**

**Hæg breytileg átt og bjart veður í fyrstu en þykknar svo upp síðdegis og í kvöld. Dálítil rigning í nótt. Milt.**

um hádegi »







um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20°C skúrir | London | 20°C skúrir | Friedrichshafen | 23°C léttskýjað |
| Billund | 18°C skúrir | París | 22°C léttskýjað | Basel | 24°C léttskýjað |
| Osló | 20°C hálfskýjað | Amsterdam | 20°C léttskýjað | Alicante | 29°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 20°C léttskýjað | Frankfurt | 22°C léttskýjað | Algarve | 29°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 19°C skúrir | Berlín | 20°C skúrir | Las Palmas | 26°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# ÞÉR ER BOÐIÐ Í AFMÆLI!

KRINGLAN ER ORÐIN 20 ÁRA OG AF ÞVÍ TILEFNI VERÐUR AFMÆLISGLEÐI ALLA HELGINA

**OPIÐ 10–18**

AFMÆLISTILBOÐ • GOTT Í GOGGINN • BLÖÐRUR • TRÚÐAR OG ÆVINTÝRAPERSÓNUR
LEIKTÆKI • DANS • LIFANDI TÓNLIST • SKOPPA OG SKRÍTLA • FJÖLLISTAFÓLK • ANDLITSMÁLUN

Kringlan

**KJÖRKASSINN**



*Ber Sturla Böðvarsson ábyrgðina í Grímseyjarferjumálinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 84,5 % |
| Nei | 15,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu fylgjandi bílastæðagjöldum við skóla í Reykjavíkurborg?*

Segðu skoðun þína á visir.is **vísir**

Tík réðst á aðra við Rauðavatn og drap hana:

# Dráp á hundi kært til lögreglu

**DÝRAHALD** Eigendur chihuahuatíkur sem drepin var, af bullmastiff-tík, við Rauðavatn fyrr í vikunni ætla að kæra drápið á henni til lögreglu.

„Við vorum á göngu með Seru Sól við Rauðavatn," segir Halldóra Lind Guðlaugsdóttir, en systir hennar Guðrún átti tíkina. „Þarna voru fjórir írskir setter-hundar, en bullmastiff-tíkin var á bak við þá, þannig að við sáum hana ekki strax. Allt í einu var hún komin, stökk á Seru Sól og kramdi hana til bana með kjaftinum. Þegar loksins tókst að losa okkar tík frá hinni datt hún niður dauð. Hún var með brotin bein og henni fossblæddi.



**BULLMASTIFF-TÍKIN** Vinnuhundur með mikið skap.



**CHIHUAHUA-TÍKIN** Hafði staðið sig vel á sýningum

Við fórum samt með hana til dýralæknis því við vildum ekki trúa því að tíkin okkar væri dáin."

Halldóra Lind segir að Sera Sól hafi staðið sig vel á hundasýningum og því sé þetta mikill missir fyrir stofninn. Það sé þó ekkert miðað við þann missi sem fjölskyldan hafi orðið fyrir. Systir hennar hafi fengið Seru Sól í fermingargjöf fyrir þremur árum og þær hefðu verið búnar að sofa á sama kodda í þann tíma þegar svona fór.

„Ég harma það mjög og er miður mín yfir að þetta skyldi hafa átt sér stað," segir Björn Ólafur Árnason eigandi bullmastiff-tíkurinnar. „Vissulega er hugur minn hjá eigendum chihuahua-tíkarinnar. Ég mun draga minn lærdóm af þessu hryllilega atviki. Svona nokkuð hefur aldrei hent áður, hvað varðar mína tík, og ég mun sjá til þess að slíkt komi ekki fyrir aftur. **- jss**

Eftir 21 ár í fangelsi:

# Meðlim Baader-Meinhof sleppt

**ÞÝSKALAND, AP Þýskur dómstóll ákvað í gær að gefa fyrrverandi meðlim hryðjuverkasamtakanna Rauðu herdeildarinnar, einnig þekkt sem Baader-Meinhof, skilorðslausn úr fangelsi.**

**Eva Haule, sem er 53 ára, hefur afplánað 21 ár af lífstíðardómi sem hún hlaut fyrir morð á tvítugum bandarískum hermanni og sprengingu í bandarískri herstöð árið 1984. Tveir Bandaríkjamenn létust í sprengingunni og 23 særðust.**

**Dómstóllinn sagði úrskurðinn meðal annars byggja á samvinnu hennar við að leysa upp samtökin árið 1998. - sdg**




# Unglingur afplánar dóm á Kvíabryggju

**Fimmtán ára síbrotadrengur mun afplána fangelsisdóm á Kvíabryggju innan um fullorðna fanga. Það brýtur í bága við mannréttindasamninga SÞ en Íslendingar hafa sett fyrirvara við þá vegna þess að hér er ekkert unglingafangelsi.**

**DÓMSMÁL** „Ísland er með fyrirvara við þessi ákvæði. Og að því leytinu til erum við ekki að brjóta gegn neinu sem við höfum skuldbundið okkur til," segir Björg Thorarensen, lagaprófessor við Háskóla Íslands.

Fimmtán ára síbrotapiltur, sem í fyrradag var dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir ýmis afbrot, þar á meðal lífshættulega líkamsárás á leigubílstjóra, situr nú í gæsluvarðhaldi í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Hann mun afplána dóminn á Kvíabryggju.

Í tveimur helstu helstu mannréttindasamningum Sameinuðu þjóðanna kemur fram að ófullveðja afbrotamenn megi ekki afplána refsivist með fullorðnum. Hér á landi eru þeir ófullveðja sem ekki hafa náð átján ára aldri. Björg segir Íslendinga hafa sett fyrirvara við báða þessa samninga hvað þetta málefni varðar. „Sameinuðu þjóðirnar geta ekki gert annað en að hvetja okkur til að aflétta fyrirvaranum og það hafa þær gert."

Björg segir rök íslenska ríkisins fyrir fyrirvaranum vera þau að hér á landi séu engin sérstök unglingafangelsi eins og í nágrannalöndunum. Hún bendir á að litið sé á hvert og eitt tilvik og það segi í lögum um refsifullnustu að tekið skuli tillit til aldurs við afplánun.

Auk árásinnar á leigubílstjórann var pilturinn dæmdur fyrir fíkniefnalagabrot, þjófnaði, innbrot og umferðarlagabrot. Pilturinn hlaut tuttugu mánaða óskilorðsbundinn fangelsisdóm í síðasta mánuði fyrir ýmis afbrot, og var það þyngsti dómur sem svo ungur maður hefur hlotið hérlendis.




**RÉÐIST Á LEIGUBÍLSTJÓRA** Árás drengsins á leigubílstjóra í apríl síðastliðnum var lífshættuleg FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

Árásin á leigubílstjórann átti sér stað aðfaranótt föstudagsins 27. apríl sl. þegar pilturinn tók sér far með leigubíl, í félagi við annan pilt. Báðir voru þeir peningalausir. Þegar bíllinn hafði numið staðar í Stakkholti í Reykjavík sló sá fimmtán ára leigubílstjórann tvisvar í höfuðið með klaufhamri.

Maðurinn höfuðkúpubrotnaði og hlaut fleiri áverka. Haft er eftir lækni að ekki þurfi að koma á óvart að maðurinn finni til minnisskerðingar eftir atlöguna. Þá kemur fram að maðurinn treysti sér ekki lengur til að aka með farþega.

Pilturinn neitaði að hafa ætlað að ræna leigubílstjórann. Hann neitaði jafnframt að hafa krafið hann um peninga. Dómurinn taldi hins vegar sannað með skýrslum vitna að pilturinn hefði verið í ránshugleiðingum dagana fyrir atburðinn. Í dómsniðurstöðu kom fram að árás piltsins hefði verið stórhættuleg og „hefði hæglega getað leitt til bana".

Pilturinn hafði áður hlotið þrjá refsidóma. Hann hlaut 20 mánaða óskilorðsbundið fangelsi í júlí fyrir fjölda afbrota, meðal annars þrjú vopnuð rán og fyrir að hafa reynt að stela hraðbanka. Þá hefur hann hlotið tvo skilorðsbundna dóma á árinu. Refsing hans nú kom til hegningarauka. Hann hafði setið í gæsluvarðhaldi í 111 daga þegar dómurinn var kveðinn upp, og dragast þeir frá refsingunni.

**jss@frettabladid.is**
**stigur@frettabladid.is**
**larab@frettabladid.is**

Vísa hefur þurft fólki frá sem leitaði eftir kennarastöðu í Ísaksskóla:

# Allar stöður eru mannaðar

**MENNTAMÁL** Kennaralið Ísaksskóla er fullmannað segir Edda Huld Sigurðardóttir skólastjóri hans. „Hér eru allar stöður mannaðar; bæði stöður kennara, skólaliða og annarra. Það er enginn hörgull á starfsfólki sem vill vinna hjá okkur," segir Edda Huld og bætir því við aðspurð að yfirvöld skólans hafi þurft að vísa fólki frá sem leitað hefur eftir vinnu.

Skólastjórinn segir að það sé mikið áhyggjuefni að það vanti starfsfólk í grunnskólana í landinu. „Auðvitað setur þetta foreldra í klemmu því þeir vita ekki hvað bíður barnanna þeirra. Sem betur fer er þetta ástand sem við þekkjum ekki hérna í Ísaksskóla," segir Edda Huld.

Ein veigamikil breyting hefur verið gerð á starfsemi Ísaksskóla frá því á síðasta ári að sögn Eddu Huldar. „Við ætlum í fyrsta skipti að kenna nemendum í fjórða bekk: níu ára börnum. Þau geta þá lokið yngsta skólastiginu hér hjá okkur. En hingað til höfum við eingöngu kennt börnum frá fimm til átta ára aldurs." Edda Huld segir að foreldrar barna í skólanum hafi beðið um að þessi breyting yrði gerð í mörg ár. „Nú geta börnin lokið samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði í níu ára bekk hér í skólanum og farið svo í aðra skóla." **- ifv**



**EDDA HULD SIGURÐARDÓTTIR** Skólastjóri Ísaksskóla segir að kennaralið skólans sé fullmannað og að einungis nokkur pláss séu eftir fyrir nemendur í yngsta bekk skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 38618 08/07

## Eyjastemning á ljósmyndasýningu Sigurgeirs Jónassonar hjá Toyota Kópavogi

Eins og Toyota eru Vestmannaeyjar engu líkar og nú flytjum við sýnishorn af Eyja-stemningu uppá fastalandið; á bílasýningu Toyota í Kópavogi. Allir nýjustu bílarnir verða á svæðinu og sýningargestum standa til boða spennandi sértilboð, glæsileg sýning á ljósmyndum Sigurgeirs Jónassonar og veitingar að hætti Eyjamanna.

- Spennandi sértilboð í tilefni dagsins
- Veitingar í boði, að hætti Eyjamanna, t.d. reyktur lundi

### Sigurgeir Jónasson

Sigurgeir hefur verið búsettur í Eyjum alla sína ævi og lengst af tvinnað saman atvinnu sína og áhugamál í ljósmyndun. Ljósmyndir hans tengdar fiskveiðum og fiskvinnslu í Eyjum spanna hálfa öld og eru ómetanleg heimild um liðna tíma og áhugaverðar svipmyndir af samtíðarmönnum.

**Opið í dag** frá kl. 12-16.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

VEISTU SVARIÐ?



**1.** *Á hvaða kaffihúsi í Reykjavík hafa verið sett upp blá ljós til að sprautufíklar geti ekki sprautað sig?*

**2.** *Hvað heitir ný plata Megasar, sem er ein hans söluhæsta frá upphafi?*

**3.** *Hvað hefur Helgi Sigurðsson, markahæsti leikmaður Landsbankadeildarinnar, skorað mörg mörk?*

SVÖR Á SÍÐU 70

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bílvelta við Ufsarveitu

Malarflutningabíll valt skammt frá Ufsarveitu á vinnusvæði Kárahnjúkavirkjunar í gærmorgun. Ökumaðurinn var fluttur á sjúkrahúsið á Egilsstöðum en meiðsli hans voru lítil.

### Kona féll af hestbaki

Þyrla Landhelgisgæslunnar sótti konu sem hafði fallið af hestbaki á Kjalvegi í gærkvöldi. Talið er að konan hafi hlotið bakmeiðsl er hún féll af baki.

# Harðorð kvörtun læknis vegna ofsaskrifa lögmanns

**Læknir hefur sent úrskurðarnefnd Lögmannafélags Íslands harðorða kvörtun vegna bréflegra ummæla lögmanns í sinn garð. Hann telur að sér vegið með dónalegum hætti.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Sérfræðingur í bæklunar- og handaskurðlækningum hefur sent harðorða kvörtun til úrskurðarnefndar lögmanna vegna bréflegra ummæla hæstaréttarlögmanns. Læknirinn segir þau vega mjög harkalega að starfsheiðri sínum... „á svo ósæmilegan, dónalegan og klámfenginn hátt, að það gengur út yfir öll mörk almennrar siðsemi og þau mörk sem lögmannalög og siðareglur lögmanna setja,“ eins og komist er að orði í kvörtunarbréfi hans.

Tilefni umræddra bréfa eru örorkumatsstörf læknisins, Magnúsar Páls Albertssonar fyrir tryggingafélag, eftir að ökumaður hafði lent í slysi og krafist bóta af félaginu. Steingrímur Þormóðsson hrl., lögmaður ökumannsins, er ósáttur við vinnubrögð læknisins í málinu og yfir bréflegum ummælum hans kvartar læknirinn.

Í kvörtunarbréfi læknisins segir meðal annars: „Ofstopi sá sem einkennir skrif lögmannsins er hins vegar slíkur að útilokað er annað en að kvarta til nefndarinnar. Hann vegur illilega að persónu minni, heiðarleika og starfsheiðri, eins og augljóst er við lestur meðfylgjandi bréfa. Þá er lögmaðurinn með afar ósæmilegar samlíkingar er hann líkir vinnubrögðum mínum við „Breiðavíkurmál hin síðari“ og er hann kallar mig „skökul vátryggingafélaganna“ sem með vinnu minni vinni tjónþolum óbætanlegt tjón. Þá eru einnig á víð og dreif í bréfunum fullyrðingar og dylgjur um vankunnáttu mína.“



**LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS** Fyrir úrskurðarnefnd Lögmannafélags Íslands liggur nú harðorð kvörtun frá lækni sem telur lögmann hafa vegið að sér á dónalegan og klámfenginn hátt.

Læknirinn krefst þess að úrskurðarnefnd Lögmannafélags Íslands láti í té rökstutt álit á því hvort sú háttsemi sem lýst er í kvörtunarbréfinu sé í samræmi við góða lögmannsháttu eða ekki og hvort hún brjóti ekki gegn siðareglum lögmanna.

Í bréfi lögmannsins til úrskurðarnefndarinnar segir meðal annars að með því að vísa til Breiðavíkur sé verið að vísa til þess að farið sé illa með tjónþolana „með þessum tveggja lækna mötum með óafsakanlegum hætti“.

„Þar er alls ekki átt við neitt kynferðislegt, eins og Magnús Páll á við með orðunum „dónalegan og klámfenginn hátt...gengur út yfir öll mörk almennrar siðsemi...“ í upphafi bréfs síns. Varðandi orðið skökull, þá er heldur ekki átt við kynfæri karlmanna,“ skrifar lögmaðurinn áfram, „og því ekki verið að líkja þeim læknum sem staðið hafa að tveggja lækna mötum við einhverja kynferðislega nauðgara á vegum tryggingafélaganna.“

Lögmaðurinn segir orðið „skökul“ notað yfir verkfæri eða vopn og vísar til þess þegar hann var ungur í sveit. Þá hafi gálgar á hestaheyvinnuvélum verið kallaðir sköklar og sagt sem svo: „Bittu taugina við skökulinn strákur.“ Þá hafi skökullinn verið bundinn við hestinn og aktygi hans. Lögmaðurinn mælist til við úrskurðarnefndina að hann hljóti ekki ámæli fyrir að skrifa á íslensku. **jss@frettabladid.is**








**TÁKNRÆN ÚTFÖR** Íbúar bæjarins Sipson harma það að bærinn fari undir tengibrautina. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Umhverfissinnar í London:

## Límdu sig við byggingu

**LONDON, AP Sex umhverfisverndarsinnar límdu hendur sínar fastar við dyr á byggingu sem hýsir samgöngudeild miðborgar London í Bretlandi í gær. Nokkrir hlekkjuðu sig við dyrnar og einhverjir klifruðu upp á þak að sögn lögreglu. Tíu voru handteknir.**

**Fólkið tilheyrir hópi hundruða aðgerðasinna sem mótmæla áhrifum flugumferðar á loftslag í heiminum við Heathrow-flugvöll skammt frá London.**

**Aðgerðarsinnarnir hafa haldið til í vikulöngum „loftslagsbúðum“ til að mótmæla gerð nýrrar flugbrautar og vekja athygli á rannsóknum sem benda til að flugumferð skaði umhverfið. Talið er að mótmælin nái hámarki á sunnudag þegar ótilgreindar „beinar aðgerðir“ hafa verið boðaðar. - sdg**

Mesta hækkun í 18 mánuði:

## Kaupendur fóru á stjá í Kauphöll

**VIÐSKIPTI** Töluverð hækkun varð á hlutabréfum í Kauphöll í gær og nam hækkun Úrvalsvísitölunnar 2,94 prósentum sem er mesta hækkun hennar síðan 23. febrúar í fyrra. Þetta gerðist eftir að bandaríski seðlabankinn lækkaði skyndilega daglánavexti um hálft prósentustig til að auðvelda lánastofnunum aðgang að lánsfé.

„Það er alveg ljóst að margir voru búnir að finna kauptækifæri en voru að bíða eftir réttu tímasetningunni til að koma inn af krafti á markaðinn. Einhverjir töldu greinilega að þarna væri rétti tímapunkturinn til að koma inn,“ segir Haraldur Yngvi Pétursson, hjá Kaupþingi.

Úrvalsvísitalan stendur í 7.795 stigum og gengisvísitalan í 125,1 stigi. Krónan styrktist um 0,79 prósent í gær. - eþa



## TÍMARITIÐ
### ER KOMIÐ ÚT

- Hausttískan
- Skólatöskur
- Graffití
- Stjörnuspá
- Snyrtivörur
- Margt fleira

**Þitt eintak bíður þín í Smáralind!**

**9. - 27. ágúst**

# SKÓLADAGAR
## Í SMÁRALIND

**Fjör í Smáralind í dag**

- Bein útsending frá Smáralind á FM957 **kl. 13.00-16.00**.
- Hljómsveitin Dalton í göngugötunni **kl. 15.00**.
- 4 flottustu graffarar þjóðarinnar skapa stærsta innanhúss graff-listaverk landsins í Vetrargarðinum. Fylgist með **kl. 13-16**.
- Óvæntur glaðningur.

**Góða skemmtun!**




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM29214

GÓÐA NÓTT

– opið til kl. 22.00 öll kvöld

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

MIKILVÆG AUGLÝSING UM AFTURKÖLLUN VEGNA ÖRYGGIS

Afturköllun að frumkvæði Mattel

www.neytendastofa.is
www.safety.mattel-online.com

Mattel, Inc. afturkallar að eigin frumkvæði eina vöru úr „CARS“ vörulínunni með vöruheitinu „Sarge“ sem framleidd var á tímabilinu frá mars 2007 til júlí 2007. Afturköllun leikfanganna er niðurstaða aukinna rannsókna og stöðugra prófana á vegum Mattel.

**4 bílar hafa verið fluttir til Íslands.**

Mattel afturkallar að eigin frumkvæði segulleikföng sem framleidd voru á tímabilinu frá 2002 til 31. janúar 2007, þeirra á meðal tilteknar dúkkur, fígúrur, leikfangasett og fylgihlutir með litlum öflugum seglum sem gætu losnað af. Afturköllunin er til viðbótar afturköllun Mattel að eigin frumkvæði í nóvember 2006 á átta leikföngum og byggir á víðamiklu innra eftirliti með vörumerkjum frá Mattel. Allar vörur sem um ræðir voru framleiddar fyrir lok janúar 2007. Viðbótarafturköllunin er ekki vegna tilkynninga um meiðsli heldur vegna fjölgunar tilkynninga um lausa segla og vegna nýrra og strangari reglna Mattel um heldni segla.

**Á Íslandi nær afturköllunin til 4 vara í línunni Doggie Day Care, af þeim voru 488 stykki flutt inn, og 19 vörur í línunni Polly Pocket en 1.006 stykki af þeim voru flutt inn. Vörurnar voru seldar í leikfangaverslunum Hagkaupa og í Leikbæ.**

Við ráðleggjum neytendum að taka þessar vörur af börnum tafarlaust og skila þeim í leikfangaverslanirnar. Leikfangaverslanirnar geta aðeins tekið við vörum sem seldar voru hjá þeim. Aðrar vörur þarf að senda til Mattel í Danmörku. Mattel mun senda neytendum nýja vöru að jafnvirði eða meira.
Upplýsingar um vörurnar má nálgast á vef Mattel **www.safety.mattel-online.com** eða á **www.neytendastofa.is** Hægt er að hafa samband við Mattel í Danmörku í síma **+45 43 20 75 75** (á dönsku/ensku)

MATTEL

Síðan skín sól

Verðdæmi:

Sólarlottó til Lanzarote
19. og 26. ágúst

Verð frá:
39.900* kr.

Þú velur áfangastað og brottfarardag og tekur þátt í lottói um hvaða gistingu þú færð!

* Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Netverð miðast við að 2 ferðist saman.

Bókaðu strax á www.plusferdir.is

plús FERÐIR

VISA MasterCard

PLÚSFERÐIR – Lágmúla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

www.plusferdir.is

Hundur komst í hænsnahóp í Vestmannaeyjum og drap fimm hænur:

# Sárast að missa uppáhaldshænuna

**DÝR** Þeim Gíslínu Magnúsdóttur og Gísla Óskarssyni, frístundabændum í Vestmannaeyjum, var illa brugðið þegar þau fóru að athuga með búfénað sinn á fimmtudagskvöld. Hundur hafði komist í hænurnar þeirra og drepið fimm.

„Þetta var ekki skemmtileg aðkoma og sorglegt að sjá þær liggja þarna eins og hráviði út um allt,“ segir Gíslína. Fyrst rákust þau hjónin á tvær dauðar hænur í hlöðunni. Sú þriðja lá í valnum í fjárhúsinu og tvær voru utandyra.

„Það var fiður út um allt og þegar við skoðuðum hænurnar sáum við að þær höfðu verið bitnar svo það er líklegast að þarna hafi verið hundur á ferðinni,“ segir Gíslína sem saknar mest hænunnar Bellu sem var hænd að mannfólkinu. Auk hænsnanna fimm sem drápust eru þrír ungar horfnir.

Hænurnar þeirra Gíslínu og Gísla fá að ganga frjálsar um utandyra en hafa kofa til að kúra í á nóttunni. Gíslína segir að svona nokkuð hafi aldrei komið fyrir áður. „Það er mikið um hunda hér í Eyjum en flestir hafa þá í bandi,“ segir hún. - þo



**ILLA LEIKIN** Hænurnar höfðu verið bitnar og lágu á víða og dreif. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

# Pantaði fjölda flugferða á stolin kortanúmer

**Breskur karlmaður var í gær dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir að stela kortanúmerum viðskiptavina sinna á bar í London til þess að bóka flugferðir til Íslands. Maðurinn var í gæsluvarðhaldi í viku áður en hann var dæmdur.**

**LÖGREGLUMÁL** Breskur karlmaður, sem fæddur er í Eistlandi, var í gær dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir að stela kortanúmerum og bóka flugferðir á þeim.

Maðurinn, sem er 26 ára gamall, játaði brot sín við yfirheyrslu. Hann stal kortanúmerunum á bar þar sem hann starfaði sem þjónn og nýtti sér þau til þess að kaupa ýmsa þjónustu, þar á meðal flugferðir, einkum frá London til Íslands og þaðan áfram til borga á Norðurlöndum, meðal annars Stokkhólms. Hann bókaði alls níu flug hingað til lands frá því í apríl á þessu ári með því að nota stolin kortanúmer.

Upp komst um manninn þegar fólk, sem hafði greitt með korti á barnum í London, tók eftir því að flugför hefðu verið bókuð með þeirra kortanúmeri sem þau könnuðust ekki við.

Upphæð þeirra brota sem snúa að ólöglegu athæfi mannsins hér á landi nemur um 800 þúsund krónum en heildarumfang brota mannsins er þó nokkuð meira.

Að sögn Eyjólfs Kristjánssonar, hjá lögreglunni á Suðurnesjum, eru brot af þessu tagi litin alvarlegum augum og rannsóknir á þeim oft tímafrekar.

Lögreglan á Suðurnesjum hefur varist frétta af málinu, vegna rannsóknarhagsmuna, frá því maðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald fyrir um viku.




Ákæra yfir manninum var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær og var hann dæmdur strax í kjölfarið, þar sem málið var að fullu upplýst.

Alþjóðadeild ríkislögreglustjóra vann að rannsókn málsins ásamt lögreglunni á Suðurnesjum. Upplýsinga var aflað í samvinnu við lögreglu á Englandi en maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglu þar í landi fyrir fjármálamisferli.

Maðurinn var dæmdur til þess að greiða rúmlega 1,3 milljónir króna í skaðabætur og 500 þúsund í kostnað vegna fjársvikanna.

magnush@frettabladid.is

Ráðherra frá tíma aðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku játar á sig sök:

# Eitraði fyrir kirkjuleiðtoga

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Fyrrverandi dómsmálaráðherra frá tíma aðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku játaði sig í gær sekan um morðtilraun á þekktum kirkjuleiðtoga árið 1989 með því að koma eitri fyrir í fötum hans. Þáverandi lögreglustjóri og þrír lögreglumenn játuðu einnig sekt.

Adrian Vlok, sem er sjötugur, var dómsmálaráðherra frá 1986 til 1989. Hann er í dag mjög trúaður og í fyrra þvoði hann fætur kirkjuleiðtogans, Frank Chikane, í friðþægingarskyni.

Nærbuxum sem voru gegnsósa af öflugu taugaeitri var komið fyrir í ferðatösku Chikane sem lést næstum því vegna eitrunarinnar. Chikane, sem er í dag einn helsti ráðgjafi forseta Suður-Afríku, Thabo Mbeki, segist hafa fyrirgefið Vlok.

Vlok var dæmdur til tíu ára skilorðsbundins fangelsis. Þrír samverkamenn hans fengu einnig skilorðsbundna dóma.

Margir binda vonir við að málið verði til þess að þeir sem stóðu á bak við glæpi stjórnvalda gagnvart borgurum á tíma aðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku verði látnir sæta ábyrgð. Háværar kröfur eru uppi um að sama skuli eiga við um frelsisbaráttumenn Afríska þjóðarráðsins (ANC) sem börðust gegn stjórnvöldum.



**TVEIR HOLDGERVINGAR AÐSKILNAÐARSTEFNUNNAR** Adrian Vlok, fyrrverandi dómsmálaráðherra, og Johan van der Merwe, fyrrverandi lögreglustjóri, á sakamannabekknum í Pretoríu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fólk sem sætti pyntingum og fjölskyldur þeirra sem hurfu eða voru myrtir af öryggissveitum stjórnvalda mótmæltu fyrir utan réttarsalinn í gær. Einnig mótmæltu ættingjar fólks sem lést af völdum sprengja sem frelsisbaráttumenn ANC komu fyrir. - sdg


ÞÚ ERT
LEIKSTJÓRINN
Í ÞÍNU LÍFI
KH-R
ENNEMM / SÍA / NM26349
HVAÐ VILTU VERÐA? HVAÐ VILTU LÆRA? HVERT VILTU FARA?
ÞÚ ERT LEIKSTJÓRINN Í ÞÍNU LÍFI, OG ÞAÐ ER SAMA HVAÐA HLUTVERK ÞÚ VELUR, KAUPÞING STENDUR MEÐ ÞÉR.
KAUPÞING BÝÐUR ÞJÓNUSTU SEM ER SNIÐIN AÐ ÞÖRFUM UNGS FÓLKS.
KANNAÐU MÁLIÐ Á WWW.KAUPÞING.IS/UNGTFOLK EÐA HRINGDU Í SÍMA 444 7000.
HVERT ER ÞITT HLUTVERK?
KAUPÞING
Hugsum lengra



**BREYTTIR TÍMAR Í KABÚL** Afganskir verkamenn við vinnu í Kabúl, höfuðborg Afganistans á fimmtudag. Í sumum hlutum borgarinnar nálgast fasteignaverðið nú fasteignaverð í New York. Margir Afganar hafa snúið aftur til heimalands síns undanfarið. Á byggingasvæðinu sem þessir menn vinna munu rísa sextán hús. NORDICPHOTOS/GETTY

Einn bráðalæknir þjónar öllu landinu, meðan tveir eru í námi:

# Vantar tæplega þrjátíu lækna

**HEILBRIGÐISMÁL** Íslenskir læknar, sérhæfðir í bráðaþjónustu, ættu að vera þrjátíu, samkvæmt bandarískum stöðlum sem Landspítalinn miðar við.

Á landinu er hins vegar að störfum einn sérhæfður bráðalæknir, að sögn Más Kristjánssonar, sviðsstjóra á Landspítalanum. Tveir bráðalæknar eru erlendis í námi.

Bráðalæknisþjónusta er afar mikilvæg Íslendingum, því hér eru byggðir landsins dreifðar og veður viðsjál, að mati spítalans. Hún er hins vegar sú grein læknisvísinda sem hlutfallslega fæstir sérfræðingar starfa við á Íslandi.

Þetta kemur fram í fylgiskjali með bréfi Magnúsar Péturssonar, forstjóra Landspítalans, sem hann sendi utanríkisráðuneyti í maí þar sem reifaðar voru hugmyndir um nýja miðstöð bráðaþjónustu á Norður-Atlantshafinu.

Bráðalæknar þjóna til dæmis Landhelgisgæslunni.



**LÆKNIR ÆFIR MEÐ GÆSLU** Hér sést Hlynur Þorsteinsson læknir um borð í TF-LÍF ásamt Jóni Erlendssyni og fleirum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hún starfrækir tvo neyðarhópa til að manna tvær björgunarþyrlur. Landhelgisgæslan kaupir eitt stöðugildi bráðalæknis af Landspítalanum og er staðan nýtt á báðar vaktirnar. - kóþ

Skógræktarfélag Íslands:

# Tré ársins krýnt í dag

**EGILSSTAÐIR Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands er haldinn á Egilsstöðum um helgina. Meðal hápunkta fundarins er krýning á tré ársins, sem fer fram í dag.**

**„Það er mikil og góð stemning hér í vöggu skógræktar á Íslandi," segir Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélagsins.**

**„Það voru 200 manns mættir til að hlusta á ávörp og kynningu skýrslna á föstudagsmorgun."**

**Aðalfundurinn heldur áfram í dag og lýkur á morgun með kosningu í stjórnir.** - þeb



**AÐSTANDENDUR SYRGJA** Þrír björgunarmenn létust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hrunda náman í Utah:

# Þrír létust

**BANDARÍKIN, AP** Þrír björgunarmenn létust og sex slösuðust þegar göng hrundu yfir þá þegar þeir voru að reyna að ná til sex námumanna sem hafa setið fastir í námu sem hrundi fyrir ellefu dögum í Utah í Bandaríkjunum.

Þrýstingur í göngunum sem olli því að kol skutust út úr gangaveggjum af miklu afli varð til þess að göngin hrundu að sögn yfirvalda. Talin er að hrun námunnar fyrir ellefu dögum eigi sér sömu orsakir. Ekki er vitað hvort námumennirnir sex sem lokuðust þá inni séu enn á lífi því ekki hefur tekist að ná sambandi við þá. - sdg

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Stútar á ferð í miðri viku

Fimm voru teknir fyrir ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt en það er óvenju mikill fjöldi í miðri viku. Þá var einn stöðvaður fyrir of hraðan akstur. Sá ók á 139 kílómetra hraða á Reykjanesbraut þar sem hámarkshraði er 90.

### Á tvöföldum hámarkshraða

Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði ökumann á Reykjanesbraut í gær. Sá ók á 113 kílómetra hraða þar sem hámarkshraði er 50 kílómetrar á klukkustund vegna vegavinnu. Að sögn lögreglu er nokkuð um að ökumenn virði ekki lækkaðan hámarkshraða á þessum slóðum.

### Veltandi vinnuvélar

Vörubíll valt við Eyrarbakkaveg, skammt frá Litla-Hrauni, um miðjan dag í gær. Ökumaður var fluttur á sjúkrahús með minniháttar meiðsli. Þá valt einnig vörubíll á hringtorgi í Sandgerði og grafa fór á hliðina við Búrfellsveg.

# Varð fyrir árás nýnasista í skrúðgöngu

**Ólöf Halldóra Þórarinsdóttir gekk í skrúðgöngu í Serbíu sem varð fyrir árás hóps nýnasista. Árásarmennirnir hrópuðu kynþáttaóhróður, gengu í skrokk á viðstöddum og hrintu fólki af stultum. Ólöf slapp, en einn var lagður inn á spítala.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég náttúrulega bara fraus, ég vissi ekki hvað var að gerast," segir Ólöf Halldóra Þórarinsdóttir. Ólöf var fulltrúi Íslands í skrúðgöngu í bænum Novi Sad í Serbíu í síðasta mánuði. Hópur nýnasista réðist á gesti skrúðgöngunnar, hrópaði niðrandi orð um aðra kynþætti og gekk í skrokk á viðstöddum.

„Við vorum fimmtíu manns í skrúðgöngunni, frá næstum öllum löndum Evrópu að kynna herferðina „All Different All Equal"," segir Ólöf. „Við vorum að ganga í gegnum garð og þá komu þeir, tíu nýnasistar, og réðust á okkur."

Ólöf segir að árásarmennirnir hafi birst án fyrirvara. „Þeir réðust sérstaklega á þá sem voru skrautlega klæddir og hrintu tveimur sem gengu á stultum svo að þeir slösuðust." Ungur ísraelskur karlmaður varð fyrir áverkum og missti minnið tímabundið. Hann var fluttur á sjúkrahús. Ólöf slapp við barsmíðar.

Ólöfu grunar að árásarmennirnir hafi haldið þetta vera Gay Pride göngu. „Einn vinur minn hrópaði „þetta er ekki Gay Pride!" í von um að þeir hættu," segir Ólöf.

„Eina manneskjan sem þorði að gera eitthvað var gömul kona sem hljóp eftir þeim með staf á lofti," segir Ólöf. „Margir fóru bara að gráta og Serbarnir sem voru að stýra þessu voru gríðarlega leiðir yfir þessu."

Fimm menn voru handteknir vegna árásarinnar og fengu þrír þeirra 40 daga fangelsisdóm hver. Ákærur gegn hinum tveimur voru felldar niður.

„All Different All Equal" verkefninu er stýrt af Evrópuráðinu. 46 lönd taka þátt og markmiðið er að hvetja fólk til að horfast í augu við fordóma, virða mannréttindi og taka virkan þátt í samfélaginu.

„Það má vel sjá þörfina fyrir þessu verkefni og þessi árás er dæmigerð fyrir hvað það eru margir í heiminum sem virða ekki jafnrétti og fjölbreytileika," segir Ólöf.

„Við vorum ákveðin að láta þetta ekki hafa áhrif á okkur og héldum aftur skrúðgöngu daginn eftir. Það gekk bara rosalega vel, fólk flykktist að."

Ólöf segir þó að hætt hafi verið við skrúðgöngu sem átti að fara fram nokkrum dögum seinna. „Við höfðum frétt það af heimasíðu sem nýnasistarnir eru með að þeir væru að safna í lið til að koma og ráðast á okkur aftur." steindor@frettabladid.is



**ALL DIFFERENT ALL EQUAL** Þátttakendum brá í brún þegar hópur nýnasista réðist á skrúðgönguna.



**ÓLÖF HALLDÓRA ÞÓRARINSDÓTTIR**

Fegrunarnefnd Reykjavíkurborgar veitir viðurkenningar í Höfða:

# Tveggja ára vinna skilaði árangri

**FÓLK** „Ég er að klára að mála núna en ég byrjaði að gera upp húsið í septemberlok 2005," segir Sigurður Sigurðsson, fyrrverandi eigandi Bergstaðastrætis 19.

Sigurður tók við viðurkenningu fegrunarnefndar Reykjavíkurborgar í móttöku í Höfða í gær fyrir endurgerð á húsinu.

Bergstaðastræti 19 var byggt árið 1896 og dæmt ónýtt árið 1992. Húsið er á tveimur hæðum og er hvor hæð sextíu og fimm fermetrar.

Sigurður hefur selt báðar hæðirnar og er nú að gera upp hús á Vesturgötu sem var byggt árið 1882. Húsið þykir góður vitnisburður um alþýðuhíbýli um aldamótin 1900.

Reykjavíkurborg hefur staðið að fegrunarviðurkenningum í ríflega hálfa öld. Viðurkenningar eru fyrir lóðir og vel uppgerð eldri hús. Skipulagsráð Reykjavíkurborgar veitir viðurkenningarnar eftir tilnefningar frá vinnuhópi. - lbb

**VIÐURKENNINGAR REYKJAVÍKURBORGAR**

**Lóðir fjölbýlishúsa**
- Vallengi 1-15

**Atvinnu- og stofnanalóðir**
- Ármúli 3
- Lyngháls 13
- Grensásvegur 24

**Endurbætur á eldri húsum**
- Bergstaðastræti 19
- Snorrabraut 77
- Verkamannabústaðirnir v/ Hringbraut



**BERGSTAÐASTRÆTI 19** Sigurður leggur lokahönd á verkið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




www.ellingsen.is



# 10–15% AFSLÁTTUR AF HAGLASKOTUM

# Hausttilboð

**Gæsaveiðitímabilið hefst nk. mánudag, 20 ágúst. Bjóðum Browning- og Winchester-haglabyssur á frábæru hausttilboði á meðan birgðir endast. Gæsaskotin verða einnig á hausttilboði; Winchester, Baschieri & Pellagri og RIO með 15% afslætti. Bjóðum Remington Nitro Magnum með 10% afslætti.**

**Browning Phoenix Top Cote**
26–28”



Verð áður 121.900 kr.
**Hausttilboð 97.520 kr.**

**Browning Phoenix Camo**
28” 3,5”



Verð áður 121.900 kr.
**Hausttilboð 97.520 kr.**

**Browning Phoenix Hunter**
26–28”



Verð áður 114.900 kr.
**Hausttilboð 91.920 kr.**

**Browning Gold Super Light**
28” 3,5”



Verð áður 138.216 kr.
**Hausttilboð 110.572 kr.**

**Browning Fusion 20Ga**
28” 3”



Verð áður 147.900 kr.
**Hausttilboð 103.530 kr.**



**Avery Powerhunter-felubirgi**

Verð áður 23.900 kr.
**Hausttilboð 19.120 kr.**

WINCHESTER

| Vara | Verð áður | Hausttilboð |
|---|---|---|
| Winchester/Super Speed Extra 40 gr/No 2 & 4/10 stk. í pk. | Verð áður 718 kr. | Hausttilboð 610 kr. |
| Winchester/Supream Double XX koparhúðuð högl 42 gr/No 4/25 stk. í pk. | Verð áður 2.890 kr. | Hausttilboð 2.456 kr. |
| Baschieri & Pellagri/Magnum 50 koparhúðuð högl/Gordon System 50 gr/No 3/10 stk. í pk. | Verð áður 900 kr. | Hausttilboð 765 kr. |
| Baschieri & Pellagri/Magnum 42 Gordon System 42 gr/No 2 & 3/10 stk. í pk. | Verð áður 700 kr. | Hausttilboð 595 kr. |
| RIO/Magnum 50 50 gr/No 2/25 stk. í pk. | Verð áður 2.070 kr. | Hausttilboð 1.759 kr. |
| RIO/Magnum 50 50 gr/No 4/25 stk. í pk. | Verð áður 2.070 kr. | Hausttilboð 1.759 kr. |
| Winchester/Super Speed Extra 3,5” 65 gr/No 2/10 stk. í pk. | Verð áður 1.030 kr. | Hausttilboð 875 kr. |

**Cass Creak gæsa- og andaæfingakalltæki**



Verð áður 3.590 kr.
**Hausttilboð 3.051 kr.**

**Ameristep-rúllubaggi**



Verð áður 17.900 kr.
**Hausttilboð 14.320 kr.**




Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Tryggvabraut 1–3, Akureyri • Sími 460 3630

Opið mánudaga–föstudaga 8–18, laugardaga 10–16

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS
18. ÁGÚST 2007

# HLAUPUM OG FÖGNUM Í DAG!

## LATABÆJARHLAUPIÐ

DAGSKRÁ VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS
**13.30–17.00 við Sæmundargötu**

Kl. 14.00 hlaupa börn fædd árin 1998 og 1999
Kl. 14.30 hlaupa börn fædd árið 2000
Kl. 15.00 hlaupa börn fædd árið 2001
– mega hafa einn fylgdarmann
Kl. 15.30 hlaupa börn fædd árið 2002 og síðar
– með fylgd; kerrur og vagnar aftast
Kl. 16.00 Latabæjarskemmtun
Kl. 17.00 Dagskrárlok

SKEMMTIDAGSKRÁ

- Skemmtidagskrá frá Latabæ
- Harasystur
- Nylon söngflokkurinn
- Georg sparibaukur
- Jump Fit sýning
- Danssýning frá dansdeild ÍR
- Natasha breikdanskennari ásamt danshópnum Pure Vibes

## HLAUPALEIÐ LATABÆJAR




**BÖRN HLAUPA FYRIR BÖRN!**

Þátttökugjald í Latabæjarhlaupinu rennur óskipt til UNICEF – Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

unicef



# REYKJAVÍKURMARAÞON GLITNIS 18. ÁGÚST

## DAGSKRÁ Í LÆKJARGÖTU
**08.00–15.00**

FORRÆSING FYRIR MARAÞON

**08.00** Áætlaður hlaupatími 5–7 klst.

AÐALRÆSING

**09.10** Maraþon og hálfmaraþon – ræsing

**10.00** 10 km – ræsing

**11.45** Upphitun fyrir skemmtiskokk – Unnur Pálmadóttir frá World Class og Georg, sparibaukur Glitnis, sjá um upphitunina

**12.00** Skemmtiskokk – 3 km

## SKEMMTIDAGSKRÁ
samhliða maraþoni

- Harasystur
- Georg sparibaukur
- Jump Fit sýning
- Danssýning frá dansdeild ÍR
- Nylon söngflokkurinn
- Luxor söngflokkurinn
- Karlakórinn Fóstbræður
- Natasha breikdanskennari ásamt danshópnum Pure Vibes

**15.00** Dagskrárlok



## STUÐNINGSMENN!

Mætið og hvetjið hlauparana á **hvatningarstöðvum** Glitnis.

**Hvatningarstöðvar**:
Eiðistorgi kl. 08.30–12.00
Kirkjusandi kl. 09.30–13.00
Nauthólsvík kl. 10.30–14.00

GLITNIR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 07-0581

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
7.795 **+2,94%**

**Fjöldi viðskipta:** 1403
**Velta:** 26.104 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **EXISTA** | +4,97% |
| **BAKKAVÖR** | +3,98% |
| **LANDSBANKINN** | +3,33% |

MESTA LÆKKUN

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 8,80 +1,15% ... Bakkavör 65,40 +3,98% ... Eimskipafélagið 38,95 +2,64% ... Exista 30,65 +4,97% ... FL Group 25,00 +3,31% ... Glitnir 26,80 +0,75% ... Icelandair 25,65 +2,40% ... Kaupþing 1.090 +3,22% ... Landsbankinn 38,75 +3,33% ... ... Straumur-Burðarás 19,40 +2,92% ... Össur 104,50 +1,46% ... Teymi 5,26 +1,94%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*



**Viðskipti á mannamáli**

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum er yfirtaka Kaupþings á NIBC í Hollandi stærsta fjárfesting í íslensku viðskiptalífi fyrr og síðar. Forsvarsmenn Kaupþings eru ekki bara sáttir við verðið, samsvörun þessara tveggja fyrirtækja- og fjárfestingarbanka er einnig augljós. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri bankans, einsetti sér að reyna að sletta ensku sem minnst á íslenskri kynningu bankans á kaupunum. Í undirbúningnum vafðist honum þegar tunga um tönn þegar hann hugðist þýða kjörorð yfirtökunnar „excellent strategic fit" yfir á okkar ylhýra. Niðurstaðan var einföld eftir miklar vangaveltur: „Passar ógeðslega vel saman."

**Kreppur koma og fara**

Forstjóra Kaupþings, Hreiðari Má Sigurðssyni, varð tíðrætt um krísur á fjármálamörkuðum og minntist þess ekki að hafa rekið banka í langan tíma án þess að hafa þurft að fara í gegnum einn skell. Hann rifjaði upp hrunið á hlutabréfamörkuðum í Rússlandi á síðustu öld, netbóluna í byrjun aldarinnar, Íslandskrísuna í fyrra og þegar Davíð Oddsson forsætisráðherra tók peningana sína út úr bankanum hér um árið. Hvað sem öllu líður þá mun Kaupþing halda sínu striki varðandi kaupin á NIBC, sagði forstjórinn kokhraustur.

## MARKAÐSPUNKTAR

Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 1,4 prósent milli júní og júlí. Það sem af er ári hefur íbúðaverð hækkað um 11,7 prósent. Verð á fjölbýliseignum hefur hækkað um 11,4 prósent og á sérbýliseignum um 12,5 prósent.

Hinn færeyski Føroya Banki ætlar að setja á laggirnar útibú í Danmörku á fyrsta fjórðungi næsta árs. Hlutabréf í bankanum eru skráð í kauphallirnar í Reykjavík og í Kaupmannahöfn.

Eimskip opnaði í gær sína fyrstu skrifstofu í Japan. Hún er í Tókíó og mun bjóða upp á alhliða flutningaþjónustu til fyrirtækja á Japansmarkaði. Þetta er fimmta skrifstofa Eimskips í Asíu en fyrir rekur félagið fjórar skrifstofur í Kína.

# Seldu eigin bréf undir lokagengi

Straumur fjárfestingabanki seldi eigin hlutabréf fyrir rúma 10,2 milljarða króna laust eftir klukkan tíu í gærmorgun, alls 550 milljón hluti á genginu 18,6. Lokagengi bréfa Straums í gær var 19,6 krónur á hlut og eignarhlutinn því seldur 550 milljónum krónum undir því verði. Sambærilegt verð á hlutabréfum Straums var síðast að finna í mars á þessu ári.

Í tilkynningu bankans um kaupin til Kauphallar kemur ekki fram hver sé kaupandi og ekki hefur komið fram tilkynning á móti til kauphallar um aukinn eignarhlut í bankanum. Hluturinn sem seldur var jafngildir 5,3 prósentum af heildarhlutafé bankans.

Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, forstöðumaður samskiptasviðs Straums, segir bréf bankans augljóslega hafa verið til sölu og ekkert óeðlilegt við viðskiptin. „Bréfin voru seld á markaðsverði," segir hún og bætir við að flöggunarskylda sé mjög skýr upp á hvenær kaupendur þurfi að gefa upp eignarhlut sinn. Straumur segir hins vegar að hún fari eftir reglum um upplýsingagjöf á markaði. Flöggunarskylda er hjá kaupendum við fimm prósenta eignarhlut og því væntanlega hægt að gefa sér að enginn einn fjárfestir hafi farið yfir þau mörk í viðskiptunum. **- óká**

# Eykur verðmæti hluthafa Kaupþings

### Innra virði bankans er ekki lægra frá skráningu.

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, telur að hin 270 milljarða króna yfirtaka bankans á NIBC í Hollandi muni auka verðmæti hlutafjár í Kaupþingi mikið. Það fæst með því að kaupa banka sem er á lægri verðkennitölum en Kaupþing. Hann bendir ennfremur á að innra virði Kaupþings um þessar mundir hafi ekki verið metið lægra síðan bankinn fór á markað haustið 2001.

„Við stjórnendur bankans getum ekki haft mikið álit á því hvernig markaðurinn metur bréfin okkar. En markmið okkar er samt að auka innra virði bankans á hverjum tíma. Það er það sem við gerum verulega á þessu ári, úr um 400 krónum á hlut í upphafi ársins í 600 krónur á hvern hlut í lok þessa árs," sagði hann á kynningarfundi með fjárfestum vegna kaupanna á NIBC.

En hvernig fer bankinn að því að auka verðmæti hluthafa? „Við gefum út hlutafé til JC Flowers [stærsta eiganda NIBC] í banka sem er metinn á rúmlega 2,3 sinnum eigið fé en kaupum banka sem metinn er á 1,5 sinnum eigið fé."



**HREIÐAR MÁR** Innra virði hlutafjár í Kaupþingi hefur ekki verið lægra á markaði áður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gengi hlutabréfa í Kaupþingi stóð í 1.090 krónum á hlut í gær sem þýðir að innra virði bankans fer niður í 1,8 miðað við væntan hagnað bankans á árinu og aukningu eigin fjár vegna kaupanna. **- eþa**

# Miklar dægursveiflur á fjármálamörkuðum

### Gærdagurinn var sá besti í Kauphöllinni í eitt og hálft ár. Fjárfestar stukku inn á markaðinn eftir óvæntar fréttir frá seðlabanka Bandaríkjanna.

Mikill viðsnúningur varð á öllum fjármálamörkuðum í gær eftir að Bandaríski seðlabankinn lækkaði óvænt vexti af lánum, sem hann lánar til lánastofnana, niður í 5,75 prósent eða um hálft prósentustig. Þetta var tilraun bankans til að draga úr þrengingum á lánamörkuðum sem staðið hafa yfir í nær tvo mánuði.

Hlutabréf í Kauphöll Íslands, tóku mikið stökk upp á við við tíðindin. Úrvalsvísitalan hækkaði um 2,94 prósent í gær og þarf að fara aftur til 23. febrúar á síðasta ári til að finna meiri dagshækkun. Veltan var mikil, um 26,1 milljarður króna. Markaðurinn náði þó ekki að yfirvinna tap fimmtudagsins þegar markaðsvirði hlutabréfa í Kauphöll féll um 118 milljarða króna. Ávinningur gærdagsins nam níutíu milljörðum.

„Það er alveg ljóst að margir voru búnir að finna kauptækifæri en voru að bíða eftir réttu tímasetningunni til að koma inn af krafti á markaðinn," segir Haraldur Yngvi Pétursson hjá greiningardeild Kaupþings. Hann telur of snemmt að meta það hvort þetta þýði að frekari hækkanir séu í uppsiglingu.

Þá styrktist krónan um 0,79 prósent eftir mikla lækkun að undanförnu. Gengisvísitalan endaði í 125,1 stigi en fór lægst niður í 123 stig. Exista leiddi hækkanir gærdagsins, enda hefur félagið fallið mest á undanförnum dögum og vikum. Gengi félagsins hækkaði um fimm prósent. Bréf Bakkavarar, Landsbankans, FL Group og Kaupþings hækkuðu um þrjú prósent eða meira.

Nærri 12,6 milljarða króna velta var með bréf Straums-Burðaráss sem hækkaði um 2,9 prósent. Straumur seldi fimm prósent í sjálfum sér fyrir 10,2 milljarða króna. **eggert@frettabladid.is**

**MESTU VERÐBREYTINGAR Í KAUPHÖLL Í GÆR**

| Félag | Gengishækkun |
|---|---|
| Exista | +5,0% |
| Bakkavör Group | +4,0% |
| Landsbanki | +3,3% |
| FL Group | +3,3% |
| Kaupþing | +3,2% |
| Straumur-Burðarás | +2,9% |
| Hf. Eimskipaf. | +2,6% |
| Icelandair Group | +2,4% |
| Alfesca | +2,2% |
| Össur | +2,0% |
| Teymi | +1,9% |
| Marel | +1,5% |
| Atorka Group | +1,5% |

# Inngrip seðlabanka hífði upp vísitölur

Hlutabréfavísitölur í Bandaríkjunum og Evrópu tóku við sér í gær eftir talsverða lækkun í vikunni eftir að seðlabanki Bandaríkjanna ákvað að lækka millibankavexti lánastofnana um 50 punkta í því augnamiði að draga úr óróa á fjármálamarkaði.

Þetta kemur í viðbót við milljarða dala innlegg bankans á fjármálamarkað en seðlabankar nokkurra landa hafa opnað pyngjur sínar til að gera bönkum kleift að sækja sér fjármagn á lágum kjörum til að koma í veg fyrir lausafjárskort.

Hlutabréfamarkaður í Asíu tók hins vegar enn eina dýfuna en fjárfestar þar gerðu ráð fyrir frekari hrakfregnum af bandarískum fasteignalánamarkaði auk þess sem margir þeirra losuðu um áhættusamar fjárfestingar. Nikkei-vísitalan féll við þetta um heil 5,4 prósent í kauphöllinni í Japan en Kospi-vísitalan í Suður-Kóreu fór niður um 3,2 prósent.



**MIÐLARAR Í KAUPHÖLLINNI Í TÓKÝÓ** Hlutabréfavísitölur í flestum löndum fóru upp eftir inngrip seðlabanka Bandaríkjanna í gær. Niðursveiflan hélt áfram í Asíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrátt fyrir inngrip seðlabankans vestanhafs er ekki víst hvort það dugi til að róa markaðinn en fréttastofan Associated Press segir óvíst hvað framtíðin ber í skauti sér. **- jab**

**HELSTU VÍSITÖLUR**

| | |
|---|---|
| **Bandaríkin*** | |
| Nasdaq | + 1,25% |
| Dow Jones | + 0,93% |
| S&P 500 | + 1,36% |
| **Evrópa** | |
| Úrvalsvísitalan (Ísland) | + 2,94% |
| C-20 (Danmörk) | +1,975% |
| FTSE-100 (Bretland) | + 3,50% |
| Cac-40 (Frakkland) | + 1,86% |
| Dax (Þýskaland) | + 1,49% |
| **Asía** | |
| Nikkei (Japan) | - 5,40% |
| Kopsi (Suður-Kórea) | - 3,20% |

* FYRIR LOKUN MARKAÐA Í GÆR


Trommuskóli Gunnars Waage



Innritun hafin fyrir haustönn í undirbúningsdeild 2007
Nemendur á öllum aldri.

Trommusett-og-Hljóðhönnun
Nám á háskólastigi. Inntökupróf standa yfir fyrir vorönn 2008.

trommuskolinn.com / 554 7212 - 865 5890


# Novator selur BTC

Fagnaðarlæti brutust út í bönkum í Sófíu í Búlgaríu sem sáu um sölulok á 90 prósenta hlut Novators, félags í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, í búlgarska símafyrirtækinu BTC til bandaríska fjármálafyrirtækisins AIG Global Investment Group í gærmorgun. Verðið nam 1,4 milljörðum evra, um 127 milljörðum íslenskra króna. Þetta er einhver stærsta skuldsetta yfirtakan í SA-Evrópu til þessa.

Tómas Otto Hansson, framkvæmdastjóri hjá Novator, sem stýrði uppbyggingu fyrirtækisins í þau tæp fjögur ár sem Novator átti hlutinn, segir viðbrögðin hafa komið sér á óvart. „En þetta voru náttúrulega stærstu viðskiptin sem farið hafa í gegnum kauphöllina hér," segir Tómas, sem staddur var í Sófíu í gær.

Hagnaður Novator af sölunni er sagður 60 milljarðar króna. Tómas segir það nærri lagi en bendir á að verðið endurspegli mikla umbreytingu á BTC. „Þetta hefur verið langur og strangur vegur," segir hann og vísar til þess að Novator hafi staðið fyrir mikilli hagræðingu innan veggja BTC. „Hagnaðurinn gefur einhverja mynd af því sem hefur gerst." **- jab**


Skemmtilegt
í skóla
Úlpa
m/hettu
khakígræn
st. 7/8-13
3.999kr
Úlpa
m/hettu
khakígræn,
grá
st. 7/8-13
3.999kr
Úlpa
m/hettu
bleik
st. 116-164
4.999kr
Ertu búin að sjá Hagkaupsblaðið?
Kíktu á það á www.hagkaup.is
Hliðartaska
1.795kr
Bakpoki
2.499kr
Nýtt
kortatímabil
ALLT FYRIR SKÓLANN
HAGKAUP LÆKKA VERÐ Á BARNAFATNAÐI
SKÓLATÖSKUR OG RITFÖNG Á ÓTRÚLEGU VERÐI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Menningarnóttin bíður okkar.

# Góðan dag Reykvíkingar

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Hugmyndin um menningarnótt var innflutt eins og margt annað, reyndar dönsk. Hugmyndin var góð og hún hefur á liðnum árum veitt Reykvíkingum og nærsveitamönnum gleymda vissu sem var þarna undir að þeir búi í borgarsamfélagi, eigi miðbæ, eitthvert hjarta í byggðinni milli holta, mela og hálsa. Við viljum svo oft gleyma því hvernig landið var sem undir borgina fór. Er raunar hollt að rifja það upp – hvernig var þetta land þar sem við reistum okkur borg.

Því menningarnótt hefur umfram allt skapað samkennd, fært okkur nær hvert öðru, hún er einn þessara fáu hátíðisdaga sem megna það: Þorláksmessan, gamlárskvöld, fyrsti maí, sautjándinn. Okkur veitir ekki af að eiga daga sem þessa þar sem þúsundir hópast á fáar slóðir í borgarlandinu og við gerum raunar ekkert annað en lalla um og hitta fólk.

*Skipuleggjendur menningarhátíðarinnar hafa góðu heilli stækkað athafnasvæði hátíðahaldanna, út á Granda, suður í Vatnsmýri, alla leið upp á Klambra og út í Laugarnes.*

Því það er að mestu leyti liðin tíð. Bærinn var svo smár að hér hittust allir á daglegri göngu til og frá vinnu. Aldurssamsetning hverfa í nýbyggingu sá til þess að á upphafsárum þeirra voru börnin mörg, gatan og skólinn sá til þess að allir þekktu sína heimamenn. Það var gengið til búða og öll þjónusta var hverfislæg.

Það var á þeim árum sem Reykjavík var að breytast í úthverfaborg og um leið að tapa þeirri nálægð sem hafði verið sterkasta einkenni smábæjarins. Farartækjunum fjölgaði, strætisvagninn tapaði fyrir einkabílnum og á endanum sátum við uppi með ameríska úthverfaborg sem heimtar bíla og er fíkill á bensín og viðhald á umferðaræðum. Þetta bara gerðist – ekki vegna þess að við vildum það, ekki vegna þess að við vorum spurð.

Nú búum við í borg sem er þannig að við keyrum til að fara í göngutúr, keyrum til að versla í nokkrum búðum sem liggja hver í sínu hverfinu, keyrum í skóla, keyrum til kirkju, keyrum og keyrum. Verst að það er bæði óhollt og dýrt. Og þrátt fyrir fornan lofsöng um bílismann sem frelsistæki þá er ekki til frekara ok á háttu manna. Við verðum að keyra, en þurfum þess í raun ekki.

Í dag keyrum við og finnum stæði sem næst miðjunni gömlu. Skipuleggjendur menningarhátíðarinnar hafa góðu heilli stækkað athafnasvæði hátíðahaldanna, út á Granda, suður í Vatnsmýri, alla leið upp á Klambra og út í Laugarnes. Við göngumst undir próf í dag, kvöld og nótt um það að við kunnum að halda fagnað án láta, getum ölvast smánarlaust, mæst með opnu geði og björtum svip.

Gerum daginn góðan.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson.
Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

REYKJAVÍKURMARAÞON GLITNIS ER Í DAG. GÓÐA SKEMMTUN OG GANGI YKKUR VEL.

REYKJAVÍKUR MARAÞON GLITNIS 18. ÁGÚST 2007

Nánari upplýsingar á marathon.is.

ICELANDAIR GLITNIR FRÉTTABLAÐIÐ Reykjavíkurborg marathon.is SUZUKI Margt smátt AUGLÝSINGAVÖRUR BOLUR

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Formaður hættir

Borgar Þór Einarsson lætur innan skamms af störfum sem formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna, SUS. Borgar Þór hefur gegnt embættinu síðan í október árið 2005. Nýr formaður verður kosinn á sambandsþingi SUS sem haldið verður á Seyðisfirði í september. Um 500 fulltrúar aðildarfélaga SUS eiga rétt til setu á þinginu en aðdragandi þess hefur oft verið skrautlegur þegar tekist hefur verið á um formannsembætti og skipt máli hverjir sitja þingið og kjósa. Heyrst hefur að góðvinur Borgars Þórs, Þórlindur Kjartansson, ætli að bjóða sig fram til formanns SUS. Andri Óttarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins tilheyrir einnig vinahópnum sem óhætt er að segja að sé valdamikill í flokknum.



### Þjónustuskerðing í miðbænum

Íbúar miðborgarinnar verða fyrir þjónustuskerðingu á næstunni verði óskir borgarstjóra Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar uppfylltar. Hann vill að vínbúðin í Austurstræti loki vegna þess að ógæfufólk nýti sér hana, meðal annars til þess að kaupa kaldan bjór í stykkjatali. Ef vínbúðin víkur þurfa íbúarnir að halda í önnur hverfi til að kaupa sér áfengi.

### Bankarnir hylltir

Klöppum fyrir Kaupþingi, hrópaði Helgi Björns til hressra áhorfenda sem mættu á stórtónleika bankans í gærkvöld. Bankarnir leika stórhlutverk í viðburðum helgarinnar. Kaupþing stóð fyrir áðurnefndum tónleikum, maraþon kennt við Glitni er einna mest áberandi viðburður dagsins í dag og stórviðburður kvöldsins er án efa tónleikar á Miklatúni sem Landsbankinn stendur að í samvinnu við Rás tvö. Framtak bankanna er eflaust mjög gott fyrir ímynd þeirra, með þessum hætti styðja þeir við andlega og líkamlega hreysti þjóðarinnar. Nú bíður þjóðin spennt eftir næstu framlögum bankanna landsmönnum til heilla, lækkun yfirdráttarvaxa myndi til dæmis örugglega slá í gegn hjá launþegum.



sigridur@frettabladid.is

# Öldurót lífs og dauða



ELLERT B. SCHRAM
**Í DAG** | Lífsreglurnar

Ég sit á veröndinni og horfi á öldurnar gjálfra í fjörunni. Ein af annarri velta þær upp í sandinn og svo fjara þær út. Eins og lífið. Eins og við manneskjurnar.

Eftir því sem ég eldist, met ég það meir að vera til. Og verð þakklátari fyrir ævina og hvern einasta dag. Kannski af því að ég er sá lukkunnar pamfíll að hafa góða heilsu og vera lánsamur í lífinu. Lánsamur fyrir að eiga góða að og rambað þá leið, þar sem mér hefur liðið vel. Það hlotnast því miður ekki öllum. Og svo held ég því fram að það hafi verið mikil gæfa að vera af þeirri kynslóðinni, sem kynntist gamla tímanum, eins og hann hafði verið um aldir og lifað af að sjá allar breytingarnar og tækniframfarirnar. Ég kynntist heyskapnum í sveitinni, þar sem ekkert var annað notað en hrífur og orf og bundið upp á hesta. Ég var í skóla áður en rafmagnsritvélin var fundin upp og bírópennarnir voru nýjasta uppfinningin. Ég man eftir verkamannavinnunni, þegar gúmmískórnir þóttu mesta framfarasporið. Já, ég man tímana tvenna.

Og svo auðvitað þekkið þið framhaldið og framfarirnar og alla þá auðlegð, sem vitsmunir mannskepnunnar hafa framleitt í þægindum og þekkingu. Það hafa verið mikil forréttindi að upplifa og njóta þessara lífskjara og breytinga.

**Tíminn er dýrmætastur**

En einmitt af því að ég man hvernig lífið var ekki alltaf dans á rósum, þá þykist ég líka vita og meta allt það sem mér áskotnast. Ekki endilega í peningum heldur í lífsgæðum, meira úrvali, fleiri tækifærum, meiri tíma. Já, ég er mjög upptekinn af tímanum til að leika mér og brosa og fanga augnablikið. Hann er það dýrmætasta sem ég á. Ég fagna hverjum morgni og þakka fyrir að vera ennþá á lífi og sjá sólina koma upp á morgnana og götuna vakna og sjá krakkana stækka og þroskast og eiga það allt í vændum sem framundan er. Það er þeirra ríkidæmi. Lífið.

Einn góðan veðurdag er þetta allt saman búið og kemur aldrei aftur. Sumir verða ríkir og aðrir voldugir og frægir og komast í blöðin og hégóminn er á stundum í bílstjórasætinu og „tekur í höndina á mér". En hvers virði er allur sá veraldlegi auður ef maður kann ekki að meta þá auðlegð sem felst í barnalegri gleði yfir þeirri guðsgjöf, sem felst í því einu að vera til? Vera manneskja innan um allar hinar manneskjurnar, í súru og sætu, í meðbyr og mótlæti, í hverdagsleikanum eins og hann birtist okkur á hverjum morgni, í hverjum nýjum degi. Það er stóra ævintýrið. Að vera til.

*En hvers virði er allur sá veraldlegi auður ef maður kann ekki að meta þá auðlegð sem felst í barnalegri gleði yfir þeirri guðsgjöf, sem felst í því einu að vera til?*

**Okkar eigin gæfusmiðir**

Af hverju er ég að tala um þetta? Eins og ég hafi eitthvert vit á heimspeki og geti sagt öðrum til í þessum efnum? Ég er ekki að predika og ég er ekki að leggja öðrum lífsreglurnar. Ég er einfaldlega að minna sjálfan mig á að það er ekkert sjálfgefið að vera til og líða vel. Við horfum á gamla ættingja og vini hverfa og við heyrum af ungu fólki sem tekur líf sitt og við finnum það betur eftir því sem við eldumst, að lífið á jörðinni er alltof stutt og brothætt, til að umgangast það af kæruleysi. Okkur hafa verið gefnir vitsmunir til að bæta umhverfið og aðstæður með lífsþægindum og tækniframförum, en þegar allt kemur til alls, þá erum það við sjálf, hvert og eitt, sem erum okkar eigin gæfusmiðir.

Öldurnar klifra upp í fjöruna, bæði smáar og stórar, rísa og falla, í eilífðar hringrás þessarar merkilegu sköpunar sem heimurinn er. Svona erum við líka, mannskepnurnar, rísum og föllum og hverfum svo í tómið, ein af annarri, í samfelldu ölduróti flóðs og fjöru, dags og nætur, lífs og dauða.

# Söfnum góðum minningum

**UMRÆÐAN**
Menningarnótt



HRÓLFUR JÓNSSON

Menningarnótt í miðborginni er nokkurs konar uppskeruhátíð eftir gott og veðursælt sumar. Hún er orðin sá viðburður sem fáir vilja missa af því hún er aldrei eins; alltaf ný og óvænt.

Menningarnótt í miðborginni er orðin langstærsti viðburður landsins og er farin að hafa aðdráttarafl langt út fyrir landssteinana.

Reykjavíkurborg hefur átt afar gott samstarf við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, bráðamóttöku LHS og björgunarsveitir um að hafa allan viðbúnað og þjónustu við gesti menningarnætur sem besta. Enn og aftur hefur verið lögð sérstök áhersla á að huga að forvörnum og hafa menningarnótt, ÍTR og Saman hópurinn lagst á eitt við að minna okkur foreldra á að sýna ábyrgð gagnvart börnunum og borginni okkar. Það er gott að minnast þess að foreldrar eru besta fyrirmyndin. En þrátt fyrir allan viðbúnað borgarinnar og öryggisaðila þá eru það við, þátttakendur hátíðarinnar, sem berum, þegar upp er staðið, ábyrgð á því að minningin okkar frá þessari menningarnótt verði gleðileg.

Galdurinn við menningarnótt er að hún er sjálfsprottin. Hún hefur þróast frá því að vera tiltölulega hógvær miðborgargleði yfir í að verða stærsta og vinsælasta hátíð ársins.

Þrátt fyrir stærðina og fjölda þátttakanda er ennþá bæði rými og áhugi fyrir hinu notalega og ljúfa. Þessi stemning er sérstaklega áberandi í dagskrá menningarnætur í ár, vöfflukaffi, kósíhorn og hvíslileikur eru einmitt dæmi um slík atriði. Til að skapa þetta rými fyrir alla, jafnt stóra sem smáa, hefur dagskrársvæði hátíðarinnar stækkað – í allar áttir. Setningin er í Norræna húsinu, stórtónleikar menningarnætur, Landsbankans og Rásar 2 á Miklatúni og flugeldasýning Orkuveitunnar úti á sundunum, en hjartað slær ennþá í miðborginni þar sem gestgjafar menningarnætur bjóða okkur velkomin í tólfta sinn.

Verkefnisstjórn menningarnætur óskar borgarbúum til hamingju með daginn og vonar að gestir hátíðarinnar njóti viðburðanna og samvistanna.

Sameinumst um að skapa góðar minningar á menningarnótt.

*Höfundur er í verkefnisstjórn menningarnætur.*


Lífrænn granateplaðrykkur
329 KR.
250 ml
Ferskt og frábært í létta rétti!
Ferskt tagliatelle og ravioli
259 KR.
250g
PÓSTLISTINN
bonus.is
Fjölkornabrauð
59 KR.
385g
Dásamlegur dagur!
Ferskt grilldeig
198 KR.
400g
Bökum sjálf!
Ferskt pitsudeig
198 KR.
400g
Fersk kanelsnúðarúlla
359 KR.
335g
Látum eldhúsið ilma um helgina!
Aukafrymið fyrir kvöldið!
250 ml
189 KR.
12 lítrar
Coca-Cola/Zero/Light
598 KR.
6x 2 lítrar
6x 2 lítrar
Frosnar EUROSHOPPER kjúklingabringur
EUROSHOPPER kjúklingabringur
1298 KR.
kílóverð
ERAN/Landlist
Sjáðu þetta!
Nú 12 rúllur!
639 KR.
EKKERT BRUDL
12 rúllur á verði 9
Veljið sjálf!
99 KR.
Lýsir í myrkri!
Ísskál og skeið
199 KR.
Skotglas
99 KR.
4 kokteilglös
459 KR.
Rör, armbönd, hálsfestar, hnífapör...
BÓNUS


Fyrst á Íslandi!
Sjónvarp Símans kynnir háskerpusjónvarp (HD)
– kíktu í næstu verslun Símans á höfuðborgar-
svæðinu og sjáðu muninn


Ekkert loftnet, háskerpusjónvarp
og bíó heima í stofu
Losaðu þig við loftnetið og fáðu þér Sjónvarp Símans.
Í boði eru allar íslensku sjónvarpsstöðvarnar, þar á meðal Sýn 2 með Enska boltann, og yfir 60 erlendar sjónvarpsstöðvar – allt í bestu mögulegu myndgæðum. Sjónvarp Símans býður þér líka SkjáBíó þar sem þú getur valið úr 1100 bíómyndum með fjarstýringunni heima í stofu.
www.siminn.is – 800 7000
Það er Síminn
Sími
Netið
Sjónvarp

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.

www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.

Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar




# Stökktu til Fuerteventura
21. ágúst í 2 vikur
frá kr. 29.990
Örfá sæti í boði - ótrúlegt verð

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á síðustu sætunum til Fuerteventura í 2 vikur 21. ágúst. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og tryggðu þér sumarfrí á besta tíma á frábærum kjörum á þessum vinsæla sumarleyfisstað.

Verð kr. 29.990
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 2 vikur.

Verð kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í 2 vikur

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

## MAÐUR VIKUNNAR

# Bókhneigður innipúki sem breyttist í félagsmálafrömuð

Lygilega jákvæð, glaðsinna og úrræðagóð eru orð sem fólk hefur á hraðbergi þegar Sif Gunnarsdóttur ber á góma. Menningarnótt er enda mikið fyrirtæki sem krefst ríkrar skipulagsgáfu, sem Sif hefur haft frá barnsaldri. Hún hefur ekki aðeins ódrepandi áhuga á menningu og listum heldur er hún nösk þegar kemur að praktískum atriðum á borð við gatnalokun, sorphreinsun og hversu mörg almenningssalerni þurfa að vera til taks.

Skipulagsgáfuna má ef til vill rekja til æskuáranna þegar hún bjó erlendis á námsárum foreldra sinna. Fjölskyldan átti aldrei bíl, heldur ferðaðist með lestum og rútum. Eins og títt er með námsfólk voru peningar af skornum skammti; á ferðalögum gat það verið áfall að finna aðeins eitt veitingahús í litlum smábæ sem reyndist vera of dýrt. Þetta tók Sif allt saman inn; henni var innrætt að vera skipulögð og rasa ekki um ráð fram. Þetta gerði hana þó alls ekki níska því eins og einn viðmælandi komst að orði er hún „andskotans aristókrati“ í sér og vill ekkert nema það sé fallegt og vandað og sættir sig ekki við hvað sem er. Hún hefur aftur á móti vaðið fyrir neðan sig og gætir sín á að vita hvernig eigi að mæta reikningum þegar þeir koma og frekar sleppa hlutunum en sætta sig við það sem hana langar ekki í.

Þessi eiginleiki hefur nýst henni vel í starfi því hún getur leikið mörgum boltum á lofti í einu án þess að missa neinn niður. Hún hefur mikinn áhuga á ólíklegustu hlutum, er mikill diplómat í samskiptum við aðra og smitar frá sér lífsgleði og jákvæðni að enginn er ósnortinn.

Að sögn þeirra sem til þekkja var Sif bæði kurteist og þægt barn. Að vísu var hún ekki til friðs fyrr en hún lærði að lesa en það gerði hún hins vegar afar ung. Eftir það þurfti lítið fyrir henni að hafa því hún lá í bókum. Eins og títt er með bókaorma var hún líka mikill innipúki framan af. Tólf ára gömul fór hún hins vegar í gagnfræðaskóla á Englandi og tók þar stakkaskiptum; eins og skólinn hefði leyst hana úr böndum. Átta mánuðum síðar sneri hún aftur heim gjörbreytt – í stað innipúkans var kominn félagsmálafrömuður sem stýrði félagslífinu í Laugalækjarskóla.

Úr Laugalækjarskóla lá leiðin í Menntaskólann við Sund. Með henni í árgangi voru meðal annars Steinunn Valdís Óskarsdóttir alþingiskona og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. Eftir stúdentspróf skráði Sif sig í dönsku við Háskóla Íslands. Hún er mikil tungumálamanneskja, lærði bæði dönskuna og enskuna þegar hún bjó úti. Það kom mörgum hins vegar á óvart að hún færi í dönsku og aðspurð hvers vegna hún lærði ekki bókmenntafræði, eins og flestir höfðu gert ráð fyrir, svaraði hún víst: „En ég er búin að vera að því alla ævi.“ Að loknu dönskunámi lærði Sif menningarmiðlun í Óðinsvéum og þeir sem hana þekkja segja að það hafi verið laukrétt ákvörðun, tungumálin hafi hreinlega ekki reynt nógu mikið á hana og Sif hafi þurft eitthvað meira fyrir heilasellurnar.

Þegar nær dregur menningarnótt er álagið jafnan mikið á Höfuðborgarstofu og Sif vílar ekki fyrir sér að bæta nótt við dag þegar á þarf að halda. En þótt hún vinni mikið kann hún þó líka að njóta lífsins. Í frístundum líður henni vel með bók í hönd auk þess sem hún nýtur þess að gera vel við sig í mat og drykk og ferðast. Stórfjölskyldan er líka samhent og hefur þann sið að hittast yfir kvöldverði á hverjum miðvikudegi. Sif hefur þennan sið jafnan í heiðri þótt það komi fyrir að hún skrópi þegar menningarnótt nálgast. Sif verður stressuð eins og aðrir en fer vel með það því það fylgir jafnan mikið spennufall þegar menningarnótt er afstaðin en hún gætir þess vel að skipuleggja sig vel svo orkan fari ekki til spillis.

Sif er ákaflega vinnusöm og ósérhlífin. Hún er ekki beinlínis kröfuhörð í garð annarra heldur þykir hafa slíkt lag á fólki að hún dregur fram það besta úr því. Enginn stenst ódrepandi áhuga og jákvæðni hennar – það sogast allir í stemninguna.

## SIF GUNNARSDÓTTIR




### ÆVIÁGRIP

Sif Gunnarsdóttir fæddist á Fæðingarheimili Reykjavíkur 25. maí 1965. Foreldrar hennar eru Gunnar Karlsson, prófessor í sagnfræði, og Silja Aðalsteinsdóttir. Hún á tvær yngri systur.
Sif bjó flest sín uppvaxtarár í Reykjavík en bjó í Danmörku í tæpt ár þegar hún var sex ára og á Englandi þegar hún var níu og tíu en var þar líka um skeið í gagnfræðaskóla þegar hún var tólf ára. Rætur hennar í Lauganeshverfið eru sterkar þar sem hún bjó lengst af. Að loknu stúdentsprófi lærði Sif dönsku við Háskóla Íslands. Að því loknu hélt hún til Óðinsvéa í Danmörku og lærði þar menningarmiðlun.
Að námi loknu hóf hún störf sem menningarfulltrúi í Gerðubergi í Breiðholti en undanfarin ár hefur hún starfað sem verkefnisstjóri viðburða hjá Höfuðborgarstofu. Sif er í sambúð og á dóttur frá fyrra sambandi.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR:

Sem verkefnisstjóri hjá Höfuðborgarstofu hefur Sif haft veg og vanda af skipulagningu menningarnætur; einna stærstu hátíðarhalda landsins sem setja mikinn svip á menningarlíf borgarinnar á hverju ári.

### HVAÐ SEGIR HÚN?

„Nei, ég hef aldrei fengið kartöflu í skóinn því ég hef aldrei fengið í skóinn. Þessi siður tíðkaðist ekki á mínu heimili og ég hef því aldrei upplifað þá angist að finna kartöflu í skónum mínum.“ Sif Gunnarsdóttir í Fréttablaðinu, 14. desember 2005.

512 50 50
Auglýsingasími


– Mest lesið




C4

## Citroën C4 segir allt um hönnun Frakka

Franskur frakki og Frakki eiga það sameiginlegt að hvor um sig hlífir manni við óþægindum. Franskur frakki segir allt um hönnun Frakkans. Og þann sem í honum er. Sjáðu franska hönnun. Vertu í Citroën C4 Saloon. Komdu í Brimborg. Berðu saman bíla. Sjáðu verðið.

**Verð aðeins frá kr. 2.069.000**

Citroën C4 Saloon SX 1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hö*

Komdu í Brimborg í dag

visthæf skref
með Brimborg

*Farðu á brimborg.is*
*og þú ert kominn af stað*

Spurðu um hvað
fyrirmyndarþjónusta Brimborgar
þýðir fyrir þig

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is**

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Sóknarfæri með breyttri sýn

**UMRÆÐAN**
Mannekla í skólum


HELGA BJÖRG RAGNARSDÓTTIR


SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Á fundi leikskólaráðs á miðvikudaginn var samþykkt tillaga frá Vinstri grænum sem markaði tímamót í ýmsum skilningi. Í tillögunni fólust tilmæli um að nýta ákvæði kjarasamnings til tímabundinna greiðslna til að bregðast við tímabundnum aðstæðum á vinnumarkaði sem leiða af sér meira starfsálag. Á fundi Íþrótta- og tómstundaráðs í gær var svo samþykkt tillaga ráðsins um að nýta launarammann með svipuðum hætti, mögulega með álagsgreiðslum til þess starfsfólks sem starfar á frístundaheimilum undir miklu álagi sömuleiðis. Var tillögunni vísað til meðferðar í samráðshópi borgarstjóra um starfsmannaeklu í grunnskólum, leikskólum, frístundaheimilum og á velferðarsviði.

### Borgin viðurkennir álagið

Á leikskólum Reykjavíkur er auk leikskólakennara fjöldi starfsmanna sem á aðild að samningum Reykjavíkurborgar við Eflingu og önnur stéttarfélög. Það má öllum vera ljóst að álagið á starfsfólk leikskólanna er gríðarlegt við þær aðstæður sem nú er uppi og gildir þá einu í hvaða stéttarfélagi fólk er. Á umræddum fundi Leikskólaráðs var aðeins samningur Félags leikskólakennara til umfjöllunar en má ljóst vera að í þeirri þverpólitísku samstöðu sem náðist á fundinum fólst viðurkenning á álaginu á allt starfsfólk leikskólanna og vilji til að koma til móts við það með einhverjum þeim hætti sem rúmast innan launarammans.

### Kjaramálin á dagskrá

Því ber að fagna að borgaryfirvöld vilja koma til móts við sitt starfsfólk að þessu leyti og sérstaklega þeim kjarki sem kom fram á fundi leikskólaráðs þegar samþykkt var að kjaramálin væru tekin þar á dagskrá. Það er afar brýnt að stjórnmálamenn láti sig kjaramálin varða og átti sig á og viðurkenni þá staðreynd að þau verða ekki rofin úr samhengi við umræðu um þjónustu borgarinnar, faglega umræðu og aðra þætti sem ræddir eru á fundum fagráða. Starfsfólk borgarinnar þarf að búa við gott og stöðugt starfsumhverfi til að geta rækt sitt starf og til að borgin geti verið stolt af þeirri þjónustu sem hún veitir ekki síst við börn og ungmenni.

### Allt upp á borðið

Á umræddum fundi leikskólaráðs var sömuleiðis samþykkt tillaga um að kalla eftir upplýsingum um allar launagreiðslur borgarinnar, samkvæmt taxta, yfirvinnugreiðslur og aðrar greiðslur skipt eftir sviðum. Það er afar brýnt að allar upplýsingar um launamál séu hiklaust uppi á borðinu því að á grundvelli upplýsinga er unnt að ræða málin, gera tillögur til úrbóta og horfa til framtíðar. Laun eru einn stærsti útgjaldaliður borgarinnar og þáttur sem stjórnmálamenn eiga að láta sig varða, hvernig þeim er skipt með tilliti til starfsstétta, kynja og svo framvegis.

### Opin umræða og nýir möguleikar

Það sóknarfæri sem myndaðist á fundi leikskólaráðs fyrir alla sem vilja betri kjör, betri borg og betri þjónustu eigum við öll að nýta okkur, stéttarfélög, stjórnmálamenn og borgarbúar allir. Með opinni kjaraumræðu með fullri þátttöku stjórnmálanna komumst við lengra fram á veginn í þágu barnanna og framtíðarinnar.

*Helga Björg er fulltrúi VG í leikskólaráði og Svandís borgarfulltrúi VG.*

# Mannekla í leik- og grunnskólum

**UMRÆÐAN**
Mannekla í skólum


SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Sú staða sem upp er komin vegna manneklu bæði í leikskólum og grunnskólum borgarinnar kallar á tafarlausar aðgerðir borgaryfirvalda. Nauðsynlegt er að halda góðri samstöðu meðal þeirra starfsmanna sem þegar eru við störf og tryggja nauðsynlega þjónustu. Villandi umræða hefur verið í fjölmiðlum í kjölfar samþykktar Leikskólaráðs um álagsgreiðslur vegna manneklu á leikskólum borgarinnar. Ég, sem talsmaður Samfylkingarinnar í málefnum leikskóla, vil taka fram að ekki er minnst á það í samþykkt leikskólaráðs að einungis þeir leikskólar sem hafi úr afgangi á fjárhagsáætlun að spila geti nýtt sér álagsgreiðslurnar. Sú túlkun er höfð eftir Ragnhildi Erlu Bjarnadóttur, sviðstjóra leikskólasviðs Reykjavíkur á Mbl.is að fundinum loknum.

Það hlýtur að vera það álag sem skapast á leikskóla sem ákvarðar álagsgreiðslurnar, ekki hvort viðkomandi skóli á rekstrarafgang eða ekki. Það að halda úti fullri starfsemi leikskóla í viðvarandi manneklu er mjög kostnaðarsamt, til dæmis vegna yfirvinnu og meiri afleysinga. Því er ekkert samasem merki milli þess að leikskóli eigi við manneklu að stríða og að hann eigi afgang af fjárveitingu.

Á leikskólum Reykjavíkur er hátt í 60% starfsfólks ekki með leikskólakennaramenntun. Það starfsfólk á stóran þátt í því að að halda úti frábæru starfi leikskólanna og er ómetanlegt. Því starfsfólki verður einnig að umbuna á álagstímum en Samfylkingin fylgdi þessu eftir með fyrirspurn í borgarráði daginn eftir fund leikskólaráðs.

Í stjórn ÍTR á föstudag lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar fram tillögu sem samþykkt var samhljóða, um að því verði beint til starfshóps borgarstjóra um starfsmannaeklu í skólum og frístundaheimilum að kannaður verði sá möguleiki að greiða námsmönnum við störf á frístundaheimilum námsstyrki. Greiðslur námsstyrkja gætu verið í lok vetrar, þegar starfsmaður hefur bæði unnið veturinn á frístundaheimilinu og lokið námsönn. Með þessu væri bæði farin ný og uppbyggileg leið í að laða að starfsfólk auk þess sem stöðugleiki í starfi frístundaheimilanna yfir veturinn væri enn frekar tryggður. Hugsanlegt er að nýta þessa leið einnig á leikskólunum og laða þannig námsmenn í hlutastörf t.d. í svokallaðar skilastöður seinnipart dags. Samfylkingin lítur svo á að skólar, hvort sem er leik- eða grunnskólar séu grunnstoðir samfélagsins. Borgaryfirvöldum ber að leysa þann brýna vanda sem nú hefur skapast með öllum tiltækum ráðum, í sátt við þá sem þar starfa og án þess að þjónustuskerðing bitni á börnunum í borginni.

*Höfundur er borgarfulltrúi Samfylkingar..*


World Class ICELAND — LAUGAR

**Hvað veist þú um þjálfun eldra fólks?**

Fjöldi þeirra sem er 50 ára og eldri fer vaxandi í þjóðfélaginu. Fleiri og fleiri gera sér grein fyrir hversu mikilvægt það er að halda góðri heilsu, bæði til að geta unnið eins lengi og unnt er og ekki síður til að bæta lífi við árin. Það er aldrei of seint að byrja og fjöldi rannsókna á hreyfingu og lífsstíl fólks eldra en 50 ára benda til þess að það margborgar sig að huga vel að heilsunni. Þeir sem það gera lifa bæði lengur og lífsgæði þeirra aukast.

**Mánudaginn 20. ágúst og þriðjudaginn 21. ágúst 2007**
kemur hingað til lands á vegum World Class kanadískur sérfræðingur, Mary Beavan-Kuipers, sem hefur sérhæft sig í þjálfun og lífsstíl eldri aldurshópa. Hún mun sjá um námskeið, bæði fræðslu og verklegar æfingar, fyrir allt áhugafólk um þjálfun eldri aldurshópa í World Class í Laugum. Einnig mun Janus Guðlaugsson M.Ed íþróttafræðingur og doktorsnemi kynna niðurstöður meistararannsóknar sinnar 2005 og eftirfylgnirannsóknar á eldri aldurhópum á Íslandi sem gerð var tæpum tveimur árum síðar (2006) á sama hópi.



Mjög spennandi námskeið fyrir heilbrigðisstarfsfólk, íþróttakennara, einkaþjálfara og áhugafólk um fólk og heilsu.

**Dagskrá:** 20. ágúst kl: 17.30-22 • 21. ágúst kl: 17.30-21

**Námskeiðsgjald kr. 14.500. Afsláttur veittur fyrir hópa**
**Skráning er hafin í afgreiðslu World Class í Laugum, í síma 553-0000**
**og hjá Gígju Þórðardóttur – gigja@worldclass.is**


# Stöndum vörð um Nónhæð

**UMRÆÐAN**
Skipulagsmál


ÁRNI JÓNSSON

Það var í maí s.l. að nokkrir íbúar Nónhæðar komust að því fyrir tilviljun að innan tíðar stæði til að hefja umfangsmiklar byggingarframkvæmdir á lóðunum Arnarsmára 32 og 36 (efst á Nónhæð). Skipulagsstjóri Kópavogs hafði þá unnið að því verkefni um nokkurra ára skeið, í samstarfi við tvo verktaka, að skipuleggja um 800 manna byggð á lóðunum.

Samkvæmt núgildandi aðalskipulagi eru lóðirnar sem hér um ræðir annars vegar skilgreindar sem útivistar- og þjónustusvæði og hinsvegar sem verslunar- og útivistarsvæði. Skipulagsyfirvöld bæjarins verða því að leggja til breytingar á núgildandi aðalskipulagi til þess að hægt verði að koma þessum áætlunum í framkvæmd.

Eftir að allmargir íbúar höfðu komið skýrum skilaboðum á framfæri til bæjarfulltrúa um andstöðu við þessar fyrirætlanir var haldinn kynningarfundur til þess að kynna framkomnar skipulagstillögur. Fundurinn var haldinn seinnihluta júní, þegar margir íbúar voru í sumarfríi, en þrátt fyrir það var mæting íbúa einstaklega góð og skilaboð gegn þessum áformum voru mjög skýr.

### Tillögur í endurskoðun

Íbúum Smárahverfis var gerð grein fyrir því að fyrirliggjandi tillögur yrðu ekki auglýstar með lögformlegum hætti fyrr en þeir hefðu gert við þær athugasemdir og þær endurskoðaðar. Frestur til að skila inn athugasemdum var gefinn til 20. ágúst n.k. Þær athugasemdir sem íbúar eru nú að vinna að hafa í raun ekkert lögformlegt gildi þar sem þessi aðferð hjá bæjaryfirvöldum á sér ekki stoð í lögum eða reglugerðum og þau þurfa ekki að taka tillit til þeirra.

### Ófullnægjandi gögn

Það vakti furðu undirritaðs á þessum fundi að Kópavogsbær hafði ekki gert neinar áætlanir um hvernig hægt væri að leysa þau vandamál sem augljóslega koma upp þegar mikil viðbótarbyggð er skipulögð í grónu hverfi. Hér á ég við að ekki lágu fyrir tillögur um lausn á t.d. umferðarmálum, umferðarhávaða og loftmengun. Verktakar lögðu fram gögn þar um þótt þau væru í raun ekki fullnægjandi en þar var þó farið yfir þessi mál. Fulltrúar Kópavogsbæjar voru tvísaga þegar kom að því að ræða um umferðarleiðir á svæðinu. Í öðru orðinu var sagt að á Arnarsmára 36 ætti að vera húsagata en í hinu var sagt að sú gata myndi nýtast sem tengibraut á milli Arnarsmára og Smárahvammsvegar til að létta á umferð um Arnarsmára. Það vita þeir sem að umferðarmálum vinna að slíkt gengur ekki!

Það er óskiljanlegt að bæjaryfirvöldum skuli leyfast að leggja fram deiliskipulagstillögur um þéttingu núverandi byggðar án þess að gera grein fyrir því hvernig ýmis mál s. s. umferðar- og mengunarmál verði leyst þannig að núverandi íbúar geti við unað. Ég tel nauðsynlegt að skipulags- og byggingarlög og reglugerðir verði að kveða á um það að öll slík mál séu leyst áður en komið geti til álita að leggja deiliskipulagstillögur fram.

### Aðalskipulagið gildi

Varnarlína íbúa í Smárahverfi ofan Fífuhvammsvegar er að tryggja að núgildandi aðalskipulag svæðisins gildi. Án breytinga á því hafa bæjaryfirvöld ekki möguleika á að gera breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Nónhæð er mjög verðmætt útivistarsvæði sem gæti tengt saman eða myndað eins konar grænan trefil sem næði frá vesturbæ Kópavogs um Nónhæð og Hnoðraholt upp að Vatnsenda. Eins og er virðist útivistarfólk ekki eiga annarra kosta völ en að fara um gatnamót Fífuhvammsvegar og Reykjanesbrautar. Þar er nú verið að hefja byggingu umferðarmannvirkja yfir Fífuhvammsveg og umferð þar mun aukast verulega í framtíðinni sem leiðir til þess að það verður lítt spennandi göngusvæði.

### Íbúasamtök

Íbúasamtök í Smárahverfi ofan Fífuhvammsvegar voru stofnuð þann 9. ágúst s.l. og er markmið þeirra að standa vörð um gildandi aðalskipulag svæðisins á Nónhæð með hagsmuni íbúa að leiðarljósi. Samtökin standa nú að söfnun undirskrifta til að mótmæla fyrirhuguðum breytingum á gildandi aðalskipulagi. Við hvetjum alla þá sem láta málið sig varða til að skrifa sig á listann sem síðan verður afhentur bæjarstjóra Kópavogs mánudaginn 20. ágúst n.k. Heimasíða samtakanna er: www.orion.is/non.

*Höfundur er formaður íbúasamtakanna Betri Nónhæð.*


Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Bestu kaupin?

## Já, enda einhverjar mest keyptu haglabyssur síðustu ára

### Vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða



**Stoeger 2000 Synthetic**
hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiptibúnaði frá Franchi.
26" hlaup, 5 þrengingar, ólarfestingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.
**Aðeins 54.900.- stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**



**Stoeger 2000 Standard**
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiptibúnaði frá Franchi.
26" hlaup, 5 þrengingar, ólarfestingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.
**Aðeins 56.900.- stgr eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**



**Stoeger 2000 Camo**
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa með snúningsboltanum frá Benelli og skiptibúnaði frá Franchi.
26" hlaup, 5 þrengingar, ólarfestingar og byssupoki. Stoeger er í eigu Beretta.
**Aðeins 62.900.- stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**



**Stoeger P350 Camo**
Pumpa með snúningsboltanum frá Benelli. 26" hlaup, 3 þrengingar og byssupoki.
Stoeger er í eigu Beretta.
**Aðeins 39.900 stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**



**Beretta ES Synthetic**
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa frá Beretta. 26" hlaup, 3 þrengingar, byssupoki.
**Aðeins 94.900 stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**



**Beretta ES Standards**
Hálfsjálfvirk, bakslagsskift byssa frá Beretta. 26" hlaup, 3 þrengingar, byssupoki.
**Aðeins 96.900 stgr. eða vaxtalausar raðgreiðslur til 12 mánaða.**

**Í Veiðihorninu og Sportbúðinni starfa skotveiðimenn með áralanga reynslu.
Kíktu í heimsókn og spjallaðu við Hjölla í Veiðihorninu og Svenna í Sportbúðinni.
Þeir aðstoða þig við rétt val skotvopna**

VEIÐIHORNIÐ

**Munið vinsælu gjafabréfin okkar**





SPORTBÚÐIN

**Síðumúla 8 - Sími 568 8410**
**- Veidihornid.is -**

**Krókhálsi 5 - Sími 517 8050**
**- Sportbudin.is -**

# NÓATÚN




LAMBALÆRI SPJÓT TOSCANA
**598** kr. stk.
*Þú sparar* **50** kr. stk.




LAMBA RIB EYE GRAND MARINIER
**2.498** kr. kg
*Þú sparar* **690** kr. kg




GRÍSAKÓTELETTUR ÚRB. ORIENTAL
**1.698** kr. kg
*Þú sparar* **300** kr. kg




LAX Í HEILU
**599** kr. kg
*Þú sparar* **150** kr. kg




LAXSNEIÐAR
**698** kr. kg
*Þú sparar* **430** kr. kg




SKÖTUSELUR BEINLAUS/ROÐLAUS
**1.798** kr. kg
*Þú sparar* **600** kr. kg




GÓU TVENNA
**369** kr. pk.

**6x0,5 lítri!**




EGILS KRISTALL
**499** kr. pk.



MYLLU RÚNSTYKKI M/BIRKI
**59** kr. stk.




SÝRÐUR RJÓMI MEÐ GRASLAUK
**224** kr. stk.

*Opið 10-21*

**NÝTT KORTATÍMABIL!**


Tilboð
á ungnauta T-beinsteik!
Villisveppasósa með grillinu
Úr Fiskborði Nóatúns
Sjóbleikjuflök country
1.398 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
27% afsláttur
UNGNAUTA T-BEINSTEIK
2.398 kr. kg.
Lambakjöt af nýslátruðu!
Úr Kjötborði Nóatúns
LAMBAHRYGGUR AF NÝSLÁTRUÐU
1.798 kr. kg
Nóatún mælir með!
Úr Kjötborði Nóatúns
LAMBALÆRI AF NÝSLÁTRUÐU
1.598 kr. kg
Nóatún mælir með!
Úr Kjötborði Nóatúns
LAMBA SÚPUKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU
779 kr. kg
Nóatún mælir með!
Fallegir blómvendir í Nóatúni - rósir og blönduð blóm!
15% afsláttur
Ferskir og ljúffengir ávextir á grænmetistorginu!
5 á dag ...í allt sumar!
Verði ykkur að góðu!
NÓATÚN

# Haustið læðist

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá nýrri atvinnugrein og ólukkulegri knattspyrnu; rætt um góðar bækur og lykilrómana; fjallað um auðsæld Bakkabræðra á 21stu öld; minnst á tilfinningasveiflur eins og þær gerast bestar í Hollywood og haustið sem læðist að okkur.



## KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

**FÖSTUDAGUR, 10. ÁGÚST**

### Ánamaðkaþjófur!

Mark Twain sagðist safna orðum. Ef hann eignaðist tvö orð sem voru eins býttaði hann við aðra safnara.

Í dag áskotnaðist mér nýtt orð: Ánamaðkaþjófur!

Orðið var að finna í snilldarfrétt á mbl.is: „Meintur ánamaðkaþjófur var á kreiki í austurborg Reykjavíkur í gær en lögreglu barst tilkynning um grunsamlegar mannaferðir í Háaleitishverfi síðla kvölds. Við athugun reyndist karlmaður hafa farið í óleyfi inn á einkalóð í leit að ánamöðkum.“

Sauðaþjófar eru útdauðir. Vasaþjófar hafa aldrei þrifist á Íslandi.

Nú er greinilega búið að einkavæða ánamaðkinn og hin nýja stétt ánamaðkaþjófa verður að laga sig að breyttum aðstæðum.



**LAUGARDAGUR, 11. ÁGÚST.**

### Sjónvarpsknattspyrnukvörtun

Í dag byrjaði boltinn aftur að rúlla. Enska knattspyrnan hófst í dag. Að höfðu samráði við eldri son minn keypti ég aðgang að Sýn og settist niður með miklar væntingar.



Því miður stóð skemmtunin ekki undir þeim væntingum sem við hana voru bundnar:



Manchester United gerði jafntefli við einhverja smælingja.

Spurning hvern maður á að tala við hjá 365 til að koma kvörtunum á framfæri.

**SUNNUDAGUR, 12. ÁGÚST**

### Góðar bækur

Litla Sól spyr mig á hverju kvöldi þegar ég kem upp úr kjallaranum til að setjast til borðs:

„Afi, ertu núna búinn með bókina?“

Henni finnst ég hanga óþarflega lengi yfir þessu verki, enda eru hennar eftirlætisbækur stuttar og lausar við óþarfa málalengingar.

Góða bók á að vera hægt að lesa upphátt frá upphafi til enda milli kl. átta og tíu mínútur yfir átta á kvöldin. Séu kvöldlestrarbækur lengri en tíu mínútur er mikil hætta á að hlustandinn sofni áður en kemur að sögulokum.

Þetta mætti langorðir rithöfundar hafa í huga.

**MÁNUDAGUR, 13. ÁGÚST**

### Um auðsæld Bakkabræðra

Ekkert varð úr fyrirhugaðri alheimskreppu í dag. Samt segja fréttir að Bakkabræður hafi tapað 19 milljörðum síðan taugaveiklun greip um sig í kauphöllum heimsins.

Það væri gaman að fara á miðilsfund og hitta Jón Sigurðsson forseta.

„Hvað er að frétta af Íslandi?“ mundi forsetinn spyrja.

„Bara allt í góðu standi. Nú eru Bakkabræður orðnir einhverjir ríkustu menn landsins. Þeir töpuðu nítján milljörðum í síðustu viku og fengu ekki einu sinni hnerra.“

„Ég vissi alltaf að þeir bræður myndu meika það. Aldrei að víkja!“

Talandi um ríkidæmi þá eru enn einhverjir að kvarta yfir því að álagningarskrár skuli vera opinber plögg.

Mér var bent á að skýrt væri frá tekjum mínum í ágætu tímariti og spurður að því hvernig ég gæti dregið fram lífið á svona lítilræði. Þá kom auðvitað í ljós að þeir á tímaritinu höfðu stórlega vanmetið útsjónarsemi mína og vinnusemi þegar þeir skýrðu lesendum frá mínum fjárhag.

Eftir stendur að tímaritið vakti mig til umhugsunar um að ég er á lúsarlaunum miðað við hvað ég fengi ef ritstjórarnir mínir praktíseruðu réttlætið af jafnmiklum ákafa og þeir predika það.

Þeir skilja þessa sneið sem eiga hana.

**ÞRIÐJUDAGUR, 13. ÁGÚST.**

### Lykilróman?

Nú er ég farinn að sjá fyrir endann á bókinni sem ég er að skrifa. Held ég sé búinn með alla erfiðustu kaflana. Giska á að ég geti skilað handritinu eftir svo sem viku.

Mér finnst erfitt að skrifa kafla þar sem gengið er mjög nærri sögupersónunum, þar sem þær lenda í sorgum og erfiðleikum. Það gerir mig dapran.

Stundum er ég spurður að því hvort sögupersónurnar mínar eigi sér fyrirmyndir í raunveruleikanum. Það er óskaplega erfitt að gefa fullnægjandi svar við þeirri spurningu.

Ég hef ekkert á móti því að sumar persónurnar mínar líkist raunverulegu fólki. Bækurnar mínar eru jú sprottnar úr ákveðnu umhverfi sem við eigum sameiginlegt.

Ég vil að Ísland eins og ég upplifi það sé bakgrunnur atburðarásarinnar með eldfjöllum sem fólk þekkir, persónum sem minna á raunverulegar persónur og stjórnmálaflokkum sem við könnumst við.

Orðabókin segir að roman à clef (lykilróman) sé skáldsaga þar sem raunverulegar persónur séu notaðar dulbúnar sem uppspunnir karakterar.

Þetta útskýrir nú ekki mikið. Alla vega á Jón Hreggviðsson sem Halldór Laxness bjó til meira sameiginlegt með skapara sínum en þeim Jóni Hreggviðssyni sem eitt sinn mun hafa verið til í alvörunni.



Allar sögupersónur hvort sem þær minna á lifendur eða dauða eru sköpunarverk mannsandans.

Raunverulegar persónur eru sköpunarverk guðdómsins – og ættu að reyna að hegða sér samkvæmt því.

**MIÐVIKUDAGUR, 15. ÁGÚST.**

### Happy End – nema í knattspyrnu

Fótbolti. Horfðum á Manchester United og Portsmouth. Enn gera mínir menn jafntefli.

Spurning hvort bilunin er hjá útsendingaraðilanum, 365 miðlum, eða í sjónvarpstækinu mínu?

Ég hallast að því að 365 beri ábyrgðina því að allt annað en knattspyrna sem ég horfi á í þessu viðtæki endar vel.

Í mínu sjónvarpi er „Happy End“ án undantekninga – nema í fótboltanum.



Kaupþing lækkaði um túkall í dag. Ég verð öreigi á endanum.

Mikið óskaplega verður fréttamönnum tíðrætt um Grímseyjarferjuna. Maður getur ekki snert takka á rafmagnstæki án þess að yfir mann dynji alls konar upplýsingar um þessa blessaða ferju. Ég veit orðið miklu meira um Grímseyjarferjuna en ég kæri mig um að vita.

**FIMMTUDAGUR, 16. ÁGÚST.**

### Hollywood-drama við matborðið



Hápunktur dagsins er klukkan sjö á kvöldin þegar mér er boðið að koma í mat uppi á efri hæðinni. Það er líf og fjör við matborðið. Litla Sól virðist alltaf eiga ótrúlega mikla orku eftir af dagsskammtinum og sveiflurnar eru miklar, frá hlátursktíkjum yfir í harmakvein. Hollywood á góðum degi getur ekki þjappað saman eins mikilli dramatík og hálftími við matborðið með frökeninni innihéldur.



Litla Sól fékk góða umsögn hjá leikskólakennurum á Njálsborg en hún hefur nýlega hafið nám í efri bekk leikskólans. Leikskólakennararnir fá sömuleiðis góða umsögn hjá henni.

Á viðkvæmum augnablikum segist hún sakna Hreiðars Nóa vinar síns sem er hættur í Njálsborg og fluttur til Lundúnaborgar.

Andri okkar er líka að kanna nýju stigu á menntabrautinni. Hann byrjar í Landakotsskóla í haust. Í haust – nánar tiltekið á morgun er fyrsti tíminn. Það koma nemendurnir saman til að sýna sig og sjá aðra. Kennslan byrjar seinnipartinn í næstu viku.

Svona læðist haustið að manni.


S straeto.is

Ágætu viðskiptavinir,

vetrartími strætó tekur gildi

19. ágúst

Nánari upplýsingar um vetraráætlun

á straeto.is og í síma 540 2700

straeto.is

540 2700



P&Ó

# ENGIN BIÐ

TIL HVERS AÐ BÍÐA ÞEGAR ÞÚ FÆRÐ FARTÖLVUNA STRAX Í TÖLVUTEK • FULL BÚÐ AF SPENNANDI TILBOÐUM




www.tolvutek.is

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR

LAUGARDAG
10:00 - 17:00

SUNNUDAG
12:00 - 17:00

Birt með fyrirvara um breytingar og villur



MADELEINE STOWE ER 49 ÁRA

*„Dómgreind sprettur af áralangri reynslu. Stundum öðlast maður líka reynslu af dómgreindarleysi.“*

***Kvikmyndaleikkonan Madeleine Stowe hefur leikið í yfir fimmtíu sjónvarpsþáttum og kvikmyndum. Þekktastar eru Twelve Monkeys og Síðasti Móhíkaninn.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18.ÁGÚST 1986

## *Reykjavíkurborg fær góða gjöf*



Viðey á sér langa og merka sögu. Skúli Magnússon, landfógeti, lét byggja Viðeyjarstofu á árunum 1752-1755 og er húsið eitt elsta hús landsins. Jafnframt því sem húsið er fyrsta steinhúsið sem var byggt á Íslandi.

Mannvistarleifar síðan á 10. öld hafa fundist á eynni og árið 1225 var stofnað þar klaustur, sem lagðist af við siðaskipti um 1550.

Í eynni var um stund stór prentsmiðja og stórbúskapur sem framleiddi árlega um 200 þúsund lítra af mjólk fyrir Reykvíkinga. Í byrjun 20. aldar hófst útgerð í eynni. Í kjölfarið myndaðist þorp og urðu íbúar rúmlega 100 talsins. Árið 1943 lagðist þorpið í eyði eftir að útgerðin lagðist af. Búskapur var stundaður í eynni fram á sjötta áratug.

Árið 1968 var Þjóðminjasafninu falin umsjón með Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju. Íslenska ríkið gaf Reykjavíkurborg húsin árið 1986 og lauk endurbótum tveimur árum síðar. Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar hefur nú umsjón með eynni þar sem fjölbreytt dagskrá fer fram á sumrin.

www.videy.com

### MERKISATBURÐIR

**1786** Reykjavík fær kaupstaðarréttindi ásamt Grundarfirði, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum. Íbúar Reykjavíkur eru 167 talsins.

**1961** Grasagarðurinn í Laugardal í Reykjavík er formlega opnaður.

**1966** Jóhannes S. Kjarval tekur fyrstu skóflustungu að myndlistarhúsi á Klambratúni. Húsið er síðar nefnt honum til heiðurs.

**1986** Haldið er upp á 200 ára kaupstaðarafmæli Reykjavíkur. Talið er að 70 - 80 þúsund manns hafi tekið þátt og gætt sér á 200 metra tertu sem er sú stærsta sem sögur hafa farið af á Íslandi.

**1990** Listaverkið Sólfar eftir Jón Gunnar Árnason er afhjúpað við Sæbraut í Reykjavík.

### AFMÆLI



**Mika** tónlistarmaður er 24 ára.



**Patrick Swayze** kvikmyndaleikari er 55 ára.




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


## Söguganga um Oddeyri

Menningarsaga Oddeyrar á Akureyri verður rifjuð upp í dag.

Minjasafnið á Akureyri stendur fyrir menningargöngu um Oddeyrina á Akureyri í dag.

Svæðið er eitt það elsta í bænum þar sem margs konar atvinnustarfsemi hefur farið fram í áranna rás. Meðal annars fiskvinnsla, matvælaiðnaður og þjónusta þar sem einstaklingar frá Akureyri koma við sögu.

Þær spurningar sem reynt verður að svara eru meðal annars: Hvenær er fyrstu mannaferða getið á Oddeyrinni? Hvað er Sweizer-stíll? Er slíkan stíl að finna á Oddeyrinni? Og hvað fór fram í Gránufélagshúsunum?

Gangan verður farin undir leiðsögn, Hönnu Rósu Sveinsdóttur, sérfræðingi á Minjasafninu á Akureyri, og hefst í dag klukkan 14.00.

Ekkert þátttökugjald er í gönguna sem tekur um tvo tíma og hentar öllum. Lagt verður af stað frá Gránufélagshúsunum Strandgötu 49.

Leiðsögn verður á íslensku. Allir velkomnir.



**AKUREYRI** Gengið verður um Oddeyri í dag.

VILHJÁLMUR FRÁ SKÁHOLTI: 100 ÁRA FÆÐINGARAFMÆLI BORGARSKÁLDSINS

# Lítið ættarmót við bekkinn

Borgarskáldið Vilhjálmur frá Skáholti hefði orðið hundrað ára á þessu ári. Hann samdi mörg falleg ljóð á sinni ævi og þar á meðal Ó, borg mín borg, sem Haukur Morthens samdi lag við og gerði svo eftirminnilegt.

Lagið er í dag lag Reykjavíkurborgar og því við hæfi að minnast skáldsins á afmæli borgarinnar. „Ég hafði samband við borgarstjóra í tilefni tímamótanna og lagði til að eitthvað yrði gert til að minnast hans. Þá var lagt til að það yrði gert á menningarnótt og ég beðin um að koma með tillögur,“ segir Guðrún Norðfjörð Jónsdóttir, barnabarn Vilhjálms.

Guðrún kom með hugmynd að syngjandi bekk í Hallargarðinum og Sif Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri menningarnætur, tók hugmyndinni strax fagnandi. „Ég var viss um að þetta yrði aldrei samþykkt og var steinhissa þegar þessu var tekið svona vel. Sif fór strax í málið, fann tæknimann og áður en ég vissi af var allt komið á hreint. Mér dettur nú ýmislegt skrítið í hug og það getur bara vel verið að ég hafi erft eitthvað af sköpunargleðinni hans afa,“ segir Guðrún hlæjandi.

Bekkurinn sem er staðsettur í Hallargarðinum, mun hefja upp raust sína á menningarnótt og Guðrún vonar að sem flestir komi við til að hlusta á ljóð afa síns, Ó, borg mín borg.

Vilhjálmur var mikið borgarbarn og orti margan óðinn um borgina og mannlífið, margan með pólitísku ívafi að sögn Guðrúnar.

„Hann var með ákveðnar skoðanir og var áberandi í borgarlífinu. Hann hafði gaman af því að láta heyra í sér og ég heyrði af honum standandi upp á palli flytjandi þrumuræður í miðbænum. Hann var byltingarsinni en var því miður litaður af kreppu, örbirgð og drykkjusýki,“ segir Guðrún.

„Ég þekkti afa aldrei, enda lést hann þegar ég var rúmlega ársgömul. Hann hafði lítil samskipti við fjölskylduna og bjó einn mestan part ævinnar. Ég er sennilega sú eina sem hef haft áhuga á þessari arfleifð afa og lét meðal annars skíra son minn eftir honum,“ segir Guðrún sem segir jafnframt orðróm um að Vilhjálmur hafi verið launsonur Einars Ben, hafi alltaf verið á reiki.

„Afi bjó víst í sömu götu og Einar Ben en ég veit ekkert hvað er til í þessu. Kannski var þetta bara kjaftasaga en Vilhjálmur vildi aldrei kenna sig við föður sinn og valdi að kenna sig við húsið Skáholt þar sem hann fæddist og ólst upp á Drafnarstíg í Reykjavík,“ segir Guðrún.

Auk borgarljóðsins nefnir Guðrún ljóð eins og Jesú kristur og ég ásamt Herbergið. Við bæði þessi ljóð hafa verið samin lög sem meðal annars Brimkló flutti á sínum tíma.

„Úr því að þeir krossfestu þig kristur hvað gera þeir við ræfil eins og mig, er kannski þekktasta setningin úr ljóðum hans. Hann samdi mikið um sína ógæfu og var ekkert að skafa utan af því. Hann var meðvitaður um bága stöðu sína en á þessum tíma var litla hjálp að fá fyrir fólk sem þjáðist af drykkjusýki,“ segir Guðrún sem segir fólk þó hafa lýst honum sem vel gefnum manni með sterka nærveru.

Vilhjálmur gaf út fjórar ljóðbækur og var að skrifa skáldsögu þegar hann lést. Það handrit hefur að sögn Guðrúnar aldrei komið í leitirnar.

„Fyrir jólin stendur til að endurútgefa ljóðin í tilefni tímamótanna, bæði í bók og á geisladisk.“

Í dag ætlar Guðrún að mæta á bekknum ásamt barnabarni sínu og vonast til að sjá fleiri afkomendur og ættingja í Hallargarðinum.

„Vilhjálmur átti þrjá skilgetna syni og sagan segir hann hafi líka átt óskilgetna dóttur. Ég þekki lítið af þessum afkomendum og ættingjum svo mig langar að minnast afa með litlu ættarmóti við bekkinn svo ég hvet alla afkomendur og ættingja til að mæta að bekknum klukkan fjögur í dag,“ segir Guðrún. **rh@frettabladid.is**



**Ó BORG MÍN BORG** Guðrún Norfjörð Jónsdóttir afabarn Vilhjálms frá Skáholti vonast til að sem flestir afkomendur mæti að bekknum í dag klukkan fjögur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, langa, lang amma*

**Guðbjörg Magnea Jónsdóttir**

Lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli þann 10. ágúst. Jarðarförin fer fram í Fossvogskirkju mánudaginn 20. ágúst kl. 11.00

**Guðjón Skagfjörð og aðstandendur.**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Sigurgeir Magnússon**

húsgagnasmiður,

sem andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði aðfaranótt sunnudagsins 5. ágúst. Hann verður jarðsunginn frá Fella- og Hólakirkju þriðjudaginn 21. ágúst. kl. 15.00.

**Bára Sigurgeirsdóttir** **Vagn Gunnarsson**
**Ægir Fr. Sigurgeirsson**
**Hrönn Sigurgeirsdóttir** **Hrólfur S. Jóhannesson**
**Friðrik Sigurgeirsson** **Hólmfríður Karlsdóttir**
**Þórdís Sigurgeirsdóttir** **Eyjólfur Baldursson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir mín, amma okkar, langamma og systir,*

**Pálína Kristín Björnsdóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli laugardaginn 11. ágúst. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Rósa Björg Andrésdóttir**
**Andrés Páll Hallgrímsson** **Ragnheiður Guðnadóttir**
**Hallgrímur Valur Hallgrímsson** **Kikki Kristine Koch**
**Stefán Þór Hallgrímsson**
**Ingibjörg Björnsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



## 50 ára afmæli

Hinn 11. ágúst sl. varð fimmtugur

**Örn Johansen**

framkvæmdastjóri.

Af því tilefni langar okkur að bjóða ættingjum og vinum að samgleðjast okkur og þiggja léttar veitingar í dag 18. ágúst frá kl. 20 til 23 í félagsaðstöðu Þróttar á Sævarhöfða 12 í Reykjavík.

Örn Johansen og frú.

Tilkynningar um merkisatburði á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar sendist auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

TÖLVUVERSLUN

*með þjónustuna í lagi*

# HELGARTILBOÐ





**ASUSAUKAHLUTAPAKKI**

- **1GB minnislykill FYLGIR**
- **Vönduð optical mús FYLGIR**
- **Vönduð taska FYLGIR**

## ASUS FX51R FARTÖLVA

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800)
- Intel Celeron M520 1.6GHz örgjörvi
- ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort (shared)
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Sound Blaster Pro hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Basic stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja

**VERÐ kr. 69.900**

ASUSAUKAHLUTAPAKKI

## ASUS F5R FARTÖLVA

- 15.4" TFT WXGA breiðskjár (1280x800) með innbyggðri vefmyndavél
- Intel Core Duo T2130 örgjörvi
- ATI RADEON Express X1100 128MB skjákort
- 1GB DDRII 667MHz vinnsluminni (mest 2GB)
- 120GB 5400rpm SATA harður diskur
- Azaila samhæft hljóðkort
- 10/100 Fast Ethernet og WLAN 802.11b/g netkort
- SD/MMC/MS/MS PRO kortalesari
- 8x DVD Dual Layer brennari
- 4 USB 2.0 og VGA út tengi
- Line in, Mic og heyrnartólstengi
- Windows Vista Home Premium stýrikerfi
- Norton Antivirus og Nero Lite 6.0 fylgir
- ASUS hugbúnaðarpakki fylgir
- Flott taska og lasermús fylgja

**VERÐ kr. 89.900**

ASUSAUKAHLUTAPAKKI



## 19" ASUS TÖLVUSKJÁR

- 19" LCD tölvuskjár
- 5ms svartími
- 114x900 punkta upplausn
- Skerpa: 800:1
- Innbyggðir hátalarar

**kr. 16.990**

Verð áður kr. 24.900

## MICROSOFT OFFICE 2007

Microsoft Office 2007 Home / Student
Word, Excel, Powerpoint og Onenote

**kr. 14.900**

Keypt með tölvu
**kr. 9.990**







## SJÓNVARPSFLAKKARI

- Sarotech Abigs 250GB
- Spilar alla helstu staðla á video, ljósmyndum og tónlist
- Fjarstýring og kaplar fylgja

Sarotech

**kr. 19.900**

## 512MB FARTÖLVUMINNI

512MB DDR & DDR2 fartölvuminni

**Frá kr. 990**



## HEYRNARTÓL

PHILIPS JVC SENNHEISER

**ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR**




Skemmtilegir bolir með ýmsum „tölvutengdum" áletrunum.

**kr. 1.490**



## GEISLADISKAR

Áprentanlegir CD diskar - 25 stk.

**kr. 1.490**

TRENDnet

## Allur TRENDNET NETBÚNAÐUR

**30% AFSLÁTTUR**

JBL
ASUS
PHILIPS
SanDisk
JVC
Sarotech
CREATIVE
RAZER
PATRIOT MEMORY
SPEED LINK

## OPIÐ ALLA HELGINA

**KL. 11 -17 í dag, laugardag**
**KL. 12 - 16 á morgun, sun.**

SJÁIÐ FRÁBÆRT ÚRVAL TÖLVUBÚNAÐAR Í VERSLUN OKKAR

# TAKKAR

**TÖLVUVERSLUN** - SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 534 1000 - TAKKAR.IS

# Action Man grætur líka

Bretinn **Roger Johnson** var fyrirmynd Action Man-dúkkunnar þegar hann var í sérsveit breska hersins. Líf hans hefur verið allt annað en dans á rósum og hann ferðast nú um heiminn til að segja karlmönnum að það sé ekkert að því að tala um tilfinningar. *Anna Margrét Björnsson* spjallaði við Johnson um æviferilinn og væntanlega hringferð um Ísland á reiðhjóli.

Action Man býr í Chichester, litlum bæ í West Sussex í Suður- Englandi. Roger Johnson er núna 65 ára gamall, með hvítt hár og himinblá augu en þegar hann var rúmlega tvítugur í þjálfun hjá sérsveit breska hersins var hann myndaður í þeim tilgangi að nota hann sem fyrirmynd Action Man-dúkkunnar. „Það gekk maður að hópnum, benti á mig og sagði, „ Ég vil þennan mann þarna. Hann er með mjög sterkt andlit.“ Af gömlum myndum má sjá að Roger svipar mikið til leikfangsins, með sterkbyggðan kjálka, hökuskarð og dökkt hár. „Ég var þá myndaður í bak og fyrir og dúkkan birtist fyrst í verslunum árið 1964 sem eins konar félagi Cindy-dúkkunnar.“ Þegar ég spyr hvort hann hafi ekki fengið væna fúlgu í vasann fyrir módelstarfið hlær hann dátt. „Nei, ég fékk aldrei krónu. Ég var í hernum og ég gerði bara það sem mér var sagt, meðal annars þetta.“



**ROGER JOHNSON** Hættur að leika ofurmenni í hernum og ætlar að hjóla hringveginn í kringum Ísland í lok ágúst. „Annaðhvort tekst mér þetta eða ég drepst!“

### Erfið og einmanaleg æska

Roger átti aldrei leikföng sjálfur þegar hann var lítill drengur. „ Ég veit ekki hverjir raunforeldrar mínir voru en ég var á munaðarleysingjahæli þar til ég varð tveggja ára. Þá var ég ættleiddur en ári eftir að ég kom á nýja heimilið eignaðist fósturmóðir mín eigið barn. Hann varð litli prinsinn á heimilinu en mér var algjörlega útskúfað og var aldrei kallaður annað en „strákurinn þarna“. Ég fékk ekki að sitja með fjölskyldunni við matarborðið og fékk bara afganga að borða. Fósturmóðir mín batt hendur mínar við borðið ef ég sat ekki beinn í baki og barði mig á fingurna með priki. Mér gekk afskaplega illa í skóla, ég hugsa að það hafi verið vegna þess hve skemmdur ég var af ofbeldinu sem ég þurfti að sæta heima. Þegar ég var spurður út í margföldunartöfluna eða stafrófið þá varð heilinn á mér tómur. Skólastjórinn í skólanum tók mig oft afsíðis en þá tóku við óþægilegar strokur og gælur. Það þýddi ekkert að segja foreldrum mínum frá þessu því þá var ég bara laminn og sagt að hætta að segja ógeðslega hluti um skólastjórann. Þegar ég varð fjórtán ára gamall henti mamma dagblaði í höfuðið á mér og sagði mér að hypja mig að heiman. En þegar ég tók dagblaðið upp sá ég auglýsingu á baksíðunni fyrir breska sjóherinn og þá datt mér fyrst í hug að verða hermaður, að fá orður og gera hluti sem gætu gert fólk stolt af mér.“ Roger var þá of ungur til að bera vopn sem hermaður en fékk inngöngu sem trommari í herlúðrasveitinni. Lífið í hernum var mjög agað og erfitt. „ Ef mér varð á að blóta var ég látinn borða sápu og eins ef ég var staðinn að því að reykja varð ég að borða sígaretturnar mínar.“

> Þegar ég varð fjórtán ára gamall henti mamma dagblaði í höfuðið á mér og sagði mér að hypja mig að heiman. En þegar ég tók dagblaðið upp sá ég auglýsingu á baksíðunni fyrir breska sjóherinn. Þá datt mér fyrst í hug að verða hermaður, fá orður og gera hluti sem gæti gert fólk stolt af mér.

### Lífið sem alvöru „Action Man“

Skömmu síðar fór Roger að æfa í sérsveit og varð yngsti „commando“ foringi deildarinnar, þá aðeins átján ára gamall. Þá tók við líf í anda Action man-dúkkunnar en á þessum tíma æfði hann fallhlífastökk, klifur og framkvæmdi leyniaðgerðir á fjarlægum slóðum. Roger kleif meðal annars Kilimanjaro-fjallið í Afríku, fann upp nýjar björgunaraðferðir með þyrlum og var sérhæfður í næturklifri. Eins tók hann þátt í heraðgerðum í frumskógum, í háfjöllum og eyðimörkum. Roger lærði einnig austrænar bardagalistir og varð afbragðsgóður kafari. „Ég var orðinn hættufíkill en hafði afskaplega gaman af þessu. Kannski var ég haldinn sjálfseyðingarhvöt en þetta líf í hernum hélt mér í burtu frá allri vitleysu. Þegar ég var unglingur fannst mér svo gaman að klifra að ég braust oft inn í hús, án þess þó að stela neinu. Í þessu umhverfi hafði ég aga og gat ekkert gert af mér. Ég ferðaðist um hálfan hnöttinn, aðallega um Asíu og Miðausturlönd.“ Ég spyr hvað hafi verið hættulegasta verkefnið á þessum tíma? „ Það var án efa árið sem ég eyddi í heræfingum í Dala-eyðimörkinni í Kasakstan. Það var ansi harkalegt og erfitt fyrir líkama og sál. En hvað svo sem fólki kann að finnast um hermennsku þá var þetta ákveðin lausn á tímum þegar engar félagsstofnanir voru til fyrir stráka eins og mig. Þarna eignaðist maður fjölskyldu og fékk þann aga sem maður þarfnaðist.“

### Brotnaði saman

Þegar Roger eignaðist fjölskyldu hætti hann í hernum og fór að vinna sem sjúkraliði en endaði svo í byggingarvinnu. Hjónabandi hans lauk fyrir um fimmtán árum og þá flutti hann í burt frá eiginkonu sinni og þremur börnum. Nokkrum árum síðar fór síðari sambýliskona hans frá honum og hann missti húsið sitt í fjárhagskröggum. Faðirinn sem ættleiddi hann lést á sama tíma og þá uppgötvaði Roger að fósturbróðir hans hefði erft næstum því allar eigur foreldranna. „Ég fór algjörlega niður á botninn. Ég fékk taugaáfall og þjáðist af þunglyndi. Ég hugleiddi oft að stytta mér aldur. Oft flaug mér í hug að stökkva niður af brú til að enda allan þennan sársauka. En sem betur fer fór ég að hitta sálfræðing og tókst að opna fyrir alla þá kvöl sem blundaði innst inni í mér. Mér var boðið upp á geðlyf en ég tók þau aldrei. Það eina sem ég þurfti á að halda var að gráta, og leyfa sársaukanum að streyma út. Ég vildi að ég hefði getað talað við einhvern fyrr. Konur mega tala um tilfinningar. Karlmenn eiga að vera sterkir og halda öllu inni. Þetta er aðeins að breytast en þetta viðgengst enn þann dag í dag. Ætlunarverk mitt er að reyna að fá karlmenn á mínum aldri, og jú, alla karlmenn, til að skilja að það er enginn veikleiki að tala um tilfinningar. Karlmenn þurfa og eiga að gráta. Og ef Action Man sjálfur getur grátið þá hljóta aðrir naglar að geta það líka,“ segir hann og hlær hlýlega.

### Ferðalag um Ísland

Um þessar mundir er Roger í BA-námi í tónlist við háskólann í Chichester. „Ég er elsti maðurinn þar og mér finnst þetta svakalega erfitt. Þú verður að athuga að ég kláraði ekki einu sinni barnaskóla. En þetta er óskaplega gaman. Ég er alveg kominn út úr þessum karlmannlega heimi hersins, er umkringdur hámenntuðu fólki og reyndar aðallega kvenfólki. Þau eru öll afskaplega góð við mig og ég er afar heppinn maður. Hver hefði ímyndað sér að Action Man myndi skipta á hríðskotabyssunni sinni og nótnapúlti!“

Þegar Roger er ekki í skólanum nýtir hann tímann til þess að hlaupa maraþon, keppa í þríþraut og stunda hjólreiðar. „Á hverju ári fer ég í hjólaferðalag. Ég hef til dæmis hjólað yfir Pýreneafjöllin og í fyrra hjólaði ég um endilangan Noreg, alla leið norður fyrir heimskautsbaug. Það var afar erfitt.“ Eftir tvær vikur ætlar Roger að leggja land undir fót á ný og heimsækja Ísland í fyrsta sinn. „Ég ætla að hjóla hringveginn. Ég hef lesið ýmislegt um landið og mér skilst á öllu að það séu bara masókistar og fólk með geðveilur sem ákveður að leggja í þennan hjólatúr,“ segir hann og hlær. „Ég er mjög spenntur fyrir ferðalaginu og á nokkra kunningja frá Íslandi. Hins vegar var ég að greinast með sykursýki og ég vona að það eigi ekkert eftir að aftra mér. Ég meina, það getur bara tvennt gerst, annaðhvort tekst mér þetta eða ég drepst,“ segir hann glaðhlakkalega. „Hvert sem ég fer þá vil ég vekja athygli á því sem ég lenti í og vona að það geti orðið öðrum karlmönnum til góðs.“ Roger segist vonast til þess að menn á hans aldri muni að það er alltaf hægt að byrja upp á nýtt, alveg sama hver aldurinn er. „Maður er aldrei of gamall til að prófa nýja hluti. Ég hef lært að vera jákvæður og bjartsýnn og hugsa vel og fallega til fólks. Maður á aldrei heldur að slúðra um fólk því það kemur bara beint aftur í kollinn á manni. Ég er ekki reiður neinum í fortíð minni. Núna er ég bara upptekinn af því að lifa lífinu og hugsa ekki um hvað öðrum finnst um mig. Ég er í sérlega farsælu sambandi við sjálfan mig. Ekkert myndi gleðja mig jafnmikið og að geta hjálpað mönnum sem lesa sögu mína að leita hjálpar ef þeir þurfa á henni að halda.“ ■

## ACTION MAN



Svona leit Action Man út í kringum árið 1978.

**Fyrsta Action man-dúkkan var framleidd árið 1964 sem leikfangið „ Tommy Gun“. Fljótlega breyttist nafnið í „Action Man“ og þá varð þessi herklædda dúkka geysilega vinsæl. Action Man hafði hreyfanleg augu og hendur sem gátu gripið í hluti, og var fáanlegur í ýmsum búningum. Action Man var til dæmis vinsælasta leikfang Bretlands allt þar til árið 1984 þegar framleiðslu hætti. Leikföng eins og Star Wars höfðu náð forskoti og það þótti ekki siðferðislega rétt lengur að gefa börnum hermenn með byssur í afmælisgjöf. Árið 1996 kom hins vegar nýr Action Man á sjónarsviðið en sá var minni en hinn upprunalegi og var meira fyrir jaðarsport heldur en hermennsku.**



ROGER JOHNSON, 1963

# Íslensk hönnun

Taskan er hönnuð með tilliti til allra þeirra þátta sem iðjuþjálfar og heilsugæslur hafa bent á að þurfi að vera til staðar til að álag dreifist jafnt á líkama skólabarnsins. Auk þess er taskan vel búin endurskinsmerkjum, barninu til öryggis í skammdeginu.

# Mimo

Office 1 Superstore





- Bak töskunnar er létt og sterkt og taskan liggur þétt að hryggnum og mjóbaki. Mjúkir púðar á snertiflötum hlífa bakinu.
- Glitaugu eru bæði að framan og aftan.
- Axlarólar eru breiðar og bólstraðar og hægt er að stilla lengdina með einu handtaki. Á axlarólum er lítill vasi með útdraganlegri lyklakippu.
- Á töskunni eru brjóst- og mjaðmafestingar til að halda henni sem næst líkamanum. Þetta auðveldar mjög að hlaupa eða hjóla með töskuna. Auðvelt að stilla lengdir á festingum.
- Á hlið töskunnar er vasi fyrir drykkjarbrúsa.
- Tvö rúmgóð aðalhólf með stífum botni.
- Endurskinsrendur eru mjög áberandi um alla töskuna. Endurskinsmerki eru á lengingarböndum og bakhlið íþróttapoka er einnig með góðu endurskini.
- Íþróttapokanum er smellt á töskuna bæði að ofan og neðan, sem gerir það að verkum að pokinn sveiflast ekki til þegar hlaupið er eða hjólað. Auðvelt er að smella pokanum af og á. Með einföldu handtaki er hægt að gera pokann að litlum bakpoka.







* Á axlarólinni er lítill vasi með útdraganlegri lyklakippu, sem fylgir öllum **Mimo** töskum hjá Office 1.



## Opnunartímar

Office 1 Superstore

**18.-25. ágúst**

**Office 1 Ísafirði**
Mán.-Fimmt 10-21
Föstudaga 10-18
Laugardaga 11-16
Sími: 550-4170

**Office 1 Akureyri**
Virka daga 10-20
Laugardaga 11-16
Sími: 550-4150

**Office 1 Egilsstöðum**
Mán.-Þriðjud. 9-18
Mið.- Föst. 9-22
Laugardaga 10-22
Sími: 550-4160

**Office 1 Skeifunni 17**
Virka daga 9-22
Laugardaga 9-22
Sunnudaga 9-22
Sími: 550-4100

**Office 1 Smáralind**
Virka daga 11-19
Fimmtudaga 11-21
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18
Sími: 550-4140

**Office 1 Hafnarfirði**
Mán. - Fimmt 9-20
Föstudaga 9-18
Laugardaga 10-16
Sími: 550-4100

**Office 1 Selfossi**
Virka daga 10-20
Laugardaga 10-16
Sími: 550-4190

**Office 1 Vestmannaeyjum**
Virka daga 9-20
Laugardaga 10-16
Sími: 550-4180



**OPIÐ TIL KL. 21.00 Í SKÚTUVOGI**

Verslaðu skólavörurnar í **Húsasmiðjunni.** Office 1 er komin í Húsasmiðjuna og verður í eftirfarandi verslunum okkar: **Skútuvogi, Grafarholti, Akureyri, Keflavík og Ísafirði.**

**Húsasmiðjan - ekkert mál!**


ÚTS
Útsalan í fullum gangi!
VERÐ DÆMI!
35% afsláttur
5.197
7.995
Vnr. 65761600
Ryksuga BOSCH
BOSCH ryksuga, blá 1600 W.
40% afsláttur
1.556
2.595
Vnr. 68116116
Vinnuborð
LUX vinnuborð.
50% afsláttur
2.245
4.490
Vnr. 50170182
Heimilistrappa
Heimilistrappa 2 þrep.
1.890 kr./m²
Vnr. 0113845
Parket
WODDLINE beyki parket,
14,5x190x1820 cm.
50% afsláttur
af pólska Bolislawec
kaffi- og matarstellinu!

# ALA

GERÐU FRÁBÆR KAUP!

allt að

# 60%

afsláttur

*Komdu og tryggðu þér besta verðið í tíma!*

BYKO

GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

# Besti auðmaður Íslands

Hvort sem okkur líkar það betur eða verr eru auðmenn orðnir jafn fyrirferðarmiklir í þjóðfélagsumræðunni og jólabækurnar. Sitt sýnist hverjum og meðan sumir eru elskaðir og dáðir fá hinir skömm í hatt fyrir bílífi. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* leitaði til málsmetandi aðila og fékk þá til að leggja dóm á hvaða auðkýfingar væru í mestum metum hjá þjóðinni.

Sumum finnst það hafa verið í gær þegar íslenskir milljónamæringar voru teljandi á fingrum annarrar handar. Lífsstíll þeirra var heldur ekki svo ýkja fjarri eigin tilveru þjóðinnar. Áttu kannski bara aðeins dýrari bíla, frúrnar síðari pelsa og á mánudagskvöldum gat maður séð þeim bregða fyrir á Grillinu.

Slíkir menn, menn eins og Þorvaldur í Síld og fisk og Pálmi í Hagkaupum, voru ekki mikið fyrir að berast á og út á við fannst mörgum sem þeir sætu sáttir á sínum sjóð. Helst var að Íslendingar tækju veruleikatékk á ríkidæmi þeirra þegar álagningarseðlar Ríkisskattstjóra voru bornir út. Og þá stóðu menn líka á öndinni yfir öllum þeim milljónum sem fiskverkandinn og kaupmaðurinn áttu.

**Vinnan göfgar manninn**

Það er af sem áður var. Eignir auðmannanna rúmast ekki lengur í Jóakims Andar-kistu uppi á háalofti því milljónirnar eru orðnar að milljörðum og lífsstíllinn minnir fremur á ameriskættaða auðjöfra en gamla góða kvótakónga með veðurbarin nef. Einkaþotur, stórstjörnupartí og hallir í hverri stórborg er nýr einkennisklæðnaður íslensku auðmannanna og þjóðin stendur vandræðaleg hjá og veit ekki alveg hvernig hún á að taka þessari nýju tegund fyrirmanna. „Það er auðveldara fyrir úlfalda að komast í gegnum nálaraugað en auðmann í himnaríki,“ stendur skrifað í hinni heilögu bók og það sama á eflaust við um aðgengi auðmanna að hjörtum Íslendinga. Þjóðin hefur nefnilega oftar en ekki haft horn í síðu nýríkra Íslendinga og ríkidæmið skal hafa kostað þá sem njóta þess blóð, svita og tár. Ef marka má álitsgjafa Fréttablaðsins reynist þetta raunin því maðurinn sem að mati Íslendinga er besti auðkýfingur landsins hefur svo sannarlega tekið dýfur í öldudalnum. Fyrir örfáum árum reis Björgólfur Guðmundsson upp úr öskustónni og heillaði landsmenn upp úr skónum þegar hann sveif inn í Landsbankann í teinóttum jakkafötum. Hnarreistur og stoltur átti þessi gráspengdi listunnandi endurkomu aldarinnar en tæpum þrjátíu árum áður hafði Björgólfur orðið undir í valdabaráttunni í kringum Hafskipsmálið. Og þjóðin hugsaði: Þetta er þá hægt.

„Ég er að sjálfsögðu ánægður og stoltur,“ sagði Björgólfur þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Það er gaman að vita til þess að fólk telji að amstur manns komi einhverju góðu til leiðar og það kitlar alltaf að vera sagður bestur á einhverjum vettvangi. Ég vona hins vegar að ég sé ekkert betri eða verri núna en ég var þegar ég var blankur.“

**Óskasonur þjóðarinnar**

Næstbesti auðkýfingurinn er eplið. Sonurinn, Björgólfur Thor, ríkasti maður Íslandssögunnar, hefur þrátt fyrir sína tæpu þrjú hundruð milljarða ekki styggt hina sívinnandi þjóð heldur er hann „strákurinn okkar“. Maðurinn, sem er á lista Forbes yfir ríkustu menn heims, var jafnframt valinn sá kynþokkafyllsti af þeim öllum og eru sigrar hans á erlendri grundu engu síðri í augum almennings en afrek landsliða okkar og Bjarkar Guðmunds.

Í þriðja sætinu situr síðan Jóhannes Jónsson, jafnan kenndur við Bónus. Nefndu margir að hann væri holdgervingur íslenska verkamannsins og erfitt að líka illa við þá sem byrja með tvær hendur tómar. Ekki skemmir líka að margir þakka honum fyrir lágt vöruverð, og jólasveinalegt yfirbragð hans þykir vinalegt og aldrei að vita hvað hann dregur upp úr pokanum. Aðrir sem skoruðu hátt voru systkinin Ingibjörg og Sigurður Pálmabörn. Nokkrir nefndu einnig Ólaf Ólafsson og Ingunni Wernersdóttur. Jón Ásgeir Jóhannesson komst einnig á blað en var þó mun umdeildari en vinningshafarnir. ■

> ... það kitlar alltaf að vera sagður bestur á einhverjum vettvangi. Ég vona hins vegar að ég sé ekkert betri eða verri núna en ég var þegar ég var blankur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ SAMSETT MYND: KRSTINN/ OLGA



**AFI OG JÓLASVEINN ÞJÓÐARINNAR** Sagan af Björgólfi Guðmundssyni er sagan af hetjunni sem sneri úr útlegð og hreif þjóðina með sér. „Án allrar beiskju,“ eins og einn álitsgjafi Fréttablaðsins komst að orði.



**EPLIÐ FÉLL EKKI LANGT** Björgólfi kippir í kynið og hefur hann ekki síður en karl faðir sinn hæfileikann til að heilla fólk.



**SVÍKUR EKKI LIT** Jóhannesi í Bónus er það helst talið til tekna að umbreyta ekki lífsstíl sínum þrátt fyrir auð sinn og margir eru glaðir að hann skuli enn sjást í köflóttu skyrtunni spila golf á Akureyri í stað þess að halda partí á Mustique.

## Um Björgólf Guðmundsson:

➜ „Íslenski greifinn af Monte Christo. Hrakinn og smánaður fór hann út í hinn stóra heim, kom aftur og lagði andstæðinga sína hvern af öðrum. Góðlegur karl sem maður vildi helst að væri afi barnanna sinna. Ímyndarstyrkurinn liggur þó síst í þeim teinóttu heldur fyrst og fremst í Edmond Dantes bakgrunninum og þessum djúpu, góðlegu augum sem endurspegla harm og glæsta sigra. Við elskum að elska Björgólf eldri.“

➜ „Í góðgjörðum hefur Björgólfur komið víða við og gert miklu meira en fólk áttar sig á.“

➜ „Lífsreyndur maður sem kynnst hefur mótlæti af ýmsu tagi. Erfiðleikarnir hafa örugglega eflt samkennd hans með þeim sem eiga við vandamál að etja - og það er mikill kostur í fari auðmanns. Þar að auki á hann einstaka konu.“

➜ „Afi og jólasveinn þjóðarinnar.“

➜ „Björgólfur eldri er mjög elegant maður og svolítill sundurgerðarmaður í fatastíl, en á mjög flottan máta. Gary Grant, Peter Lawford stíll. Hann er mjúkt samkvæmisljón og virðist reyna að styrkja góðu og mjúku málefnin, af vilja og áhuga, en ekki af sýndarmennsku.“

➜ „Man tímanna tvenna og er því nokkuð niðri á jörðinni. Ef maður sér hann úti á götu er hann iðulega brosandi og virðist heilsa öllum. Svo er hann nokkuð galsafenginn í klæðaburði og minnir einna helst á Willy Wonka.“

➜ „Björgólfur hefur aldrei sýnt beiskju vegna þeirrar meðferðar sem hann varð fyrir eftir Hafskipsmálið en honum hefur samt örugglega ekki leiðst að sölsa undir sig fjöregg Kolkrabbans, Eimskipafélagið, og hluta það í sundur.“

➜ „Kurteis og alþýðlegur í viðmóti og talar við alla á jafnræðisgrundvelli.“

➜ „Björgólfur nýtur þess greinilega fram í fingurgóma að deila auði sínum með fólkinu í landinu og uppsker mikla virðingu fyrir stuðning sinn við menningarmál. Hann gefur auðvaldinu og græðginni milda ásjónu og sveipar það virðulegum blæ.“

➜ „Þótt hann lifi í vellystingum gerir hann það með reisn og hefur ekki orðið óhófinu að bráð.“

## Um Björgólf Thor Björgólfsson:

➜ „Björgólfur Thor er maður sem lætur ekki vaða yfir sig á skítugum skónum. Að undanförnu finnst mér hann þó hafa gerst gráðugri en góðu hófu gegnir og fær hann mínus fyrir það. En til að ná velgengni líkt og hann hefur náð verður maður að vera harður og láta til sín taka öðru hverju. Það má ekki gleyma því að hann hefur stutt fjölmörg góðgerðasamtökin þrátt fyrir að sá eldri sé yfirleitt í forsvari fyrir þeim og fær því allt kreditið.“

➜ „Björgólfur Thor átti án efa mjög góðan leik þegar hann keypti sér einkaþotu, lét sprauta hana svarta og merkja sér. Það kallar maður stöðutákn.“

➜ „Björgólfur Thor kemur fyrir sem venjulegur ungur maður, sem reynir að halda lífi sínu eins eðlilegu og hægt er, miðað við aðstæður. Virkar dálítið kaldur, sem er líklega sjálfsvörn hans.“

➜ „Hann heldur sig afskaplega mikið til hlés og er nánast eina „big-shotið“ á Íslandi sem ekki mætir í viðtöl til að tala um sjálfan sig og líf sitt. Virðist í alvöru halda það mottó að einkalífið eigi ekki heima í fjölmiðlum, þannig að það er yfirleitt skrifað um hann, frekar en að menn nái einhverju upp úr honum sjálfum.“

➜ „Björgólfur Thor á svo góða mömmu. Hún hlýtur að hafa innrætt honum guðsótta og góða siði.“

➜ „Á örugglega flottustu þotuna og veglegan bílaflota. Þá kann hann að skemmta vinum sínum og gera vel við þá. Þetta hlutverk fer honum bara svo vel að maður finnur litla tilhneigingu til að öfundast út í hann. Mun frekar að maður öfundi vini hans sem fá að djamma á Jamaíku og lóma við strendur Cannes í snekkju með Brad Pitt. Ég vil ekki vera Björgólfur Thor en ég vildi gjarnan vera vinur hans.“

## Um Jóhannes Jónsson:

„Verkamannatýpan af íslenskum milljónerum sem er enn „blue collar“ út í gegn þrátt fyrir auðinn. Hann er enn maður fólksins og verður það alltaf. Gervið hans hefur virkað í öll þessi ár. Allt frá því hann var feitur, gjaldþrota karl í köflóttri skyrtu sem opnaði verslun með eina milljón milli handanna. Hann er í betra líkamlegra formi í dag, þúsund sinnum ríkari en samt er hann enn þessi glaðlegi þétti kall.“

➜ „Jóhannes hefur allt til alls og skortir ekkert en er ekki að kaupa villur úti um allan heim. Hann hefur það bara notalegt á Akureyri, spilar golf í köflóttu skyrtunni sinni og nýtur lífsins. Ef við værum ekki öll fullkomlega firrt og sturluð í græðginni væri Jói í Bónus sá auðmaður sem við myndum flest öfunda og vilja skipta við.“

➜ „Maður gæti auðveldlega tekið feil á honum og lagerstarfsmanni í betri pípulagningaverslun. Fellur í fjöldann og tekst því á undraverðan hátt að verða maður fólksins og plata það út í alls konar vitleysu.“

➜ „Virðist muna eftir rótunum og rækta sambandið. Til dæmis með því að birtast annað slagið í búðunum og raða klósettpappír. Af því sem maður hefur heyrt er hann mjög alúðlegur við starfsfólk og heilsar öllum en strunsar ekki framhjá því eins og sonurinn á að gera. Að auki er Jóhannes óhræddur við að segja skoðanir sínar, kaupir sér jafnvel heilsíður ef honum liggur sérlega mikið á hjarta.“

**ÁLITSGJAFAR FRÉTTABLAÐSINS** **Dr. Gunni**, tónlistarmaður, **Dröfn Ösp Snorradóttir**, viðskiptastj. Fíton, **Einar Kárason**, rithöfundur, **Elín Gestsdóttir**, framkvæmdastj. Fegurðarsamkeppni Íslands, **Guðjón Jónsson**, leikstjóri, **Guðmundur Arnarsson**, ritstjóri Golfblaðsins, **Heiðar Jónsson**, snyrtir, **Inga Rún Sigurðardóttir**, blaðamaður Morgunblaðinu, **Jónína Leósdóttir**, rithöfundur, **Loftur Atli**, blaðamaður Séð og heyrt, **Sölvi Tryggvason**, fréttamaður Stöð 2, **Þóra Sigurðardóttir**, rithöfundur, **Þórarinn Þórarinsson**, aðst.ritstj. Mannlífs










512 50 50 Auglýsingasími
Mest lesið

Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf
tímapantanir í síma: 535-7700
ferðavernd
Læknasetrið Mjódd, Þönglabakka 1
www.ferdavernd.is ferdavernd@ferdavernd.is




Dodginn hefur verið notaður sem brúðarbíll og Ólafur er ánægður með hann en kveðst þó lengi geta breytt og bætt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bara Dodge-merkið uppi

***Ólafur Rögnvaldsson veðurfræðingur ekur um á athyglisverðum bíl sem hann hefur látið breyta eftir sínu höfði.***

Bíllinn hans Ólafs er Dodge Magnum RT og var keyptur nýr í júní í fyrra. Þegar kíkt er á skottið sést þar bara hrútur sem er merki Dodge. „Við fjarlægðum allar merkingar aftan af honum nema Dodge-merkið. Óþarfi að vera með heila bók þar,“ segir Ólafur þegar haft er orð á þessu atriði.

„Ég var ekki allskostar ánægður með bílinn þegar ég fékk hann svo ég flutti inn aukahluti frá Bandaríkjunum og fékk Sveinbjörn Guðmundsson hjá Bílmálningu ehf. í Hafnarfirði til að hjálpa mér að breyta honum. Það tók okkur sennilega um sex mánuði.“

Ólafur kveðst hafa byrjað á að setja nýjar stífur undir bílinn bæði að framan og aftan. „Dodginn var mjög amerískur og dúaði í fimm mínútur eftir að farið var yfir hraðahindranirnar,“ segir hann og heldur áfram. „Upphaflega var hann silfurgrár en Sveinbjörn sprautaði allan efri hlutann svartan ásamt dökkrauðri rönd á litamótunum. Ennfremur var bíllinn heilglæraður til að lágmarka hnökra á litamótum. Að auki voru settar öflugri bremsur að framan og nýtt húdd sem beinir loftinu inn í loftinntak vélarinnar, sem líka var endurnýjað. Loks voru settar í hann flækjur og sverara púst til að auka aflið, en pústið var sérsmíðað hjá BJB í Hafnarfirði. Til að kóróna allt saman voru settar undir hann 22“ svartkrómaðar felgur ásamt endurforritun á akstursstölvu og samlitaðir bakkskynjarar.“

Hver skyldi svo hestaflafjöldi farartækisins vera að loknum aðgerðunum? „Varlega áætlað bætti bíllinn við sig um 25 hestöflum en óbreytt er vélin skráð 340 hestöfl. Við vitum hins vegar ekki hverju hann bætti við sig í togi.“ Ólafur hlær þegar hann er spurður hvort hann hafi eitthvað við allan þennan kraft að gera og svarar: „Það er mjög mikilvægt að komast fljótt upp í löglegan hraða á milli ljósa!“

*gun@frettabladid.is*




Langar þig að syngja?

Karlakór Reykjavíkur getur alltaf bætt við sig góðum söngmönnum og nú í haust verða haldin raddpróf fyrir þá sem hafa áhuga á að taka þátt. Prófið er ekki flókið en prófað er raddsvið og tónheyrn. Kunnátta í tónlist og nótnalestri er kostur en alls ekki skilyrði.

**Ef þú hefur áhuga á að koma í raddpróf skaltu hafa samband með því að senda okkur línu í netfangið kor@karlakorreykjavikur.is fyrir 31. ágúst næstkomandi.**

Verkefni framundan

Karlakórinn mun fara til Færeyja fyrstu helgina í desember og heimsækja Tórshavnar Manskór og syngja jólatónleika bæði í Þórshöfn og Klakksvík. Um miðjan desember verða jólatónleikar Karlakórsins í Hallgrímskirkju samkvæmt venju. Eftir áramót snýr kórinn sér að fullum krafti að því að æfa fyrir 82. vortónleika sína sem haldnir verða í Langholtskirkju vorið 2008.

Karlakór Reykjavíkur var stofnaður 1926 og hefur starfað samfleytt síðan. Kórinn býður upp á krefjandi og skemmtileg viðfangsefni í tónlist og skemmtilegt félagsstarf í góðum félagskap. Kórinn fer til útlanda í söngferðir að jafnaði annað til þriðja hvert ár auk þess að halda tónleika innanlands. Fastir punktar í starfseminni eru jólatónleikar í Hallgrímskirkju í desember og tónleikar í Langholtskirkju á vorin. Kórinn æfir tvisvar í viku, tvo tíma í senn, og fara æfingar fram í húsnæði kórsins á Grensásvegi 13

Karlakór Reykjavíkur
Grensásvegi 13, Reykjavík
Pósthólf 8006, 128 Reykjavík
www.KarlakorReykjavikur.is



Haustferðirnar vinsælu til St. John's á Nýfundnalandi

17. - 21. nóvember í 4 nætur og 21. - 26. nóvember í 5 nætur
Beint flug aðeins 3 - 3,5 klst. með brottför síðdegis kl.17:00
Bjóðum einnig dvöl allan tímann í 9 nætur

St. John's höfuðborg Nýfundnalands austast í Kanada er áhugaverð og ljúf borg heim að sækja eins og ótalmargir þekkja úr ferðum okkar þangað undanfarin 10 ár. Einstaklega hagstætt að versla. Frábær gestrisni, góðir veitingastaðir, írsk pöbbastemmning og fjölbreyttar skoðunarferðir. Gist á glæsilegum hótelum. Jólaskrúðgangan er 25. nóvember og sjávarútvegssýningin 22. - 24. nóvember.





Dæmi um verð pr. mann miðað við tvo í herbergi, með sköttum:

Holiday Inn, 4 nætur: kr. 62.800 og 5 nætur: kr. 65.600
Marriot, nýtt hótel, 4 nætur: kr. 67.400 og 5 nætur: kr. 71.100
Fairmont Newfoundland, 4 nætur: kr. 71.900 og 5 nætur: kr. 76.600

Hópferðamiðstöðin Vesttravel TREX Travel Experiences

Bókið og staðfestið strax á ferðaskrifstofunni, Hesthálsi 10. Sími: 587 6000 - info@trex.is - www.trex.is

**Týndir bíllyklar** geta verið dýrkeyptir. Þess vegna margborgar sig að vera með kippu merkta umboði eða til dæmis Atlantsolíu. Þessar kippur skila sér í mjög mörgum tilvikum til eigenda.



**Þýskar álkerrur** fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.
N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836



Deals on wheels
CARMAX.is
www.carmax.is

KERRUÖXLAR Í ÚRVALI
og hlutir til kerrusmíða
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



# Liprari í akstri og að flestu leyti tæknilega fullkomnari

***Mikil ánægja ríkir með nýju forsetabifreiðina sem er af gerðinni Lexus LS600h.***



Ríkarður Már Ríkarðsson leysir Einar Sigurjónsson tímabundið af sem aðalbílstjóra forseta Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Um síðustu mánaðamót urðu þau tíðindi að forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, tók við nýrri Lexus-tvinnbifreið af gerðinni Lexus LS600h. Lexusinn leysti þar með af hólmi Mercedes Benz bifreið sem hafði verið í notkun hjá forsetaembættinu frá árinu 1994.

Ríkarður Már Ríkarðsson hefur starfað undanfarin ár sem bílstjóri hjá forsetaembættinu. Um þessar mundir leysir hann af hólmi aðalbílstjóra forsetans, Einar Sigurjónsson, sem er í veikindaleyfi. Ríkarður hefur því umtalsverða reynslu af akstri gömlu og nýju forsetabifreiðarinnar. Hann segir himin og haf aðskilja bílana tvo.

„Það er ekki hægt að neita því að munurinn er gríðarlegur," segir hann. „Ör þróun hefur átt sér stað í framleiðslu bíla undanfarin fimm til sex ár og tæknibúnaður tekið ótrúlegum framförum. Núorðið fær maður til að mynda miklu meira afl út úr eyðsluminni vélum heldur en áður fyrr."

Í því samhengi bendir Ríkarður á að nýja forsetabifreiðin sé búin blendingsvél, sem samanstandi af rafmótor og öflugri átta strokka fimm lítra bensínvél. Billinn sé margfalt umhverfisvænni en eldri bifreiðar og þegar hann er knúinn rafmagninu einu sé hann bæði laus við hljóð og mengandi útblástur. Sá eiginleiki komi sér vel, til dæmis við opinberar athafnir.



Lexus LS600h hefur leyst Bensinn af hólmi.

„Þá getur bíllinn í raun staðið skammt frá þar sem athöfnin á sér stað og verið í gangi, án þess að valda einhverri mengun. Að því leyti er hann einn besti möguleiki sem völ er á. Eftir fimm ár verður framboðið kannski orðið allt annað og þá til dæmis hægt að fá hentugan vetnisbíl og vetnisstöðvar komnar víða. En eins og málin standa í dag er það ekki raunhæfur kostur."

Þar fyrir utan segir Ríkarður Lexusinn mun liprari í akstri og tæknilega fullkomnari en gamla Bensinn hvað öryggisbúnað og aksturseiginleika varðar. Þar skiptir miklu að bifreiðin er fjórhjóladrifin, sem hentar vel ekki aðeins í hálku og snjó, heldur einnig á blautum vegum. Þá er ónefnt að nýi bíllinn er miklu sparneytnari en eldri bílar og umhverfisvænni.

En skyldi Ríkarður ekki finna fyrir örlitlum söknuði eftir gömlu forsetabifreiðinni? „Ég get nú ekki sagt það," segir hann og hlær. „Það var orðið svo mikið viðhald á bílnum og hann þar af leiðandi orðinn dýr í rekstri. Þriggja ára ábyrgð er á þeim nýja svo vænta má að hann verði léttari á fóðrum. En við erum raunar með annan bíl hérna, þroskaðan Cadillac frá árinu 1990, sem er eingöngu notaður við sérstök tækifæri. Um hann gegnir allt öðru máli og ég er ekki frá því að maður hafi taugar til hans."

*roald@frettabladid.is*



Vinnupallar í mörgum stærðum og gerðum, allt eftir þínum óskum.



Einstaklega skemmtileg og vönduð fjölnotatjöld, fáanleg í stærðum frá 50-300fm.
Sjá nánar á topdrive.is
topdrive.is Smiðjuvellir 3 Keflavík Sími: 422-7722
Topdrive.is



Mazda MX-5 Roadstar Coupé var valinn blæjubíll ársins af breska bílablaðinu Auto Express.

# Blæjubíll ársins

***Breskt bílablað er mjög hrifið af Mazda MX-5 Roadster Coupé.***

Breska bílablaðið Auto Express greinir frá því í júlíhefti sínu að sportbíllinn Mazda MX-5 Roadstar Coupé hafi hlotið verðlaunin blæjubíll ársins 2007 í hinni árlegu verðlaunaafhendingu New Car Honours.

Helsta nýjungin við Mazda MX-5 RC er að boðið er upp á nýja útgáfu af hörðu þaki sem hægt er að fella saman með einni hreyfingu.

Bíllinn byggir á töluverðri verkfræðiþekkingu en hið samanfellanlega þak tekur ótrúlega lítið pláss og vegur aðeins um 37 kíló. Brimborg selur Mazda MX-5 en hægt er að sérpanta Mazda MX-5 RC útgáfuna.



Grillo S.p.A
Veldu Grillo sláttuvélar
Hjá DeDion færðu breiða línu smávinnuvéla á beltum eða hjólum. frá hinum þekkta smávélaframleiðanda Grillo á Ítalíu.
Auðveldaðu þér verkið. Auktu á hagkvæmni í rekstri með Grillo vinnuvélum.
Tækin frá Grillo eru einstaklega vel hönnuð og hugsuð til að vinna sem best með stjórnandanum. Við hönnunina er einnig tekið tillit til aðgengis þegar þjónusta þarf vélina. Grillo sláttuvélarnar hafa aflúttak. Þú getur breytt vélinni í sóp, snjóblásara eða ýtu. Frábær lausn fyrir gangstéttar, bílaplön og stóra sem smáa grasfleti. Hafðu samband við DeDion.
**Veldu Grillo fyrir öruggari rekstur allt árið.**
Grillo FD1500 4x4 afkastar 11.500 m² á klukkutíma.
Aflaðu þér nánari upplýsinga
Hringdu núna, s: 462 6900
www.grillo.is
DeDion | Draupnisgötu 7L | 603 Akureyri
Sími 462 6900 | dedion@dedion.is | www.dedion.is
DeDion Smávélar & Þjónusta
NATURALIS



**Viður** er þemað fyrir fylgihluti haustsins. Hvort heldur skart, skó eða jafnvel töskur.





Skærbleikur samfestingur frá Stellu McCartney.

## Stella í undirfötin

NÝ UNDIRFATALÍNA EFTIR STELLU MCCARTNEY ER VÆNTANLEG Á MARKAÐ INNAN SKAMMS.



Stella er alltaf að.

Stella McCartney hefur bætt enn einni fjöðrinni í hattinn sinn. Nú hefur þessi fjölhæfi tískuhönnuður snúið sér að undirfötum, sem hún mun hanna í samstarfi við undirfatafyrirtækið Bendon en meðal annarra samstarfsfélaga fyrirtækisins má nefna Elle Macpherson Intimates.

Stella mun leggja áherslu á náttúrulega og nýmóðins hönnun en undirfötin verða úr dýrum og fínum efnum líkt og náttúrulegri baðmull og silki. Litaflóran verður týpísk fyrir Stellu; antíkbleikur, kremaður, blár og perlugrár.

Stella segist sjálf vera með áráttu fyrir undirfatnaði og þetta hafi því legið nokkuð beint við.

Undirföt Stellu koma í verslanir í Bandaríkjunum í janúar 2008.




# Frá morgni til kvölds

***Samfestingar eru komnir aftur í tísku og hafa aldrei verið flottari.***

Tískuhúsin úti í heimi hönnuðu talsvert af samfestingum fyrir veturinn. Ekki eru þeir þó ætlaðir til nota á bílaverkstæðinu heldur til daglegra nota bæði í leik og starfi. Samfestingur Stellu McCartney í skærbleikum lit hentar vel kvölds og morgna og er sérstaklega flottur við háa hæla. Með nokkrum perlufestum og hönskum verður samfestingurinn enn flottari eins og sá sem Anna Sui hannaði. Þeir henta einnig vel í kuldanum eins og Chanel minnir okkur á og fara þá vel með treflum og húfum og vetrarstígvélum. *- keþ*



Anna Sui hannaði þennan gyllta samfesting.



Glæsileikinn í fyrirrúmi hjá Marc Jacobs.


# GÖTUMARKAÐUR

## LAUGAVEGI 91

# VERÐHRUN

## ...á fatnaði, skóm og fylgihlutum

Ótrúlegt verð !!

| | | |
|---|---|---|
| BOLIR | FRÁ: | 990 |
| DÖMU-SKÓR | FRÁ: | 1.990 |
| HERRA-SKÓR | FRÁ: | 2.990 |
| DÖMUSTÍGVÉL | FRÁ: | 2.990 |
| JAKKAR | FRÁ: | 2.990 |
| JAKKAFÖT | FRÁ: | 7.990 |
| DIESEL GALLABUXUR | FRÁ: | 5.990 |
| HERRA LEÐURJAKKAR | FRÁ: | 5.990 |
| DÖMU GALLABUXUR | FRÁ: | 3.990 |
| KJÓLAR | FRÁ: | 1.990 |

kaffi og kleinur

OPIÐ:

Í DAG 10-20

galleri laugavegi 91



CENTRUM eva gs skór galleri sautján

**Nýfundnaland** er áfangastaður hópferðamiðstöðvarinnar Trex í haust. Nýfundnaland er austasta fylki Kanada og verður ferðin blanda af skemmti- og verslunarferð. www.trex.is


# Síðsumarveisla Heimsferða

frá kr. 14.990

í ágúst og september

Frábær sértilboð - síðustu sætin



Heimsferðir bjóða síðustu sætin í síðsumarsólina austan hafs og vestan á frábærum kjörum. Tryggðu þér síðbúið sumarfrí á ótrúlegu verði! Nánar á www.heimsferdir.is.

**Bókaðu núna!**

**Fuerteventura** - síðustu sætin

| | | |
|---|---|---|
| 21. ágúst | örfá sæti - 2 vikur | frá kr. 34.990 |
| 4. sept. | örfá sæti - 2 vikur | frá kr. 34.990 |

**Montreal - Kanada** - síðustu sætin

| | | |
|---|---|---|
| 23. ágúst | 19 sæti | frá kr. 29.990 |
| 30. ágúst | örfá sæti | frá kr. 29.990 |
| 6. sept. | örfá sæti | frá kr. 29.990 |
| 13. sept. | örfá sæti | frá kr. 29.990 |
| 20. sept. | örfá sæti - 8 nætur | frá kr. 29.990 |

**Mallorca** - síðustu sætin

| | | |
|---|---|---|
| 24. ágúst | nokkur sæti | frá kr. 29.990 |
| 31. ágúst | nokkur sæti | frá kr. 29.990 |

**Costa del Sol** - síðustu sætin

| | | |
|---|---|---|
| 22. ágúst | 17 sæti | frá kr. 39.990 |
| 29. ágúst | örfá sæti | frá kr. 39.990 |
| 5. sept. | nokkur sæti | frá kr. 39.990 |
| 12. sept. | nokkur sæti | frá kr. 39.990 |
| 19. sept. | örfá sæti - 10 nætur | frá kr. 44.990 |

**Króatía & Trieste** - síðustu sætin

| | | |
|---|---|---|
| 26. ágúst | örfá sæti | frá kr. 24.990 |
| 2. sept. | örfá sæti | frá kr. 39.990 |
| 9. sept. | 9 sæti | frá kr. 44.990 |
| 16. sept. | örfá sæti | frá kr. 39.990 |

**Alicante - Benidorm** - síðustu sætin

| | | |
|---|---|---|
| 23. ágúst | 14 sæti | frá kr. 14.990 |
| 30. ágúst | örfá sæti | frá kr. 14.990 |
| 6. sept. | nokkur sæti | frá kr. 24.990 |
| 13. sept. | nokkur sæti | frá kr. 34.990 |
| 20. sept. | örfá sæti - 6 nætur | frá kr. 34.990 |

**Barcelona / Lloret de Mar** - síðustu sætin

| | | |
|---|---|---|
| 24. ágúst | 14 sæti - vikuferð | frá kr. 49.990 |
| 7. sept. | 6 sæti | frá kr. 39.090 |
| 14. sept. | vikuferð – fullt fæði | frá kr. 49.990 |
| 21. sept. | 11 sæti | frá kr. 39.090 |

Birt með fyrirvara um prentvillur, uppseldar brottfarir og verðbreytingar.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • www.heimsferdir.is


# Alltaf sérstakt að fara um fáfarnar slóðir

***Viðsjálar skriður og varasamar jökulsprungur urðu á leið Einars Ragnars Sigurðssonar er hann hélt nýlega í nokkurs konar pílagrímsför í Innri-Veðurárdal við austanverðan Breiðamerkurjökul.***



Félagar úr gönguklúbbnum Frjálsu falli í Mávatorfu þar sem sterkar andstæður einkenna umhverfið. Gunnar Sigurðsson, Jón Magnús Eyþórsson, Valdimar G. Gunnarsson, Árni Árnason og Einar Ragnar Sigurðsson.

„Það er alltaf sérstakt að fara um fáfarnar slóðir en það sem einkum var ætlunin að skoða í Veðurárdal er einstök gróðurvin sem heitir Mávatorfa. Þar vaxa hinar fjölbreyttustu tegundir jurta á klettasnös í 600 m hæð upp af jakafylltu lóni. Mjög kuldalegum stað,“ segir Einar Ragnar spurður hvað hafi dregið hann upp í hálendi Suðursveitar. Hann viðurkennir að gangan hafi verið ströng og hefur hann þó alls ekki haldið sig alltaf á láglendinu síðustu ár. Hvenær skyldi hann hafa fengið fjallabakteríuna?

„Langar ferðir með bakpoka fór ég fyrst 1992 og hef farið víða síðan. Bæði mjög troðnar slóðir eins og Laugaveginn og upp á Kilimanjaro en líka ótroðnar eins og þvert yfir Vatnajökul.“

Í Innri-Veðurárdal fór Einar Ragnar með félögum sínum í gönguklúbbi starfsmannafélags Skýrr sem nefnist Frjálst fall og er í daglegu tali kallaður FF. „Formaður klúbbsins, Agnar Björnsson, og annar sem heitir Árni og er Árnason skipulögðu þessa ferð. Agnar komst ekki með en Árni var leiðsögumaður,“ segir Einar Ragnar og lýsir ferðinni nánar.



Gengið á jökli áleiðis í Veðurárdal.
MYND/EINAR RAGNAR SIGURÐSSON.

„Við byrjuðum gönguna við eyðibýlið Fell og héldum upp Hólmafjall sem er þar fyrir ofan. Síðan tekur við Eystra-Miðfell sem er snarbrött skriðuurð, afskaplega laus í sér og erfið uppgöngu. Við höfðum heyrt um fólk sem hafði snúið sig og beinbrotið og brölt til baka við illan leik. En upp komumst við og þar komum við á skriðjökul úr Vatnajökli sem við gengum um í krákustígum til að forðast að lenda í sprungum og snjóloftum. Við þurftum að hafa talsvert fyrir að finna Mávatorfuna því kort af svæðinu eru öll meira og minna vitlaus. Vorum að því komnir að snúa við en þar sem við vorum með greinargóðar upplýsingar staðkunnugra, eins og Fjölnis Torfasonar á Hala og einnig Gerðar Steinþórsdóttur sem hafði komið þarna, var einn úr hópnum nokkuð viss í sinni sök og hélt áfram og kom þá auga á torfuna. Við dvöldum svo um stund í hinu ótrúlega blómskrúði og það var auðvitað toppurinn. Svo var lagt af stað heim.

Leiðin fram og til baka er um 30 kílómetrar og krefst reynslu, góðs búnaðar og mikillar aðgæslu. Við gengum upp á tind í jöklinum sem er í yfir 1.200 metra hæð og niður í Mávatorfuna sem er í 600 m hæð. Aftur upp í um 1.000 metra hæð og síðan niður á jafnsléttu þar sem tjaldið beið. Þar grilluðum við og lögðumst síðan þreyttir til svefns eftir afskaplega vel heppnaða ferð í glimrandi fínu veðri.“

*gun@frettabladid.is*


**Súpersól til**

# Salou

**24. og 31. ágúst**

frá kr. **29.995**

Aðeins örfá sæti í boði!

Terra Nova býður ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Salou í ágúst. Salou er fallegur bær á Costa Dorada ströndinni, sunnan Barcelona. Þar er Port Aventura, stærsti og glæsilegasti skemmtigarður Spánar. Stórkostlegar strendur, fjölbreytt aðstaða og litríkt næturlíf. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

**Kr. 29.995**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn í viku. Súpersól tilboð 24. og 31. ág

**Kr. 39.990**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í viku. Súpersól tilboð 24. og 31. ágúst.

Terra Nova
PRIMERA GROUP

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík
Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099
Hafnarfjörður sími: 510 9500




Gönguhópurinn úr síðustu strandgöngu sem var milli Hólavogs og Djúpalónssands.
MYND/GUÐBJÖRG GUNNARSDÓTTIR

## Strandganga

***Gengið verður í dag um stórbrotið hraun á milli Skálasnagavita og Beruvíkur á Snæfellsnesi.***

Síðasta skipulagða ferð sumarsins á vegum þjóðgarðsins Snæfellsjökuls verður í dag. Mæting er við afleggjarann út á Öndverðarnes klukkan 10.45 og síðan farið með ströndinni milli Skálasnagavita og Beruvíkur. Leiðsögumaður er Sæmundur Kristjánsson sem mun fræða fólk um mannlíf og búskap í Beruvík og fuglalíf og nytjar í bjarginu. Ferðin tekur um 5-6 klukkustundir, mikilvægt er að vera í góðum skóm og með nesti. Fólk verður ferjað frá Beruvík að göngu lokinni.


Til sölu Mustang árg.66. Litur vel út og í góðu standi. Uppl.660-1421


Subaru Legacy, árg. 03, ek. 60þ, sk. 08, beinsk, áhv. 930þ, v. 1.480þ, s. 663 2282.


Ford 150 Lariat. Stórglæsilegur bíll árg '07, ek. 5 þ. 20" felgur, sóllúga, kvoða í palli o.m.fl. Einn með öllu. Verð 4.6 millj. Uppl. í s. 694 5441.


Til sölu Bmw X5 4,4 L. Árg.'01. Ek. 145 þús. Ásett verð 4 millj. Uppl. í s. 860 8410.


BMW 530D Ár 12/04 Ek 62 þ. Km. Sjálfsk. Aksturstölva. Loftkæling. Smurbók. Xenon aðalljós ofl. Verð 5.200.000. Gott lán. 100% yfirtaka í boði.


Til sölu Nissan Terano ll ' 99. 7 manna. Ek. 135 þús. Staðgreiðslu verð 650 þ. Skipti möguleg. Uppl. í s. 860 8410.


Audi A4 '02 árg. 09/02, ssk. ekinn 57 þús. álf, topplúga, leður. raf í rúð og sætum og fl. ásett verð 1950 þús enginn skipti. Uppl. í s. 891 9366.


Toyota rav 4 árg.'05 disel ek.27 þús. dr.krókur filmur í gluggum spoiler á afturhlera, krómpakki. abs. loftkæling vetrardekk verð 2,7m. áhvílandi 2 m. Uppl. Í s. 863 7865


M benz. C220 CDI disel. árg. '98 Ek 508 þús. 590 þús. Uppl. í s. 868 5922.


Til sölu VW Polo árg. '98 3 dyra. Ek. 115 þús. Sk. '08. Bíll í toppstani verð 230 þús.


Mercedes Benz E 230, árg. '90 . Ek. 300 þús. Ssk., topplúga, nýsk. Verð 280 þús. Uppl. í s. 849 9100.


Korando, árg. 98, ekinn 120þ.km, 5g. beinskiptur, dísel. 33" breyttur. Verð 690.000kr. Uppl. í s. 868 5922.


## Tilboð verður að seljast tilboð

Til sölu Chevy Xpress 1500 Van ferðabíll '00. Skráður 8 manna. Litið ekinn. Sk.'08. Stór svefnbekkur, dvd, tv og entertaiment center, raf í öllu. EINN MEÐ ÖLLU. Fæst á yfirtöku ca. 1650 þús. BULLVERÐ. Sími 695 2914.


BMW 3lína 1.9L. '99 Shadowline 17" felgur, tölvumiðst, loftk, V. 1090þ. s:898-5881


Land Rover Discovery árg.'97 til sölu. Ekinn 208. þús. Sjálfskiftur,Topplúgur. Vel með farinn, gott eintak. Uppl. í s. 899 1169.


Til sölu Golf 1,6 comfortline, 2003, ekinn 50þús. sjálfskiptur, topplúga og álfelgur 250 þús. og yfirtöku á láni. uppl. 867 4797.


Til sölu Subaru Legacy árg.'00 ssk. Ek. 130 þús. Uppl. í s. 895 9590.


VW Passat station árg. '03. ek. 80 þús. Ssk, álfelgur, þjónustubók. Yfirtak af láni 1350 þús. 27 á mán. S. 863 7150.


Fæst gegn yfirtöku. Kia Sportage árg.'02. Ek 76 þús. Beinsk. Ný tímareim ofl. Uppl. í s. 824 0505.

## Yfirtaka á láni

MMC Pajero Sport '00 diesel, ek. 185 þús. Vel með farinn með leðri og lúgu. Ásett verð 1.500 þús. S. 699 3686.

Golf árg. '99 ek. 133 þús. Verð 250 þús. Þarfnast smá lagfæringar. Uppl. í s. 863 5015.

## Flottur van!

MAZDA MPV 7 manna 05/'04, ríkulega útbúinn, m.a. hliðarhurðir m. fjarstýringu, tvær miðstöðvar/kæling. Ekinn 52 þ.Óaðfinnanlegt útlit innan/utan. Verð 2.190 þ. S. 555 6545.

Toyota Landcruser árg. '96. Litur vel út. Reyklaus, selst á 1200 þús. Uppl. í s. 897 4543.

WRX árg. '05 ek. 43 þús. Breyttur, vélarlaus, slátur fylgir. Áhv. ca. 1800 Verð 1850 þús. Uppl. í s. 860 7073.

Til sölu Honda Civic '97, góður bíll, ek. 218 þús. Staðgreitt 230 þús. Uppl. í s. 616 6439.

Til sölu Skoda Octavia 1600 árg.'00 Ek. 125 þús. Sk.'08 Dráttarkúla, verð 495 þús. Uppl. í s. 660 9704.

Toyota Corolla '95. Einn eigandi góður bill. Uppl. í s. 893 7518.

Golf '96. 3 dyra, beinsk. Sko.'08. Verð 150 þús. Uppl. í s. 868 5922.

Daewoo lanos árg 2000, ek 101þús, sk'08, 5 dyra og í góðu ásigkomulagi. Tilboð óskast. Sími 8400435

Pusho 306 ek. 185 þús., árg. '95, 140 þús. S. 693 1431.


Suzuki Vitara 96 5dyr nýuppt. gírkassi, kúpling, vatns-kassi -dæla, diskar/klossar fr. Góður í snjó og hálku, v. 180. S. 662 5029.


Ódýr og góður,Hyundai accent árg 96" ekin 127þúskm nýskoðaður,bíll í toppstandi verð kr 150þúsund stgr. uppl í síma 8204640.


Til sölu Quicksilver slöngubátur og 15ha mercury mótor. v.250þús. uppl í síma 8685218


Saab 9000 TURBO, geggjað power á góðu gjaldi. Þarfnast smá ástúðar. Selst á 70 þús. Fyrstur kemur fyrstur fær! Uppl. í síma 892-3393 eða 849-1554


Ford Aerostar '91, Ek.94þ. Þarfnast viðgerðar, tilboð óskast. Uppl. i s. 862 8330


Til sölu mjög vel með farinn Daihatsu Charade árg. '98, ek. 117.000 km, skoðaður '08. Uppl. í s. 865 4571.


Range Rover 4.0 SE, árg. 05/2000, ek. 108 þ.km. Sjálfsk., sóllúga, loftpúðafjöðrun, dráttarkr., cd. Steingrár. Nýsk. 2008. Ásett 1950 þús - tilboð 1450 stgr. Uppl. í síma 896-6612.


Ford Mondeo Ghia, Ssk., ljósbrúnn, árg '02. Ek. 77 þús. km. Verð 1300 þús. Áhv. 980 þús. Nýskoðaður. Engin skipti. Uppl. í síma 895 5485.

Mazda 323 til sölu á 50. þús ek. 114 þús, skemmdur að framan eftir óhapp, uppl í s. 862 1159.

Bíll óskast f. 200þús max. Bsk, 5d, sk. '08, sparneytinn. Einungis góðir bílar koma til greina. Marín. S: 865-5817

VW Golf '96 1400 Hvítur ek. 152 þús beinsk. heilsársdekk v.190 þús 824-6243

MITSUBISHI SPACE WAGON '95. 7 manna. Ek. 190 þús. Skoðaður og ný yfirfarinn. Reyklaus. Frábært viðhald frá byrjun. Gott eintak. VERÐ AÐEINS 150 ÞÚS. S. 698-9461.

## 250-499 þús.


Til sölu VW Golf Station árg. 2000, ekinn 108 þús. staðgr.430.000 Uppl. í síma 8961240


Nissan Almera GTi '98 2.0 bsk. 143hp. Ekinn 190þús km. Verð 450þús kr. Upplýsingar í síma 868-5647.


Sparibaukur! Polo '00, 1.0 vél sem eyðir engu. Verð 299 þús. Uppl. í síma 861-6454.


GalantV6 2.5 Ek.195þús árg.'98 SSK. V. 550þús, 350þús stgr S: 8481211


Bens 420SEC Árg 91. ek 205þ km. 8cyl 4,2l 222hö. leður, rafmagn í öllu. þarnast smá lagfæringar. Verð 350þ. S 8404922


Mazda 626,árg.99,Ssk.,silfurgr.Ek.124þ. Skoðaður '08.Verð 500þ., áhv.165þ. S:862-9168


Til sölu Passat '98 1,6 bsk sumard á álf. vetrard á stálf. geislasp filmur þjófav dráttarkr verð 400þ stgr. Uppl. í s:8940991


Toyota Corolla station '98 sk.'07. 1600cc. bsk. ek. 126þ. Verð:490þ. S:6902401


Til sölu VW Transporter árg. '97. Ek.207þ. km. 6 dyra lengri gerðin. Dísel. Ný skoðaður '08. Verð 320þ. st.gr. Frábær verktakabíll eða fyrir mótorsportið. Uppl. í síma: 898-4476


Glæsileg 7 manna eðalkerra til sölu, Volvo 745, árg.'88,sj.sk, ekinn 150þ km, Sk.'08,fjólublár á lit, leðursæti,dráttarkúla.á nýjum sumardekkjum,álfelgur. Ásett verð 350 þús. Tilboð óskast


Nissan Almera árg.'97. 1600 Twincam, í toppstandi. Sko.'08. Ek. 113 þús. Tilboð óskast. Sími 868 6926.

## 500-999 þús.


Til sölu Mustang '94 gt 5,0 beinskiftur í topp standi, verð 900.000 eða tilboð. Sími 868 2490.


'99 Renault Megane Coupe 2.0 16v m/aflauka, 119 þ km. Ný þjónustaður, margt nýlegt. ATH Búið að breyta sæti/stýri/gírstöng fyrir hávaxna. Verð kr 740 þ. Tilboð 599 þ. stgr. Áhv ca kr 160 þ. S. 662 8888.

Skoda Octavia Ambiante árg. 2001, ekinn 112 þús. Ný tímareim. Bíll í góðu standi. Ásett verð 750 þús. Tilboð óskast. Uppl. í s. 821 4625, Sveinn.

Peugeot 206 Árg.2003 Ek.63 þ.km. Ljósgrár 1400cc. Verð 790þ. Áhv. 640þ. Uppl. í s. 662-5085.

Terrano II árg. '99 ek. 148 þ. km 33" m. dráttark. Verð 970 þús. Uppl. 8995970

Dodge Grand Caravan 4wd '99 ek.160þ ssk. 7 manna Ásett 1190þ tilboð 890þ. Uppl. 895-2595

Mjög vel með farinn Ford Focus Station árg. 03 ek. 53 þ. Verð 900 þ. Uppl. 869 2505

VW Polo, árg.04, sk.09. bsk. ek.55þús, Sumar og nagla dekk. Lán getur fylgt, Ásett verð 1090þús. STG 890þús S:6601908

## BÍLAR TIL SÖLU

## Til sölu

Ókeyrður Porsche Cayenne 2007
Innfluttur af Bílabúð Benna
**Aukabúnaður:**

Grár með svörtu leðri
Nálgunarskynjarar
Dekktar afturrúður
Sóllúga
Xenon ökuljós
Rafknúinn afturhleri
Dráttarkúla, hægt að taka af

Servotronic aflstýri
Tiptronic S, sjálfskipting
Sjálfvirkt loftræstikerfi
Hiti í framsætum
BOSE digital surround hljómkerfi, 250W, 14 hátalar og bassabox

Listaverð: 8.950.000,-
Tilboðsverð 8.450.000,-
Aðeins bein sala

Uppl. gefur Ragnar í síma 899 4370

## 0-250 þús.

MMC Pajero '92 V6 3000 ek.244þ. Skoðaður '08. Þarfnast lítilsháttar lagf. Verð 250þ. S:6995298

## BÍLAR TIL SÖLU

## Toyota Auris Luxury 04/07

ekinn 7 þús km, bsk, 18" álfelgur, spoilerkit, spoiler, ásett v. 2.690 þús. Áhv. 2.450 þús.

Toyota Selfossi
Fossnesi 18,
S. 480 8000.




lattoflex BEDSYSTEM
Ný hugsun í heilsurúmum...

Fjárfestu í betri líðan!
Eirberg
Eirberg • Stórhöfða 25 • sími 569 3100 • www.eirberg.is

## skipulag



Lyklahús úr við og gleri. Rúmfatalagerinn 990 krónur.

Fallegt útskorið lyklahús frá Unika 4.380 krónur.

● **LYKLAHÚS** koma að mjög góðum notum auk þess sem þau hafa fagurfræðilegt gildi í forstofunni, eldhúsinu eða á ganginum. Lyklar eiga það til að týnast en þegar þeir eiga heima í eigin húsi ætti ekki að vera neitt mál að muna hvar lyklarnir að sumarbústaðnum eða geymslunni eru þegar á þarf að halda.

Hvíta lyklahúsið er fallega útskorið og fæst í Unika á 4.380 krónur. Svarta húsið er úr við og gleri og fæst í Rúmfatalagernum á 990 krónur.



● **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason tók þessa mynd á heimili Jóhönnu Kristjónsdóttur rithöfundar. **Útgáfufélag:** 365 - prentmiðlar, Skaftahlíð 25, 105 Reykjavík, sími: 550-5000 **Ritstjórar:** Kristín Eva Þórhallsdóttir kristineva@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason og Ásta Bjartmarsdóttir s. 5175724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.






Þessa skemmtilegu gosdrykkjarflösku fann Tinna þegar hún fór sem barn í fjöruferð með ömmu sinni. Flaskan er sandblásin öðrum megin og munstruð á hinni hliðinni en í dag notar Tinna flöskuna undir vatn.



Þessi rúmlega eins sentimetra hái „verndarengill" neitar að láta sig hverfa úr lífi Tinnu og fjölskyldu hennar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Verndarengill úr steini

● Tinna Jóhannsdóttir, eigandi Kaffifélagsins við Skólavörðustíg, segist fremur vera háð kaffi en efnislegum hlutum í lífinu. Yfirleitt eru það þó þeir hlutir sem eiga sér skemmtilega sögu sem eru henni einhvers virði, eins og litli steinengillinn sem neitar að hverfa.

Einn af þeim hlutum sem eru Tinnu Jóhannsdóttur, eiganda Kaffifélagsins, kærir er lítill steinn sem varð á vegi fjölskyldunnar þar sem hún ók hringinn í kringum landið með viðkomu í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu, en í dag skipar sá steinn sérstakan sess í lífi þeirra.

„Strákurinn minn opnaði þar bíldyrnar, leit niður og sá þetta andlit horfa á sig. Okkur þótti þetta skemmtilegt og fyndið, stungum steininum í hanskahólfið og hugsuðum ekki mikið um hann eftir það. Svo gerist það undarlega með þennan stein að hann fer á flakk um húsið og jafnvel út úr því og alltaf þegar við héldum að hann væri týndur þá dúkkaði hann upp aftur," segir Tinna og hlær.

„Þá kom hann upp úr tösku, fannst einhvers staðar undir ofni, á gólfinu í bílnum og hingað og þangað. Einhvern tíma hélt ég að hann hefði dottið út um gluggann en þá fannst hann aftur á undarlegasta stað... þessi steinn vill bara ekki fara frá okkur," segir hún og bætir því við að steinninn sé agnarsmár. „Hann er ekki nema rétt rúmur sentimetri á hæð svo þetta er mjög sérstakt allt saman," segir hún.

Í dag hefur steinninn góði fengið sinn fasta stað í gluggakistu á heimilinu.

„Við lítum bara á þennan litla stein sem eins konar verndarengil núna og því fær hann að sitja í gluggakistunni og horfa yfir stofuna," segir Tinna að lokum.

*margret@frettabladid.is*



Tinna Jóhannsdóttir segir það undantekningu að hún bindist efnislegum hlutum tilfinningaböndum, en kaffi er hún öllu háðari.

## hönnun



● **SÖMU FÆTUR, MISMUNANDI BÚKUR** Þessa skemmtilegu skápa sem allir eru mjög mismunandi en eiga þó fæturna sameiginlega má finna á vefsíðunni www.interiorinternet.com. Á síðunni má leita eftir húsgögnum á nokkra vegu. Eftir hönnunarstíl, líkt og bóhem, sveitastíl og hátísku, og húsgagnagerð, eins og stólum, sófum og legubekkjum. Þar má finna húsgögn eftir marga þekkta hönnuði en verslunin sérhæfir sig í þjónustu við innanhúshönnuði og arkitekta.

Á síðunni má finna ótrúlegt magn mynda af húsgögnum í öllum stílum, allt frá art deco til módernisma.

● **GRAND PRIX** heitir stóll eftir hinn kunna skandinavíska hönnuð Arne Jacobsen. Ástæðan fyrir nafninu er sú að stóllinn fékk Grand prix-verðlaunin á hönnunarsýningu í Mílanó árið 1957.

Stólinn hannaði Jacobsen árið 1955 fyrir fyrirtækið Fritz Hansen. Hann var upphaflega allur úr tré (einnig fæturnir) en var síðar framleiddur með stálfætur. Stóllinn er ekki framleiddur lengur.



# Sumartilboð



## Ný lína – Milano Bedding svefnsófar

Hannaðir fyrir nótt sem dag






### Áttu von á gestum? Sumartilboð á svefnsófum

Við í Betra Bak kynnum með stolti okkar frábæra úrval svefnsófa frá Milano Bedding og Recor Bedding.

Sýningarsalur á neðri hæð, 250 $m^2$, fullur af nýjum gerðum og litum.

Vegna mikilla vinsælda á svefnsófum okkar erum við með stóran lager og því hægt að afgreiða vöruna samdægurs. Einnig tökum við sérpantanir.

Gerðu kröfur um þægindi - láttu gestunum líða vel hjá þér.

milano bedding®

Milano Bedding svefnsófarnir eru afrakstur meira en 40 ára reynslu og samvinnu sérhæfðs starfsfólks og heimþekktra hönnuða.

Svefnsófarnir eru hannaðir fyrir mikla notkun, hvort sem notkunin er sem sófi eða sem rúm. Með einu handtaki er sófanum breytt í lúxusrúm með heilsudýnu.

Betra BAK

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**Ísafirði**
**Skeiði 1**
**Sími 456 4566**

**Akureyri**
**Tryggvabraut 24**
**Sími 462 1410**

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

# Rólegt og notalegt

● Á þeim stundum sem við þurfum næði eða að hvíla lúin bein eftir erfiðan dag er gott að eiga eitt notalegt horn á heimilinu. Helst úr alfaraleið, jafnvel við glugga og fjarri sjónvarpstækinu. Góður stóll er lykilatriði til þess að gera staðinn notalegan.



**Spjallhornið.** Tveir stólar gegnt hvor öðrum ásamt þægilegu ljósi eru tilvalinn staður til að sitja og spjalla í ró og næði. Gott er að koma litlu borði fyrir á milli stólanna til að leggja frá sér kaffibollann og bakkelsið. Hér hafa gömul tekkhúsgögn verið tekin í gegn og stólarnir bólstraðir með leðri. Borðið á milli þeirra er jafnframt standlampi.



**Leskrókurinn.** Notalegur stóll og skemill sem hægt er að liggja í. Nauðsynlegt er að koma fyrir góðu lesljósi við stólinn og ekki skemmir fyrir að hafa nett borð undir bækur og blöð sem verið er að glugga í. Blóm í vasa setja punktinn yfir i-ið.



**Letihornið.** Hengirúm þurfa ekki að vera úti. Lítið og nett hengirúm passar í lítið skot við gluggann. Þar er hægt að liggja og sofa eða stinga nefinu ofan í góða bók. Ef nota þarf rýmið til einhvers annars þá er ekkert mál að pakka hengirúminu saman og setja upp í skáp.



**Hvíldarhornið.** Stóll eins og þessi kallar á að þar sé hægt að sitja og hvíla sig. Ef glugginn nær niður í gólf er tilvalið að láta stólinn snúa frá glugganum þannig að maður njóti birtunnar en sé ekki fyrir allra augum. Snúi glugginn út í náttúruna ætti stóllinn að snúa að glugganum.


Útsala

Vinsælu kanadísku garðhúsgögnin með 20% afslætti





Cedrus viður sem þolir íslenskra veðráttu

Lene Bjerre

Feim-Lene Bjerre

Bæjarlind 6, Kóp. • s. 534 7470 • www.feim.is
Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-15


## heimaskrifstofan



● **CAPISCO-STÓLLINN FRÁ HÅG** hefur hlotið verðlaun fyrir einstaka hönnun. Hann er skapaður af manninum sem færði okkur Trip Trap-stólinn, Peter Obsvik. Þörf líkamans fyrir hreyfingu er inntak hönnunar hans. Capisco-stólinn nefnir hann jafnvel hnakkstólinn þar sem hægt er að sitja í honum eins og í hnakki á hestbaki. Stóllinn hreyfir sig eftir líkamanum enda er það líkamanum hollt að breyta ört um stellingar. Þannig tekst Peter á við breyttan lífsstíl fólks þar sem flestir sitja við tölvur allan daginn. Jafnframt er hann hannaður eftir öllum helstu umhverfisstöðlum og hefur hlotið Svansmerkið, umhverfismerki Norðurlandanna. Stólinn er hægt að fá með skrautlegu mynstri og í mörgum litum. Hann fæst hjá EG skrifstofuhúsgögnum.

## hönnun



● **THOMASPAUL AVIARY** Þegar hönnuðurinn ThomasPaul Aviary hannaði þessa diska, hafði hann til hliðsjónar mynstur sem eru algeng á kínversku postulíni. Fuglarnir og skuggamyndirnar vísa bersýnilega í þá hefð. Hann gætti þess þó að útfæra mynstrin eftir sínu nefi, svo útkoman skæri sig frá fyrirmyndinni.











pgv

## LENGDU SUMARIÐ ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND OG VATNSÞÉTTING

PGV ehf. framleiðir viðhaldsfríar sólstofur og svalalokanir úr PVC-u.
Þeim fylgir 10 ára ábyrgð.

Sólstofurnar eru á frábæru verði og eru einfaldar og fljótlegar í uppsetningu.

Framleiðum einnig viðhaldsfría PVC-u glugga og hurðir á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds.

Hafðu samband og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

PGV ehf. · Bæjarhrauni 6 · 220 Hafnafjörður · Sími: 564 6080 · Fax: 564 6081 · www.pgv.is

# Klukkur & ljós
## *fyrir lítið verð*

● Undanfarin ár hefur það færst í vöxt að fólk kaupi sér skemmtilega hluti í gegnum uppboðsvefinn Ebay. Þar er að finna allt milli himins og jarðar og verð getur verið mjög hagstætt kunni fólk réttu aðferðirnar við uppboðin. Best er að bjóða í hluti sem eru á síðustu mínútum uppboðsins, því þannig fást þeir ódýrastir. Hér gefur að líta nokkrar klukkur og lampa sem Fréttablaðið fann við Ebay-vafur, en með því að slá inn leitarorðið „retro“ komu þessir fínu gripir á skjáinn. *- mhg*












**1. Sólarklukka** sem lífgar upp á hvaða herbergi í húsinu sem er. Lágmarksverð um 1.900 krónur og tveir dagar í að uppboði ljúki.

**2. Fallegt loftljós úr tekki**, sett á 50 dollara, rúmar 3.000 krónur, á síðustu tveimur klukkustundum uppboðsins.

**3. Þessi er nútímaleg** og svolítið sixtís í senn. Lágmarksverð um 2.500 krónur. Dagur í uppboðslok.

**4. Ægifagur borðlampi** frá fjórða áratug síðustu aldar, settur á um 1.500 krónur á síðasta degi.

**5. Kúl og töff borðklukka** frá Bandaríkjunum. Lágmarksverð á síðustu mínútu 600 kr.




## hönnun





● **MAROKKÓ** er innanhúshönnuðum gjarnan innblástur. Letilegar pullur og skrautleg teglös, luktir og tjöld kalla á exótíska stemningu sem erfitt er að standast. Þessar leðurpullur fást í netverslun Gramhand and Green. www.grahamanandgreen.com



ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR

# Útsala í Markinu!

## Það er nóg eftir af góða veðrinu. Njóttu þess með okkur.

**Mættu á útsöluna hjá Markinu og fáðu þér hjól, hjólafatnað, línuskauta, leiktæki og hlaupaskó með allt að 50 prósenta afslætti.**



MARKIÐ

www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40


















Þótt hlutirnir séu ekki í sama stíl þá mynda þeir skemmtilega heild. Fyrir miðju má sjá stólinn Júpíter. „Húsgagnaarkitektinn sem gerði hann vill kaupa hann af mér en ég vil ekki selja hann. Hann er mjög þægilegur og sérstakur.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sveitasæla í miðbænum

Jóhanna Kristjónsdóttir rithöfundur býr í 120 ára gömlu húsi með sögu. Húsið er vel falið milli stórra trjáa og maður verður lítið var við erilinn þrátt fyrir að húsið sé í miðbænum.

„Maður finnur að þetta hús hefur karakter,“ segir Jóhanna Kristjónsdóttir um heimili sitt sem hún keypti fyrir 38 árum síðan. „Húsið er rúmlega 120 ára gamalt en við erum aðeins þriðja fjölskyldan sem býr í því. Fólki hefur því greinilega liðið vel hér og búið lengi.“ Jóhanna og börn hennar eru ekki einu þekktu Íslendingarnir sem búið hafa í húsinu heldur var Vilhjálmur frá Skáholti fæddur þar og uppalinn. „Reykjavíkurborg hefur haft samband við mig en þeir eru að velta því fyrir sér að setja skjöld á húsið honum til heiðurs.“

Þrátt fyrir að húsið sé í miðbænum verður maður ekkert var við erilinn, enda er það vel falið milli stórra tjáa. „Það er svo merkilegt að vera í þriggja mínútna gangi frá miðbænum og vera bara alveg eins og úti í sveit. Þetta hús er mjög prívat en þar spilar franski garðurinn stórt hlutverk,“ segir Jóhanna og útskýrir fyrir fáfróðum blaðamanninum. „Franskur garður er garður sem er aldrei hirtur heldur fær bara að spretta eins og hjá Línu Langsokk. Þegar barnabörnin koma hingað fela þau sig í grasinu og týnast í trjánum.“

Það er einhver sérstakur andi á heimili Jóhönnu þar sem hver hlutur á sér sinn stað. „Allir hlutirnir hérna segja manni einhverja



Garðurinn hennar Jóhönnu er upp á franskan máta. Dóttursynir hennar slá hann einu sinni á sumri en að öðru leyti en hann látinn vaxa að vild.



Húsið er á tveimur hæðum og brattur stigi tengir hæðirnar. Aðspurð hvort Jóhanna hafi aldrei dottið í stiganum svarar hún sallaróleg: „Jú, jú, við höfum öll dottið í þessum stiga.“



Jóhanna hefur ferðast um allan heim og því eru margir hluta hennar frá framandi heimshornum.


Kerfisloft


Svalagler


Steypumót


Stigar


Girðingar


Aksturs- og iðnaðarhurðir


Felliveggir



Gámaeiningar


Gluggar og hurðir


Hleðslubrýr


Gler og glerlausnir


Kranar og vinnulyftur



Stálgrindarhús

# Ertu í framkvæmdahug?

# formaco

hefur lausnirnar fyrir þig!



**www.formaco.is**

formaco

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · formaco@formaco.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

sögu. Það er jú talað um dauða hluti en fyrir mér eru þessir hlutir ekki dauðir,“ segir Jóhanna og tekur mynd á veggnum sem dæmi. „Þessi mynd er hreint ekki falleg. Ég fékk hana í gjöf frá kvennasamtökunum í Írak og þó mér fyndist að hægt væri að setja hana í ruslið þá myndi ég aldrei henda henni. Það eru tilfinningarnar á bak við hana sem skipta máli. Mér er alveg sama hvernig fólk vill hafa heimilin sín en mér finnst ógurlega skrýtið þegar fólk fær sér innanhúsarkitekt sem ákveður nákvæmlega hvar og hvernig hlutirnir eiga að vera. Mér finnst að maður verði sjálfur að búa sér til sinn heim, þannig líður mér allavega best.“

Jóhanna hefur gert talsverðar endurbætur á húsinu síðan hún keypti það og notið hjálpar frá börnum sínum og barnabörnum. „Timburhús eru þeirrar náttúru að það þarf að passa mjög vel upp á þau. Ég hef smám saman skipt um gólf, loft og glugga en ég vil ekki gera húsið meira upp en ég hef nú þegar gert,“ segir Jóhanna sem vill viðhalda þessari sérstöku stemningu. „Það kemur ekki andi í húsið um leið og maður flytur inn. Það verður eitthvað að gerast þar inni til þess að andrúmsloftið fari að myndast,“ segir hún að lokum.

*mariathora@frettabladid.is*



Svefnherbergi Jóhönnu. Rúmteppið gerði hún sjálf úr stuttermabolum frá öllum heimshornum en teppið á gólfinu keypti hún í Tsjetsjeníu. „Maður heldur að þar séu bara menn að skjóta og fremja hryðjuverk. Þá kemur í ljós að það er bull og vitleysa eins og svo margt annað og þar sitja menn við vefstólana og vefa falleg teppi.“



Hér má sjá guð frá Indónesíu sem Jóhanna dröslaðist með yfir hálfan hnöttinn.




Hlutir Jóhönnu hafa flestir eitthvert tilfinningalegt gildi. „Þetta er dúkka sem gerð var eftir fyrrum kvenforseta Filippseyja og fuglabúrið er jólaskraut frá árinu 1931, það er fyrsta gjöfin sem pabbi gaf mömmu.“




MOSFELL
KERTO LÍMTRÉ
Finnsk gæðavara
Létt og meðfærileg
Hátt brunaþol
Hæð eftir óskum
Lengd allt að 23 m.
Alltaf til á lager
16% meira eldþol
20% meira brotþol
BYKO
Söluaðilar um allt land
HÚSASMIÐJAN
KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.
KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.
KERTO LÍMTRÉ er það hagkvæmasta og besta sem notað er sem burðarbitar.
KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.
Einnig er KERTO notað í milliveggjastoðir.
KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.
TM MOSFELL EHF • HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606 • FAX 566 6619 • MOSFELL@MOSFELL.IS • WWW.MOSFELL.IS

# MAX RAFTÆKI

# 3ja ára KASKÓ

## ALTRYGGING FYLGIR




**Acer Aspire 5633WLMi-1G80**
- 1.67Ghz Intel Core 2 Duo T5500 örgjörvi
- 1GB vinnsluminni, 80GB harðdiskur
- DVD+/-RW skrifari, 15,4" CrystalBrite skjár (1280x800)
- Intel GMA950 128MB skjákort
- Þráðlaust a/b/g netkort
- Windows Vista Home Premium
- **3ja ára fartölvutrygging að verðmæti kr. 20.000 fylgir með frítt!**

## Raðgreiðslur 3.325 kr.

## að meðaltali á mánuði í 36 mánuði

**84.989 kr. staðgreitt**

### 3ja ára KASKÓ

**ALTRYGGING FYLGIR FRÍTT MEÐ VÖLDUM FARTÖLVUM**

Fartölvu Kaskótrygging frá VERÐI bætir tjón sem stafar af: skyndilegum og óvæntum óhöppum í notkun, flutningi eða geymslu, innri vélrænum bilunum svo og innbroti. Nánari upplýsingar um trygginguna veita sölumenn hjá MAX og hjá VERÐI.

vörður

## Seljum yfir 30 gerðir af fartölvum

acer ASUS lenovo SONY hp FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

**Frábær tækjakaup**

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
**Við erum beint á móti IKEA**

MAX


Volvo S40 Turbo 160 hö. Árg. 98, ekinn 174 þús. Er á 17" sumardekkjum og 16" vetrardekk fylgja. 8602935


Subaru Legacy árg.97, ekinn 153þús. Sídrif, álfelgur, rafmagn, cd ofl. Verð 500þús. Uppl. í síma 8440299.


Ford Windstar ár. 1996, ekinn 96 þús., 7 manna, sjálfskiptur, rafmagn, álf. ofl. Mjög góður bíll, ásett verð 690 þús. MJÖG gott stgr. verð. Skoða öll heimsin viðskipti! Uppl. í síma 892-3393 eða 849-1554


VW Passat '00 ek. 117.þús. Geislasp., álfelgur, Ný tímareim. Listav. 670.þús. Tilb.600.þús. Uppl. í s.6959369


BMW 318 árg. '99. leður, topplúga, álfelgur. Uppl. í s. 6900131

Volswagen Golf comfortline 1600 árg. '99, ek 134 þús. Reglulegt yfirlit, nýsk. áhv 309 þús. uppl í s. 662 4577

Til sölu STRAX:BMW 540i flottur vel farinn '99 ek. 130 þ, 900þ, 8666163, Reynir

## 1-2 milljónir


VW Bora árg. '03, ek. 70 þús km, ssk., sk.'08, sumar- + vetrard. Uppl. í s. 849 2649.

Chrysler town-country-limited 7 manna árg. 2002. kr:1.980.000.- s:862-4659 Eva


**Toyota Rav4 Auðveld**
Árg. 2003, 5 gíra, 3 dyra, grár og flottur. Ekinn 62 þ. Verð 1650 þ. Áhv. 1350 þ. Afb. einungis 21 þ. á mánuði. 10 mánuðir eftir af framlengdri verksmiðju-ábyrgð frá Toyota. Sími 862 0000.


35" Breyttur LC VX 90 „97ssk. Mikið endurnýjaður v/1.590þ- ath skipti á ód. Einnig VW Golf „03, sumar+vetrard. á felgum v/1190þ áhv. 950þ. Uppl í síma 860-5218


Toyota Auris árg. 07, ek 5þús, beinsk, 1.4 dísel. Fæst á yfirtöku. Uppl. í simi 8993716


Grand Cherokee Limited árg. 00, ekinn 173þ. Einn með öllu . Fæst á yfirtöku. Uppl. í síma 8922630

Ford Escape XLT 2001 ek. 77 þ m verð 1450 þús. Ný dekk og felgur S:8569311


Til sölu gott eintak af VW Golf highline árg.'03 Lítið ek. aðeins 54 þús. Verð 1.100.000 þús. Uppl. í s. 840 0202.


Til sölu 1968 - Ford Mustang Fastback GT302 Bílinn er orginal. Ath. Engin skipti, verð 1700.000 Áhugasamir hafi samband í síma 896-3429


Golf Highl 03 ek 73000 verð 1.190þ uppl Markús s. 8256168 og á www.bilar.is/golf


38" Toyota LC90 árg 98 ek. 211 þ.km. Gott viðhald. Gott staðgr. verð. Uppl. í síma 8917958


HONDA REPSOL 1000rr árg.2005 ek.19. þús 6.gíra flækjur,powerkútur,power-comander, 'hjól í toppstandi verð.1050. áhvl.500þús uppl.s6948448

## 2 milljónir +


Forrester '05, ek. 52 þús., sk. '08, ssk, sumar- og vetrard. Tilboð. s. 849 3886.


Jeep Grand Cherokee, Limited, árg.'03 (nýskráður 11/2003). Bensín 4,7. ekinn. 60þ km. Ásett verð c.a. 2.800., tilboð. 2.300þ, áhvílandi c.a. 1.800þ. Uppl. í síma. 897-9945


Mc. Pajero til sölu. árg. 2001 ek 128þ. Verð 2.570.000 Uppl. 699-5775/861-0007


Til sölu FORD F250 CREW CAB LARIAT 6.0 Diesel 38" Árg. '04 Ek. 56Þ km. Verð 3,9m. Topp viðhald. Uppl. í síma: 898-4476


Lúxusjeppi - Lexus RX350 árg.2007. Svartur með öllu. Ekinn 7þús. Uppl. 8645904

## Bílar óskast


Mjög vel með farinn Golf 1.6,árg 2000,ek. 101 þ.km. Nýsk. Tilboð.

Suzuki wagon óskast keyptur, allar árgerðir koma til greina, uppl. í s. 891 9220 Jón.

Óska eftir að kaupa Toyota Doblecab eða Runner '91-96 með bilaða vél á ca. 50-100 þús. Uppl. í s. 891 9800.

## Jeppar


Til sölu Cheverolet Astro árg.'91. Ek. 60 þús. m. 4,3 bensín ssk. Breittur á 38". Verð 300 þús. Ath. skipti. Uppl. í s. 840 0818.

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000
HYBRID
TOYOTA
Highlander 7.5L/100km!

Toyota Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýr 2007 frá 4.390þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000
ÚTSALA
Ford Dodge Jeep
Aldrei Lægra Verð
Frá Kr. 2.490.000!

2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com


MMC Pajero árg. 02 33" breyttur ný dekk og bremsur. Góður bill. S. 699 6435 & 897 2167.


Gullfallegur Ford Explorer XLT 2004 ek. 58000 km. Áhv. 2.505 þús (mán. afb. 37 þús), verð 2.750 þús. Umboðsbíll, nýyfirfarinn hjá Brimborg. Skoðaður '09. S: 8980179


**Tilboð 2.990 þús.**
Nissan Murano '05, ssk, í topp standi. Ásett verð 3,9. Mögul. á 100% láni. Uppl. í s. 669 9668.


Auðveld kaup. Ford Explorer XLT '04. 4l, ssk. 6 diska cd og dráttarkrókur. Sérlega hagstætt lán áhvílandi kr 1950 þús. 27 á mán. Verð 2,450 þús. Uppl. í s. 824 1030.

2 jeppar. Gott útl og ást. Jeep Cherokee '98, 4L, 31" dekk, ssk, ek 107þ, sk '08, dr kr, V.590. Musso E32 '97, 3.2L, 31" dekk, ssk, ek 117þ, sk '08, dr kr, ABS, cd, leður, V.470. 8981420.

## Fornbílar

Mercedes Bens 280 ce árg. 1983 allur sem nýr. þetta er gullið tækifæri að eignast draumabílinn uppl. í s 896 3044.

## Pallbílar

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000
ÚTSALA
Ford Dodge Jeep
Aldrei Lægra Verð
Engin Hraðatakmarkari!

Ford F150 frá 1.750þús! Toyota Tacoma frá 1990þús. Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 dísel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com


Ford F350 árg.03, ekinn 111þús. Fallegur bíll með ýmsum aukahlutum. Verð 3,1. Uppl. í 8440299.


Ford F-150 árg. 1989, geggjaður vinnu- eða leiktækjabíll. Er með grind fyrir 2-3 hjól á pallinum. Ásett verð 390 þús., gott stgr, verð eða skipti á ódýrari. Uppl. í síma 892-3393 eða 849-1554

Isuzu Crewcab veiðibíll árg.'98. Ek. 248 þús. Dísel. Þarnast lagfæringar. Vetrardekk fylgja. Uppl. í s. 846 0698.

## Sendibílar


Isuzu MPR til sölu, ek. 43 þ. Er á stöð og allt getur fylgt. Verð 3,7 + vsk. S. 898 3206.


Isuzu árg.'92 sko.'08. Verð 370. Uppl. í s. 868 5922.

## Vörubílar


Til sölu Scania 142. stellari árg '88. ek 460 þús. malarpallur og nýr sturtutjakkur og dæla. Uppl. í s. 892 1208.

Scania 82 árg.'84 Með vírheisi og krana. Tilboð óskast. Uppl. í s. 860 5417.

## Húsbílar

ÁLBOX
www.ke.is

Álbox fyrir ferðabíla KE Málmsmiði, Hamarshöfða 5. S. 587 0626 & 696 3522.www.ke.is

**Húsbílar til leigu.**
caravan.is Upplýsingar í s. 899 4161 & 822 1920

## Mótorhjól


Hún segir að hins vegar sé afar erfitt að fá styrki til sagnfræðirannsókna og því sé ekki öruggt að hún geti skrifað um efnið. „Hugvísindamenn hafa alltaf úr minna og minna fé að spila. Það er til dæmis búið að leggja niður sex stöður í sagnfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Það á allt að vera arðbært í dag og þess vegna er peningunum frekar varið í vísindi og viðskipti en í hugvísindi sem ekki eru talin peninganna virði. Við getum ekki bara hugsað og framkvæmt út frá hagrænum sjónarmiðum. Mér finnst þetta slæm þróun því hlutverk sögunnar er mikilvægt í lýðræðisríkjum. Sagnfræði getur til dæmis varpað ljósi á hvað það er að vera Íslendingur eða Dani. Þetta er mikilvægt, til dæmis í þjóðernisumræðunni sem nú fer fram í Danmörku,“ segir Christina.

### Reykjavík breyst til hins verra

Christina hefur komið til Íslands reglulega síðan fyrir tuttugu árum, ef frá eru talin síðustu fjögur árin. Henni finnst að Reykjavík sé orðin mjög stór og hafi breyst til hins verra. „Mér finnst svakalegt hvað það hefur verið byggt mikið í borginni. Margar af þessum svörtu nýbyggingum í borginni eru svo ljótar, en það sama hefur gerst í Danmörku. Mér finnst mesta sálin enn vera í miðborginni. En það er kannski líka vegna þess að ég er sveitastúlka og hef ekki smekk fyrir þessum arkitektúr,“ segir Christina.

### Gömlu húsin og framfarirnar

Í bílferð um Laugaveginn og Borgartúnið benti blaðamaður Christinu á að á næstunni ætti að rífa húsin við Laugaveg 4 til 6 og byggja tvö þúsund fermetra steinsteypt hús. Christinu finnst þetta slæm þróun. „Ef Íslendingar rífa öll þessi gömlu hús þá munu þeir smám saman gleyma því hverjir þeir eru og hvaðan þeir koma. Reykjavík er ekki Hong Kong eða Singapúr. Ferðamenn koma ekki til Íslands til að skoða skýjakljúfa eða glerhýsi; þau eru úti um allan heim. Íslendingar verða að varðveita þá sögu og þau hús sem þeir eiga. Það sem fólk tekur eftir þegar það kemur til Íslands eru gömlu húsin með bárujárnsplötunum. Ég hef til dæmis aldrei séð svona hús í Danmörku,“ segir Christina.

Að hennar mati ætti að byggja hús í Reykjavík sem passa betur inn í umhverfið en háhýsin. „Ef menn ætla að byggja ný hús þá þurfa þau að vera sérstök og falleg og kannski íslenskari en þetta.“ segir Christina. „Sama þróun hefur átt sér stað í Danmörku þar sem stundum er sagt að hús standi í veginum fyrir framförum: ég skil ekki hvernig hús getur gert það,“ segir sagnfræðingurinn sem er afar spenntur fyrir því að reyna að halda áfram rannsóknum sínum á Íslandi og Íslendingum. ■

„

Ef Íslendingar rífa öll þessi gömlu hús þá munu þeir smám saman gleyma því hverjir þeir eru og hvaðan þeir koma.



AFMÆLIS TILBOÐ
VIÐ ERUM ORÐIN 14 ÁRA OG AÐ ÞVÍ TILEFNI ERU NÚ ÓTRÚLEG AFMÆLISTILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM TÖLVULISTANS
TÖLVULISTINN ER 14 ÁRA!
Afmælisveisla í Tölvulistanum
Frábær afmælistilboð á fartölvum heimilistölvum og aukabúnaði.
Opið alla helgina
Hlökkum til að sjá þig!
FRÁ 3.201 KR Á MÁNUÐI
ACE SPECIAL EDITION
ACE INTEL 2
Örgjörvi Intel Core 2 Duo E6420 2.13GHz 4MB flýtiminni, 1066FSB
Móðurborð MSI 965P NEO-F - Core 2 Duo 2x PCI-E 16X, 4xDDR2 667MHz
Minni 2GB DUAL DDR2 667MHz Corsair minni með lífstíðarábyrgð
Harðdiskur 320GB WD SE 16MB - SATA 2 SATA2 300, 7200RPM, 16MB
Skjákort 256MB MSI NX7600GS MSI PCI-E 16X, DDR2, 800MHz
Skjár 17” LCD Acer AL1716FS 1280x1024 og 8ms viðbragðstími
Skrifari 18x DVD± 8x DL skrifari Skrifar og les DVD og CD diska
Hljóðkort 7.1 Dolby Digital DTS - EAX2 Frábært í leiki og bíómyndir
Hátalarar 2.1 Creative hátalarakerfi 2 öflugir hátalarar og bassabox
Netkort Gigabit 10/100/1000 Gigabit netkort
Stýrikerfi Windows Vista Home Premium Öruggara og öflugra
VERÐ 109.900
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 17,5%.
MARGAR SAMAN
ÖLL HELSTU MERKIN Í FERÐAVÉLUM
OPNUNARTÍMAR
18. ÁGÚST 10 - 18
19. ÁGÚST 13 - 17
TÖLVULISTINN
Reykjavík • Nóatúni 17 • Sími 414 1700
Akureyri • Glerárgötu 36 • Sími 414 1730
Egilsstaðir • Miðvangur 2-4 • Sími 414 1735
Keflavík • Hafnargötu 90 • Sími 414 1740
Kópavogur • Hlíðasmára 10 • Sími 414 1760
NÚ ERU ÓTRÚLEG AFMÆLISTILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM TÖLVULISTANS



## ➜ TÍMAHÓLFIÐ

**Við opnun tengibyggingarinnar árið 1999 lögðu verslanir til vörur sem voru þá vinsælastar hjá viðskiptavinunum á þeim tíma. Í geymslunni eru meðal annars brauðristar, skyrtur, bindi og skór. Geymslan verður hugsanlega opnuð eftir fimmtíu eða hundrað ár en er innsigluð þangað til.**

**OPNUN KRINGLUNNAR 13. ÁGÚST 1987** Þarna má sjá Þórhall Sigurðsson og Eddu Björgvinsdóttur skemmta við opnun Kringlunnar.
Við tímamótin flutti Jón Sigurðsson, þáverandi viðskiptaráðherra, ávarp sem hófst á þessum orðum.
„Við erum hér saman komin til að fagna einstæðum atburði: Sjötíu og sex verslunar- og þjónustufyrirtæki hefja starfsemi sína á sama degi og undir sama þaki í þessu glæsilega verslunarhverfi eða kerfi – eða hvað maður á nú að nefna þetta stórkostlega og glæsilega mannvirki – Kringluna – sem tekin var í notkun í dag.“

# Kringlan tuttugu ára 1987-2007

Í tilefni af tuttugu ára afmæli Kringlunnar stendur yfir afmælisvika dagana 13.-19. ágúst. Tímamótanna er minnst með uppákomum, sögusýningu og kynningu á framtíðarsýn Kringlunnar. Á tuttugu árum hefur Kringlan stækkað um tuttugu og þrjú þúsund fermetra. ***Lára Björg Björnsdóttir*** kíkti í myndasafnið og skoðaði hvað hefur breyst frá árinu 1987.

## ➜ 23 ÞÚSUND FERMETRA STÆKKUN Á 20 ÁRUM

**1987 Norðurhúsið: 30 þúsund fermetrar.**

**1990 Suðurhús - áður Borgarkringla - nú 10 þúsund fermetrar (með bíói sem byggt var 1996).**

**1990 Nýtt Kringlutorg ásamt vatnslistaverki samþykkt með yfirbyggðri gönguleið milli norður- og suðurhúss.**

**1999 Tengibygging/torgbygging 10 þúsund fermetrar. Tengir norður- og suðurhús og Borgarleikhús saman. Það tengir einnig nýtt bílastæðahús við Kringlu og Borgarleikhús.**

**2006 Viðbygging verslunarinnar Next 1.910 fermetrar.**

**2007 Geymslur í bílageymslum 385 fermetrar.**

**2007 Kaffihús við austurtorg 320 fermetrar.**

**Stærð Kringlunnar í dag er 53.614 fermetrar.**



**ALLT AÐ VERÐA KLÁRT** Um 450 manns, iðnaðarmenn, aðstoðarfólk, sóparar og stjórnendur unnu hörðum höndum í Kringlunni fyrir opnunina.



**FYRSTA SENDINGIN TEKIN UPP**

## ➜ Brot úr ávarpi Jóns Sigurðssonar, þáverandi viðskiptaráðherra, við opnun Kringlunnar 13. ágúst 1987.

*Kringlan er til vitnis um stórhug og djörfung í viðskiptum, sem á sér fáar hliðstæður hér á landi. Með opnun hennar hefst nýr kafli í verslunarsögunni. Reykjavík hefur verið verslunarbær frá upphafi sinna vega og fór fyrst að eflast fyrir alvöru - og þar með bæjarmenningin í landinu yfirleitt - eftir að verslunarfrelsið fékkst.*

*Skarpskyggnir menn hafa bent á, að ein besta leiðin til að mynda sér skoðun á lífskjörum þjóða sé að fara í búðir og skoða þá vöru, sem þar fæst og stuðlar að því að halda venjulegu mannlífi á braut sinni. Þeir, sem ganga um garða í Kringlunni fá þá mynd, að hér ríki mikil velmegun. Vonandi reynist þetta ekki skammlíf glansmynd.*



**KRINGLAN Í DAG** Í dag eru um 160 verslanir og þjónustuaðilar í Kringlunni. Hún hefur stækkað um rúmlega 23 þúsund fermetra síðan hún opnaði 1987. Þá var hún 30 þúsund fermetrar en í dag er hún 53 þúsund fermetrar.

# BT

IPOD 2GB

FYLGIR

Takmarkað magn

FLAKKARI

LACIE

FYLGIR




**AMD Turion 64 X2**
Nýjasta fartölvutæknin frá AMD. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**ATI Mobility Radeon HD2400**
Aflmikið skjákort frá ATI sem virkar á alla tölvuleiki. Skjákortið er með DirectX 10 stuðning sem nýtist vel með Vista.

**159.999**

## TOSHIBA

PSAELE-017001N5
TOSHIBA SATELLITE A210-12Q
AMD Turion 64 X2 TL-56
15.4" TFT WXGA TruBrite
ATI Mobility Radeon HD2400 128MB
2GB Vinnsluminni (2x1024)
160GB Harður diskur
1.3MP netmyndavél og hljóðnemi
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Innbyggður 5 - 1 kortalesari
4xUSB2 / FireWire / TV out
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows Vista™ Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

BT LÁN™
Verð frá:
**4.485**
59 mánaða

# FRÁBÆRIR KAUPAUKAR FYLGJA MEÐ VÖLDUM VÉLUM

**1. GREIÐSLA**
1. nóvember 2007

**IPOD**
FYLGIR
21.999
Takmarkað magn

**FLAKKARI**
LACIE
FYLGIR
300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche útvær harður diskur fylgir!
14.999

**OFFICE 2007**
Office pakkinn
Leyfi fyrir 3 tölvur
9.999
16.999
Ef keypt með tölvu




**AMD Turion 64 X2**
Nýjasta fartölvutæknin frá AMD. Stóraukin afkastageta, lengri rafhlöðuending og aukið öryggi.

**nVidia GeForce Go 7600**
Aflmikið skjákort frá GeForce sem virkar á alla tölvuleiki. Skjákortið er útbúið tv-out tengi svo þú getur tengt tölvuna við sjónvarp.

FUJITSU COMPUTERS SIEMENS

BAT:NOM2-NBTS7-XA1
FSC AMILO XA TURION64 56
AMD Turion64 X2 TL-56 (1.8GHz)
17" WXGA+ CrystalView
nVidia® GeForce Go 7600 (256MB)
2GB Vinnsluminni (2x1GB 667)
240GB Harður diskur (2x120)
Innbyggt þráðlaust net
DVD skrifari - Dual Layer

Microsoft Windows Vista Premium
Microsft Works 8.5
Microsoft Office 2007 (90 daga trial)
Nero 7
Norman Antivirus 3 ár

**149.999**

FLAKKARI
LACIE
FYLGIR
14.999
300968E
LaCie 320GB F.A. Porsche útvær harður diskur fylgir!

BT LÁN™
Verð frá:
**4.220**
59 mánaða




## TOSHIBA

PSL40E-02R01QN5
TOSHIBA SATELLITE L40-139
Intel Celeron M 520
15.4" TFT WXGA
Intel 943 251MB skjástýring
1GB Vinnsluminni (2x512MHz)
120GB Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort
Lyklaborð í fullri stærð
Aðeins 2,72kg á þyngd
Windows® Vista Premium
2gja ára alþjóðleg ábyrgð

**89.999**

**Intel® Celeron M örgjörvi**
Öflugur örgjörvi af nýjustu gerð Intel Celeron örgjörvanna frá Intel.

**120GB Harður diskur**
Þú getur geymt ógrynni af kvikmyndum, ljósmyndum og tónlist á 120GB hörðum disk.

VAR AÐ LENDA

BT LÁN™
Verð frá:
**2.634**
59 mánaða

BT Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri



**MANNRÉTTINDASINNINN** Mia Farrow hefur ættleitt ellefu börn en flest þeirra eru frá Asíu, komin úr sárri fátækt.



**UMDEILD ÆTTLEIÐING** Koma Davids Banda til Bretlands frá Malaví olli miklum deilum og vakti spurningar um hvort stjörnurnar fengju sérmeðferð við ættleiðingar.

# Umdeildar ættleiðingar frægra

Undanfarið hafa ættleiðingar fræga fólksins verið fyrirferðarmiklar á slúðursíðum götublaðanna. Stórleikarar hafa ferðast yfir hálfan hnöttinn, til svokallaðra þróunarlanda, og farið heim með börn sem áttu ekki mikla framtíð fyrir sér í föðurlandi sínu. Freyr Gígja Gunnarsson rannsakaði málið og komst að því að eins og svo oft áður er ekkert nýtt undir sólinni í Hollywood.

Fræga fólkið hefur oftar en ekki látið til sín taka á sviði mannréttinda. Tónlistarmennirnir Bono og Bob Geldoff hafa til að mynda verið ötulir talsmenn þess að fátækt verði útrýmt í þriðja heims ríkjunum og þá er skemmst að minnast starfs Díönu prinsessu sem barðist gegn notkun jarðsprengja. Ekki má heldur gleyma þeim stjörnum sem hafa tekið stríðið gegn AIDS upp á sína arma og svona mætti lengi telja.

Þó nokkrir hafa hins vegar gagnrýnt þetta mannúðarstarf stjarnanna og telja það ekki unnið af heilum hug. Þetta sé ágætis og oft ókeypis leið til að vekja á sér athygli.

Ættleiðingarnar eru engin undantekning frá því. Þó nokkrir mannréttindahópar hafa gagnrýnt ættleiðingarferli fyrirmennanna og telja að horft sé framhjá nokkrum grundvallarþáttum sem taldir eru mikilvægir þegar hinn sauðsvarti almúgi vill gera slíkt hið sama.

Fram hjá því verður hins vegar ekki litið að fræga fólkið veitir börnunum líf sem foreldra þeirra hefði varla getað dreymt um. Og stjörnunum hefur tekist að vekja athygli á bágborinni aðstöðu milljóna munaðarlausra barna sem búa við næringaskort og sjúkdóma. Enda var á það bent í grein á taílensku vefsíðunni TaiPei Times að helsti vandi hinna ættleiddu barna væri varla sá að þau væru ættleidd heldur einfaldlega að þau væru börn heimsfrægra einstaklinga.

## Skelfileg móðir

Bandaríska leikkonan Joan Crawford ættleiddi fimm börn og ól fjögur þeirra upp sjálf, nánast ein og óstudd enda verður hún seint talin hafa verið heppin í ástum. Þótt börnin fimm hafi öll verið frá brotnum bandarískum heimilum og annað hvort á munaðarleysingjahælum eða nýfædd og móðurlaus þá nýtti Crawford sér sína frægð til að láta ættleiðingarnar ganga í gegn.

Crawford verður hins vegar seint minnst sem góðrar móður því hún gerði tvö af ættleiddu börnunum sínum arflaus, hirti hlutverk af dóttur sinni og í ævisögu elstu dótturinnar Christinu, Mommie Dearest, var Crawford lýst sem ofbeldishneigðri og beið álit almennings á henni nokkurn hnekki, ekki síst í ljósi þess að Crawford hefði einmitt ættleitt þessi börn.

## Talsmaður ættleiðinga

Mia Farrow hóf ættleiðingar frá þróunarlöndunum undir lok áttunda áratugarins. Mia hefur verið ötull talsmaður ættleiðinga á Vesturlöndum en alls hefur hún ættleitt ellefu börn, þrjú með öðrum eiginmanni sínum, André Previn og tvö með leikstjóranum Woddy Allen.

Sögu Farrow og Allen ættu flestir að kannast við en þau skildu eftir að leikstjórinn hóf samband við ættleidda dóttur Previns og Miu, Soon Ki.

Farrow hefur síðan þá ættleitt sex börn eins og sjálf og eru þau flest frá Asíu þar sem þeirra beið hörmulegt lífshlaup á götum stórborganna. Mia hefur fengið ótal viðurkenningar frá mannréttindasamtökum fyrir baráttu sína í þágu barna.

## Brangelina og börnin

Angelina Jolie hóf að kynna sér skelfilegar aðstæður barna í þróunarlöndunum þegar hún var við tökur á Tomb Raider í Kambódíu árið 2001. Síðan þá hefur Jolie verið einhver helsti talsmaður í baráttunni gegn fátækt og er sérstakur sendiherra barna á vegum UNICEF.

Hún ættleiddi strákinn Maddox frá Kambódíu árið 2002 ásamt þáverandi eiginmanni sínum, Billy Bob Thornton, en þegar leikkonan gekk að eiga Brad Pitt gekk hann Maddox í föðurstað. Fjórum árum seinna fór Jolie til Afríkuríkisins Eþíópíu og sá þar Zahöru Marley. Hún var munaðarlaus en foreldrar hennar höfðu látist úr alnæmi. Upphaflega taldi gula pressan að Jolie hefði ættleitt hana ein, en hún vísaði því á bug og sagði að þau Brad hefðu gert þetta saman. Pitt sótti síðan um að vera skráður sem forráðamaður barnanna tveggja og samþykkti dómari í Kaliforníu það.

Í mars á þessu ári fóru hjónakornin síðan til Víetnam og gengu frá ættleiðingu hins fjögurra ára gamla Pax Thien sem hafði verið skilinn eftir á fæðingardeild þar í landi. Nýlega var síðan greint frá því að hjónakornin hyggðust jafnvel ættleiða í fjórða sinn en það hefur ekki fengist staðfest.

## Umdeild ættleiðing

Söng- og leikkonan Madonna hristi hins vegar all rækilega upp í allri ættleiðingarumræðunni þegar hún fór til Malaví og hugðist ættleiða þar barn. Madonna kom heim til Bretlands með strákinn David Banda en í kjölfarið spunnust mikla deilur í kringum það hjá mannréttindasamtökum hvort söngkonan hefði fengið einhverja sérafgreiðslu sökum stöðu sinnar. Í Malavi giltu nefnilega lög sem meinuðu fólki að ættleiða börn nema það hefði verið búsett í landinu í að minnsta kosti ár.

Breska pressan fór á fullt og hafði eftir föður drengsins að hann hefði ekki vitað hvað orðið „adoption“ þýddi. Madonna var sögð hafa sett svartan blett á ættleiðingar frá þróunarlöndum og fjöldi barnasamtaka gagnrýndu slíkar ættleiðingar harkalega og töldu þær vera sýndarmennsku ríka og fræga fólksins.

Leikkonan stóð hins vegar fast á sínu og sagðist ekkert rangt hafa gert. Síðar meir viðurkenndi faðirinn að hann hefði verið vel meðvitaður undir hvaða pappíra hann hefði skrifað og sagði róttæka mannréttindahópa hafa ýtt sér út í fyrri yfirlýsingar. Engu að síður er ættleiðing Davids Banda enn ekki gengin í gegn og þau Madonna og Ritchie því enn skráð sem fósturforeldrar hans í Bretlandi.

## Ekkert venjulegt par

Stjörnuparið Tom Cruise og Nicole Kidman ættleiddu á meðan þau voru hjón strákinn Connor og stúlkubarnið Isabellu en þau eru bæði tvö frá Bandaríkjunum. Þrátt fyrir að Kidman skeri sig nokkuð úr hópi þeirra stjarna sem hafa ættleitt á undanförnum árum þá hefur hún verið heiðruð fyrir baráttu sína gegn ofbeldi og misnotkun barna. ■





**SLÆM MÓÐIR** Joan Crawford heldur hér á tvíburasystrunum Cindy og Cathy á meðan elstu börnin Christina og Christopher leika á píanóið. Joan þótti ekki standa sig neitt sérstaklega vel í móðurhlutverkinu.

**STJÖRNUPAR** Hjónin fyrrverandi, Nicole Kidman og Tom Cruise, ættleiddu Connor og Isabellu sem þau halda hér á.

### Aðrir sem hafa ættleitt frá þróunarlöndum:



**MEG RYAN** Ættleiddi stúlkubarnið Daisy frá Kína. Langflest ættleidd börn í hinum vestræna heimi eru frá Kína sökum einbirnisreglunnar en þar eiga stúlkubörn það á hættu á að vera borin út sökum kynferðis síns.

**EWAN MCGREGOR** Skoski leikarinn ættleiddi ásamt eiginkonu sinni, Eve, fjögurra ára telpu frá Mongólíu í apríl á síðasta ári. Ewan er líkt og Angelina Jolie, velgjörðarsendiherra á vegum UNICEF og kynntist fátæktinni í Mongolíu af eigin raun þegar hann fór hringinn í kringum jörðina á mótorhjóli.



**NÝ FARROW?** Angelina Jolie og Brad Pitt eru síður en svo hætt að ættleiða og hafa í hyggju að fá til sín sitt fimmta barn.

# 4

# Fjórfaldur pottur stefnir í 22 milljónir. Er komið að þér?

**Náðu þér í lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is**

TÍVOLÍ-TÍVOLÍ TÍVOLÍ-LÍ-LÍ

Ein fjölskylda á hverjum laugardegi í allt sumar!

Ef þú kaupir 10 raða seðil í Lottó eða Víkingalottó fylgir aukamiði sem getur fært þér og fjölskyldunni sólarhringsferð til Kaupmannahafnar.

Lottó

**Taktu Lottó í áskrift!** 580 2530 Sölustaðir lotto.is



# HLJÓÐFÆRI HUGANS

## Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

**Fyrirbyggjandi aðgerðir**

„Margt er rætt um fyrirbyggjandi aðgerðir: menningar- og siðleysi á opinberum vettvangi hefur um langan aldur verið þjóðareinkenni okkar og á sér sýnilega djúpar rætur í daglegum framgangi. Hert eftirlit skilar sýnilega (nástaða því miður) sínu, háar sektir, réttindasvipting og upptaka eigna: afdrifaríkar opinberar aðgerðir fyrir brotamenn kunna að reynast þrautalending dugi almenn uppfræðsla og umvöndun ekki. Stjórnvöld verða að reyna hvort tveggja, að kosta til látlitlum áróðri og halda þeim skikk á opinberum vettvangi að allir borgarar geti farið óttalaust um byggðir og sveitir án ama af ruddaskap og án þess að lifa í stöðugri ógn af hraðafíklum.“ Þetta blæbrigðaríka orðfæri er úr leiðara Fbl. 8. ágúst. Svona málfar mætti sjást oftar í íslenskum dagblöðum.

**Dýpra siglingalag**

Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson kemst haglega að orði í viðtali í Blaðinu 21. júlí: „Það má segja að síðastliðinn áratug hafi skúta mín fengið dýpra siglingalag og þar kom að farið var að vatna yfir dekkið.“ Það er gaman að sjá svona myndmál notað. Okkur Vestfirðingum er eðlilega tamt að grípa til sjómannamáls.

**Skemmtileg auglýsing**

Verslun sem selur smávörur auglýsir skemmtilega hér í Fbl. 24. júlí. Þar má sjá lukt með fyrirsögninni „Lýs, milda ljós“. Samanleggjanlegur kollur (líklega kallaður „kjaftastóll“ áður fyrr) fær umsögnina „Setið á rökstólum“. Ennfremur: „Það er bjart yfir þér... ef þú ert með ljósker á enninu.“ Svona smellin tilþrif í orðfæri auglýsinga eru því miður allt-of sjaldgæf og gleðja áhugamann um líflegt málfar.

**Föndraði plötur á Ísafirði –**

segir í fyrirsögn í Blaðinu 27. júlí. So. föndra er ekki áhrifssögn og menn föndra því hvorki plötur né jólaskraut. Föndra merkir að dútla, fást við eitthvað í leik eða af áhuga.

Því má föndra við vélar, en ekki föndra vélar. Þetta er sams konar vitleysa eins og þegar sagt er að „versla skó“, sem venjulegt mælt fólk kaupir. Meira að segja í Leifsstöð glumdi í eyrum að „farþegar gætu verslað allan varning“! So. versla merkir að eiga í viðskiptum, gera innkaup, en ekki að kaupa einstaka hluti. Í áðurnefndri grein var svo bitið höfuð af skömminni með því að kalla þessar „föndruðu plötur“ collectors pieces.

**Yfirtökur Íslendinga**

finna fyrir óróanum, – segir í fyrirsögn í Mbl. 8. ágúst um viðskiptafrétt. Ekki vissi ég að yfirtökur hefðu svona næmt tilfinningalíf. Yfirtaka, hvaða skepna er það? Eins og Halldór Laxness spurði eitt sinn um annað fyrirbæri.

**Braghenda**

Sigurður Gíslason frá Skarðsá lýsti þannig eigin vísnasmíði:

*Þótt ég geri stöku stöku stöku sinni*
*lítt ég því að sinni sinni,*
*sinni bara vinnu minni.*

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

# Á VEGUM ÚTI

## Baldur Héðinsson leitar að hinni sönnu Ameríku

Upphaf keyrslunnar frá New Orleans til Austin Texas gaf áhugaverða mynd af ástandi suðurríkjanna. Aldagömul glæsileg plantekruhús báru vott um forna frægð, hjólhýsahverfi sýndu núverandi fátækt íbúanna og fjöldi olíuvinnslustöðva og annarra stórbrotinna verksmiðja gerði það að verkum að svæðið er kallað „chemical corridor“ í daglegu tali.




Löng bílferðin til Austin í miklum hita og raka gekk framar vonum þangað til að við keyrðum inn fyrir borgarmörkin. Á miðri hraðbrautinni drap bíllinn á sér og neitaði að fara lengra. Lítið annað var í stöðunni en að hringja í AAA, sem gegnir sambærilegu hlutverki og FÍB á Íslandi. Um hálftíma seinna mætti herramaður á dráttarbíl. Í stað þess að láta draga okkur á næsta verkstæði ákváðum við að kaupa af honum gallon af bensíni til að sjá hvort okkur hefði tekist að klára tankinn. Viti menn, eftir smá slurk af bensíni, gekk bíllinn sem aldrei fyrr. Við héldum því á áfangastað (með stoppi á bensínstöð), hamingjusöm yfir því að vandamálið var ekki viðameira og skömmustuleg yfir eigin heimsku.

Ef kjánalegir kúrekar á stórum pallbílum er það fyrsta sem þér dettur í hug þegar þú heyrir Texas nefnt, þá er í mynd þín ekki langt frá raunveruleikanum. Austin er þó vin í eyðimörkinni. Borgin er ung, framsækin og lífleg. Íbúar borgarinnar eru allt frá rótgrónum hippum, sem hafa verið fjölmennir þar um langa tíð, til ungra uppa, sem vinna í hátæknliðnaðinum. Auk þess er mikið af skólafólki og blandan myndar þægilegt og umburðarlynt andrúmsloft. Líkt og annars staðar í Texas er bíll þó algerlega nauðsynlegur, sem gerir lífið eilítið þreytandi.

Landamærabærinn Del Rio var næsta stopp. Keyrslan frá Austin var með eindæmum falleg, gegnum gróðursælan hluta Texas. Frá Del Rio tók ferðahópurinn leigubíl til Mexíkó. Einkar auðvelt var að komast yfir landamærin, enginn þurfti að sýna vegabréf eða svo mikið sem yrða á landamæravörðinn. Lifnaðarhættir breyttust ansi mikið þegar til Mexíkó var komið. Byggðin var mun þéttari og fleira fólk á götum úti. Áhrif frá nágrönnunum í norðri má sjá á hverju götuhorni. Önnur hver verslun selur minjagripi, bandarískir unglingar hlaupa um eins og kálfar að vori því áfengisaldurinn er lægri og flestir matsölustaðir elda „tex mex“ mat til að geðjast Kananum. Okkur tókst þó að spyrjast fyrir um og finna veitingastað sem heimamenn sóttu. Maturinn, sem var á borð borinn, bragðaðist allt öðruvísi en allur sá mexíkóski matur, sem ég hef á ævinni borðað. Þegar kvölda tók, héldum við aftur til lands hinna frjálsu og hugrökku. Að komast yfir landamærin var þó miklum mun erfiðara í þetta skiptið. Allur ferðahópurinn þurfti að bíða í um klukkustund í yfirheyrsluherbergi með „most wanted“ myndum af Osama bin Laden og öðrum glæpamönnum á veggjum. Þegar búið var að skoða okkur í krók og kring var öllum hleypt inn í Bandaríkin.

Frá Del Rio lá leiðin norður til Santa Fe í Nýju-Mexíkó með stoppi í Roswell. Landslagið einkenndist nú af eyðimörk. Kaktusar hér og þar ásamt einstaka runna, annars einungis sandur og auðn. Annar hver bær sem við keyrðum í gegnum var hálfyfirgefinn, tómt verslunarhúsnæði og þau hús, sem enn var búið í, voru ansi hrörleg. Heiðblár himinninn var einstaklega fallegur og skjannahvít ský virtust snerta jörðina við sjóndeildarhringinn. Þegar skyggja tók vorum við stoppuð af lögreglunni. Ég sat undir stýri og þurfti því að sýna fram á að ég væri ekki undir áhrifum áfengis. Mér gekk ágætlega að ganga á beinni línu og svara spurningum lögregluþjónsins, við fengum því að halda förinni áfram.

Santa Fe stendur fyllilega undir nafninu „bad art capital of the world“; önnur hver búð selur ósmekklegan nýaldarvarning. Ferðahópurinn hélt því í skoðunarferð út frá borginni í átt að indíánabyggðum. Í Taos, sem er í um klukkutíma keyrslu frá Santa Fe, hafa indíánar búið í yfir þúsund ár. Í dag er hægt að skoða stóran hluta þorps þeirra og fræðast um lifnaðarhætti. Húsin eru byggð með „adobe“, sem einkennir byggingarstílinn í allri Nýju-Mexíkó enn þann dag í dag. Áhugavert var að sjá hvernig ættbálkurinn blandar saman kristni og fornum trúarbrögðum indíána. Í aðalkirkju bæjarins var altarismyndin af Maríu mey undir stórri sól, með kornplöntu í hendi, en ekki Jesú eins og venja er.

Nú liggur leið okkar eftir „Route 66“ til Arizona, Utah og Nevada.

# HELGARKROSSGÁTAN









Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

# SKÍFAN
# Á menningarnótt




Vertu viss um að kíkja við í Skífunni Laugvegi á Menningarnótt..

**15:00 Magni spilar og áritar**
**17:00 Wulfgang**
**18:00 Touch**
**19:00 Skátar**
**20:00 Mood**

**Myndlista sýning með verkum eftir Huldu Vilhjálmsdóttur í Skífukaffi (Kjallari Skífunnar Laugavegi)**

Kaffi , Öl og fleirri veitingar í boði fyrir gesti gangandi..

S·K·Í·F·A·N




Vantar þig auka-pening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

pósthúsið – ódýrari valkostur

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is


# STUÐ MILLI STRÍÐA Óheppnasti maður á Íslandi

**ROALD VIÐAR EYVINDSSON** KEMST BRÁTT Í HEIMSMETABÓK GUINESS



Nordstrom er bandarísk verslunarkeðja rómuð fyrir svo framúrskarandi þjónustu að um hana hafa spunnist alls kyns flökkusögur. Eins og sagan um manninn sem fékk bíldekki skipt í einni búðinni, jafnvel þótt Nordstrom selji ekki einu sinni varahluti í bíla!

Eftir að við maðurinn minn hófum endurbætur á húsinu okkar, hefur þjónustan sem við höfum fengið orðið til þess að ég hef oft óskað að til væru fleiri keðjur eins og Nordstrom í heiminum.

Eins og þegar við keyptum blöndunartæki í sturtuna, sem átti að vera með styttanlegri stöng. Annað kom á daginn þegar píparinn meðhöndlaði gripinn og reyndist stöngin þá sú eina óstyttanlega í búðinni. En skyldi búðin hafa boðist til að greiða styttinguna? Aldeilis ekki.

Eða þegar við pöntuðum gardínur með mælingu og uppsetningu og sagt að sýna þolinmæði þegar mælikarlinn sást ekki vikum saman. Er hann loks kláraði, var efnið búið. Til að kóróna allt tafðist sendingin vegna mistaka og myrkratjöldin skila sér líklegast í september.

Svo var það baðherbergishurðin sem barst alltof seint. Getið þið ímyndað ykkur hvernig er að búa í húsi með engri baðherbergishurð svo vikum skiptir? Bjóða fólki í mat og öðlast allt annan skilning á orðasambandinu „híbýli vindanna“ þegar gestirnar bregða sér frá.

Dyrakarmurinn sem fylgdi var of mjór. Meira að segja miðað við vitleysuna í pöntuninni sem hvorki við né sölumaðurinn vildum taka ábyrgð á, þótt hann gæfi sig loks. (Eftir að hafa fyrst játað og lofað fríum karmi, uppsetningu og gjafakorti en dregið það tímabundið til baka.)

Þarna og oftar hefur óheppni verið kennt um. En hvað hefur þjónusta eiginlega með heppni að gera? Er ekki best að viðurkenna að þjónusta og þjónustulund á Íslandi er svo léleg að við erum á góðri leið með að verða eins og Frakkar.

Er ekki löngu tímabært að við tileinkum okkur svolítið af sykurhúðaðri amerískri þjónustulund.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Sprengitilboð

## Keyptu sófasett og fáðu flatskjá í kaupbæti

Einungis fáanlegt í Smáralind og á markaði Hagkaupa Akureyri



### 32" United LCD skjár
- Upplausn: 1366x768 punktar
- HD Ready
- Progressive Scan
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, HDMI, component, SVHS, CVBS
- VGA tengi og heyrnartólstengi
- Textavarp
- Fjarstýring
- Stærð í cm (bxhxd): 91,7x51,7x11

**Með hverju seldu 8138M eða M75 sófasetti fylgir United - 32" LCD breiðtjaldssjónvarp að andvirði 79.990kr***

*Gildir á meðan birgðir endast



**329.000kr** GOTT VERÐ

**Svefnsófasett** úr leðri 8138M



**269.000kr** GOTT VERÐ

**Leðurhornsófi** 1+2+1 M75



### 20" Dantax LCD skjár
- 20" 4:3 LCD sjónvarp • Upplausn: 800x600 punktar
- Svartími: 8ms og sjónsvið (h/v): 150/130°
- Skerpa: 700:1 og 500cd/m2 • 12v og 220v
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi • Textavarp með 7 síðna minni
- Barnalæsing og fjarstýring • Borðstandur og veggfesting fylgja
- Mál í cm (bxhxd): 52,3x43,5x7,9 og þyngd: 9kg

**Með hverju seldu 8181 eða 8183 sófasetti fylgir Dantax - 20" LCD breiðtjaldssjónvarp að andvirði 49.990kr***

*Gildir á meðan birgðir endast



**199.000kr** GOTT VERÐ

**Leðursófasett** 3+1+1 8181



**199.000kr** GOTT VERÐ

**Leðursófasett** 3+1+1 8183

## BORÐSTOFUSTÓLAR Á SPRENGITILBOÐI



| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ | TILBOÐ |
| 9.900kr | 8.990kr | 12.990kr | 8.330kr | 8.330kr | 11.900kr | 11.900kr | 14.900kr |
| Verð áður 14.900,- | Verð áður 12.900,- | Verð áður 18.900,- | Verð áður 11.900,- | Verð áður 11.900,- | Verð áður 18.900,- | Verð áður 14.900,- | Verð áður 24.900,- |

Gildir til 22. ágúst eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

! **Kl. 14.00**
*Öskubuska í Tjarnarbíói. Sígilt ævintýri í búningi barna- og unglingaleikhússins. Leikarar á aldrinum 9 til 15 ára leika fyrir áhorfendur frá þriggja ára aldri. Sýningin tekur 90 mínútur með hléi. Hleypt inn meðan húsrúm leyfir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Dansiball í Grófinni



Fleira þarf í dans en góða skó, sagði kerlingin. Danshugamönnum gefst í kvöld kostur að stíga dansinn í Listasafni Reykjavíkur en þar verður boðið upp á danshljómsveit upp á gamla móðinn. Alliance francaise og Listasafn Reykjavíkur bjóða gestum menningarnætur á ball kl. 19.30. Slegið verður upp hefðbundnu frönsku dansiballi þar sem gestir geta iðkað „suðrænar fótamenntir, eða hoppað með eigin aðferð“ eins og segir í fréttatilkynningu safnsins um tiltækið. Það er tríó harmónikkuleikarans Vadim Fedorovs sem leikur fyrir dansi, en auk hans skipa tríóið þeir Gunnar Hilmarsson á gítar, og Leifur Gunnarsson á kontrabassa. Lagavalið samanstendur af þekktum danslögum frá fyrri hluta 20. aldar, en síðan þróast dansiballið bara eftir stemningunni eins og vera ber. Aðgangur er ókeypis, en gestum stendur til boða að kaupa sér osta og rauðvín og sökkva sér í anda franskrar menningar. Dunar dansinn fram eftir kvöldi. - pbb

### >Ekki missa af

Bubba kóngi eftir Alfred Jarry í uppsetningu Vér morðingja. artFart sviðslistahátíðinni lýkur á hinu klassíska verki Alfreds Jarry, Bubba kóngi, en það verður sýnt á menningarnótt kl. 21.30 í Smiðjunni, Sölvhólsgötu 13. ATH. Aðeins ein sýning, verður ekki endurtekin!


KRINGLU KRÁIN

Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar í kvöld

Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum



Í DAG!
KIRKJULISTAHÁTÍÐ
FESTIVAL OF SACRED ARTS
2007
11.–19. ágúst
LAUGARDAGUR 18. ÁGÚST
15.00 – 21.00
SÁLMAFOSS
SÁLMAVEISLA Í HALLGRÍMSKIRKJU
Frumfluttir fjórir nýir íslenskir sálmar sérstaklega samdir fyrir Kirkjulistahátíð. Samfelld dagskrá þar sem fluttir verða sálmar frá ýmsum stíltímabilum af fjölbreyttum hópi tónlistarfólks.
ALLIR VIÐBURÐIR FARA FRAM Í HALLGRÍMSKIRKJU NEMA ANNAÐ SÉ TEKIÐ FRAM
„Ég vil lofsyngja Drottni“
WWW.KIRKJULISTAHATID.IS – SÍMI 510 1010 – MIÐASALA OPIN 9-17





PÉTUR GAUTUR

Laugardaginn 18. ágúst er Menningarnótt í Reykjavík og af því tilefni verð ég með opið hús á vinnustofu minni, á horni Njálsgötu og Snorrabrautar, frá kl. 16–22.

Kl.16 opnar vinnustofusýning á nýjum verkum eftir húsráðandann.

Kl. 20–22 mun jazz-dívan einstaka, Kristjana Stefánsdóttir, og tríó hennar flytja klassíska jazz-slagara inn í nóttina.

Boðið verður upp á léttar veitingar.
Verið velkomin og takið með ykkur gesti.


# Íslensk hönnun í brennidepli

Tímana áður en tónleikadagskráin hefst á Klambratúninu gamla, sem er eftir sumartónleika Sigurrósar orðinn einn helsti útitónleikastaður borgarinnar, ætla menn að tala saman á Kjarvalsstöðum. Þar hefur hönnunarsýningin Kvika verið í fyrirrúmi í nokkrar vikur og eru þeir hjá Listasafni Reykjavíkur ánægðir með aðsókn og viðtökur. Hönnunarsýningin var fyrsta stóra sýningin í húsinu eftir viðamiklar breytingar á miðskipi þessa fyrsta sérsmíðaða sýningarhúss myndlistar í borginni.

Nú skal þingað um stöðu hönnunar í landinu á okkar útrásartímum. Er stefnt að tveggja tíma törn með inngangserindum og umræðum undir stjórn Þorsteins J. Vilhjálmssonar: Yfirskrift þingsins er Íslensk hönnun – gildi og innihald. Hefst það kl. 13 og er því tvískipt. Fyrri hlutinn fjallar um hugmyndaheim íslenskra hönnuða, sérstöðu þeirra eða einsleitni og þann brunn sem íslenskir hönnuðir sækja innblástur í.

Síðari hlutinn fjallar um gildi íslenskrar hönnunar fyrir íslenskan iðnað og stöðu á alþjóðlegum markaði auk þess sem fjallað verður um kosti þess og galla að starfa á litlum markaði. Þátttakendur eru m.a.: Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir sýningastjóri MAGMA/KVIKU en hún hefur með sýningarstjórn sinni öðlast einstaka innsýn í hvað er á seyði meðal íslenskra hönnuða og fyrirtækja þeirra heima og erlendis. Guðmundur Oddur, prófessor við Listaháskóla Íslands, hefur um langt skeið lagt sig í líma við að skilgreina anda og uppsprettu íslenskrar hönnunar og er einn fárra sem hefur sett fram kenningar um hvað er á seyði í íslenskri hönnun.

Þrír hönnuðir taka til máls í inngangserindum: Katrín Pétursdóttir sem hefur starfað mest á erlendum vettvangi í samstarfi við mann sinn Michael Young og ekki síður staðið á eigin fótum. Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir hönnuður og Hrafnkell Birgisson, hönnuður og formaður samtaka hönnuða, FORM Ísland. Þá leggja þau sitt til málanna Elísabet V. Ingvarsdóttir, hönnunarsagnfræðingur, innanhússarkitekt og nýráðin hönnunargagnrýnandi Morgunblaðsins, Guðbjörg Gissurardóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarvettvangs og Finnur Árnason hjá Nýsköpunarsjóði.



**HÖNNUN** Hjólabretti eftir Katrínu Pétursdóttur. Eru íslenskir hönnuðir að hleypa heimdraganum?

Sýningin MAGMA/KVIKA hefur, ásamt nokkrum fleiri sýningum af sama toga, starfsemi Hönnunarsafns Íslands og stórauknum áhuga almennings á hönnun af ýmsum toga, hleypt nýju lífi í umræðu um hönnun hér á landi og erindi okkar verka á erlendan markað og vettvang. Sú tíð er liðin að hönnuðir líti á heimamarkað sem sinn einvörðungu. Nú er litið til alþjóðlegrar framleiðslu af ýmsu tagi.

Allt þetta kemur til með að vera í umræðu á þinginu fram til klukkan 15 þegar ungir tónlistarmenn fara að þenja hljómkerfið á gamla Klambratúninu. Það er Listasafn Reykjavíkur sem boðar til þingsins. pbb@frettabladid.is

# Andri Snær tekur púlsinn

Andri Snær Magnason rithöfundur leiðir gesti í kvöld um sali Listasafns Íslands en þar er nú uppi sýningin Ó-náttúra. Má búast við að skáldið fari víða í hughrifum um hvað fyrir augu ber. Andri er þaulvanur greinandi og hefur farið víða í skáldskap sínum, jafnan verið á sínum sjónarhóli. Andri Snær er þekktur fyrir óvenjuleg sjónarhorn á lífið og tilveruna en segja má að sjónarhorn listamanna á sýningunni séu afar ólík því þar má sjá verk eftir 51 listamann, allt frá Kjarval til Katrínar Sigurðardóttur.



**MYNDLIST** Andri Snær tekur púlsinn á náttúrusýn í Listasafni Íslands í kvöld

Ó-náttúra er sýning á verkum úr safneign Listasafns Íslands. Sýningin fjallar um náttúruna í ólíkum myndum. Náttúran er gjarnan skilgreind með þrengsta móti sem hlutlægt umhverfi manna og málleysingja. Sýningin býður gestum Listasafns Íslands að endurskoða þá skilgreiningu og minnast þess að náttúran nær ekki síður til innri veruleika okkar, hvatalífs, ósjálfráðra viðbragða og hömlulausra athafna en ytri, ósnortinna aðstæðna - eða þeirra aðstæðna í landi sem við höfum rofið með einhverjum hætti, bæði fyrr og síðar. Sýningin leiðir í ljós að erfitt er að skilgreina jafn yfirgripsmikið fyrirbæri og náttúruna, eða greina hana frá því sem kalla mætti ónáttúrulegt í merkingunni gervilegt eða tilbúið.

Andri leggur af stað í göngutúrinn um Ó-náttúru kl. 21 og eru allir velkomnir.

GUSGUS SÉRTÓNLEIKAR Í BOÐI Iceland Express



Í DAG KL. 18.30 Á NASA
HÁMARKSALDUR 20 ÁRA*
SÉRSTAKUR GESTUR: DANÍEL ÁGÚST. ENGINN AÐGANGSEYRIR!
*AÐGANGUR BANNAÐUR FYRIR 20 ÁRA OG ELDRI, NEMA Í FYLGD MEÐ BARNI EÐA UNGLINGI.



**KVIKMYNDIR** Karl Júlíusson er í stöðugri vinnu sem útlitshönnuður á stórum verkum virtra leikstjóra.

# Samadrama fresta enn

Vandamál steðja að norska leikstjóranum Niels Gaup sem gerði hina eftirminnilegu mynd Leiðsögumanninn, með Helga Skúlasyni. Hann er nú að ljúka við stóra mynd, Kautokeino-uppreisnina, og ætlaði að frumsýna í apríl en þá varð frestun. Þá ætlaði hann að frumsýna í ágúst en verður að fresta og hefur verið tilkynnt að myndina beri ekki fyrir augu áhorfenda fyrr en í janúar á næsta ári, en hún verður opnunarmynd á kvikmyndahátíðinni í Tromsö 15. janúar og fer síðan í almenna dreifingu í Noregi 18. janúar.

Það er Karl Júlíusson sem sér um útlit myndarinnar sem gerist á nítjándu öld og fjallar um stormasama sambúð sama og norskra yfirvalda sem leiddi til uppreisnar og voru tveir leiðtogar uppreisnarmanna dæmdir til dauða og hálshöggnir 1854. Er leikstjórinn kominn af öðrum þeirra og því málið skylt. Myndin kostaði 6,6 miljónir evra og var að mestu tekin í Filmkamp-kvikmyndaverinu í Malsvelf nærri Tromsö. Það er því eðlilegt að myndin verði frumsýnd þar. Hún er samstarfsverkefni Rubicon Film & TV in co-production og Borealis Film. Þetta er fyrsta myndin sem er unnin í verinu og voru margir þátttakendur frá svæðinu þátttakaendur með einum eða öðrum hætti í verkefninu. Leikarar eru af ýmsu norrænu þjóðerni en Karl hefur áður unnið með Gaup í myndinni Misery Harbor frá 1999. Kalli fór beint úr kuldum norðursins til hita Miðjarðarhafs, en hann er að gera mynd með Katherine Bigalow í Jórdaníu um þessar mundir.

- pbb



**HEIÐRA PRESLEY** Didda Jónsdóttir og félagar hafa gefið út plötuna Elvis.

# Blása lífi í Presley

Hljómsveitin Minä Rakastan Sinua hefur gefið út sína fyrstu breiðskífu, sem heitir Elvis, í höfuðið á konungi rokksins. Á plötunni, sem kemur út undir merkjum Smekkleysu, syngur hljómsveitin lög úr sarpi Elvis Presley með það að markmiði að blása lífi í þau á nýjan leik. Sveitina skipa Didda Jónsdóttir, Riina Finnsdóttir og Kormákur Geirharðsson auk bræðranna Ara og Þórs Eldon.

„Við spiluðum þetta Elvis-prógramm fyrst á skemmtistaðnum Domo í febrúar á fjáröflunartónleikum. Þá var Didda að safna peningum til að leysa barnsföður sinn úr haldi en hann sat í fangelsi á Jamaíku. Það gekk alveg frábærlega og við náðum karlinum úr fangelsi. Síðan fórum við beint í stúdíó og tókum efnið upp „live“ og það er platan sem er að koma út núna,“ segir Þór Eldon.

„Við ákváðum að reyna að hafa þetta eins hrátt og einfalt og það var á tónleikunum. Við náðum fínu sándi í stúdíóinu og létum bara vaða. Ég veit ekki hvað við verðum lengi með þetta Elvis-prógramm í gangi en þetta er bara til að skemmta okkur og gleðja okkur. Við höfum aldrei hugsað um þetta sem pöbbaband eða næturvinnu.“

Þór segist vera aðdáandi Elvis eins og allir aðrir. „Þú getur ekki unnið við tónlist eða hlustað á tónlist og sleppt Elvis, það er ekki hægt.“ Næstu tónleikar Minä Rakastan Sinua verða í Norræna húsinu 25. ágúst.

- fb

Skífan kynnir

Skoppa og Skrítla árita í dag!




Skoppa og Skrítla verða í Kringlunni laugardag og sunnudag frá kl. 11-14 og ætla að heimsækja Skífuna og árita plötuna sína og mynddiskinn sinn fyrir krakkana.

Fræðandi og skemmtilegt leikið efni fyrir yngstu kynslóðina.




Skoppa og Skrítla er eitt hvað sem allir krakkar verða að eiga!

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK Í NÆSTU VERSLUN SKÍFUNNAR!

S·K·Í·F·A·N

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · www.skifan.is



**SAMMI** Ný plata Jagúar, Shake it good, er fjórða hljóðversplata hljómsveitarinnar.

# Ný plata og tónleikar

**Nýjasta breiðskífa hljómsveitarinnar Jagúar, „Shake it good“ kemur út í dag – á sama degi og sveitin fagnar níu ára afmæli sínu. Til að fagna afmælinu og útgáfu nýju plötunnar býður sveitin í partí á tónleikastaðnum Organ í Hafnarstræti.**

**Jagúarpiltar lofa sannkallaðri fönkveislu á tónleikunum í kvöld og hefja leik á miðnætti. Frítt er inn á tónleikana, þar sem sveitin hyggst spila lög af nýju plötunni auk þess sem gamlir slagarar fá án vafa að njóta sín.**

# Mats Wibe Lund fagnar löngum ferli

Í tilefni af sjötugsafmæli sínu fyrr á þessu ári opnar Mats Wibe Lund ljósmyndari sýningu völdum myndum úr sínu gríðarlega safni í galleríi Orkuveitu Reykjavíkur 100° að Bæjarhálsi 1 á morgun. Mats kallar sýninguna Augnagaman en hún er opin virka daga frá kl. 8.0 til kl. 16.00. Mats er þekktastur fyrir myndir sínar af byggðum og landslagi en snýr nú við blaðinu og sýnir aðallega myndir af hversdagslífinu hér áður fyrr. Þetta eru myndir frá árunum milli 1956 og 1974, miklu umbrotatímabili í öllum lífsháttum þjóðarinnar. Alls eru 45 myndir á sýningunni á Bæjarhálsi, allar teknar á filmu á Hasselblad-myndavél sem þá var leiðandi verkfæri ljósmyndara.

Mats Wibe Lund fæddist í Noregi 28. febrúar 1937. Ljósmyndamenntun sína fékk hann í Konunglega norska flughernum, í Frakklandi og í Þýskalandi. Áhuga hans á Íslandi má rekja til þess tíma er faðir hans rak fyrirtæki sem var í sama húsi og ræðismannsskrifstofa Íslands í Ósló. Hann kom fyrst til Íslands sumarið 1954 og vann þá við uppgröft í Skálholti. Framan af starfaði hann jöfnum höndum sem blaðamaður og ljósmyndari.

Hann hefur skrifað á annað þúsund blaðagreinar um margvísleg íslensk málefni fyrir blöð og tímarit í Evrópu og Bandaríkjunum. Með tuttugu Íslandsferðir að baki flutti hann ásamt eiginkonu sinni, Arndísi Ellertsdóttur, alkominn hingað heim vorið 1966.



**LJÓSMYNDIR** Gautar frá Siglufirði á sjötta aratugnum. LJÓSMYND:MATS VIBE LUND

Um tíma rak Mats ljósmyndavöruverslun og portrett-stúdíó í Reykjavík, en hin seinni ár hefur hann helgað sig átthagamyndatökum úr lofti. Hann á mikið safn mynda jafnt af þéttbýlisstöðum sem og af öllum býjörðum og eyðibýlum á Íslandi. Undanfarin ár hefur hann unnið ötullega að innsetningu allra þessara mynda á vefinn www.mats.is. Mats hefur áður tekið þátt í samsýningum og haldið einkasýningar bæði hér heima og erlendis.

Í ávarpi til sýningargesta segist Mats meðal annars vilja nota tækifærið til að þakka öllum þeim góðu Íslendingum sem hann hefur kynnst um land allt. Hvatning þeirra og gott viðmót hefur ávallt gefið honum byr undir báða vængi. Mats er ljósmyndun ástríða. Hann segir hana snúast fyrst og fremst um að gleðja aðra.

pbb@frettabladid.is


Reyfi 2007
MENNINGARGNÆGÐ
NORRÆNA HÚSIÐ
18. – 26. ÁGÚST 2007

LAUGARDAGUR 18. ÁGÚST

LISTSÝNINGAR ALLA DAGA Á MEÐAN Á HÁTÍÐINNI STENDUR:
HÖNNUNARSÝNING FRÁ ÁLANDSEYJUM
LJÓSMYNDASÝNING UM ARKITEKTÚR
LJÓSMYNDASÝNING REBEKKU GUÐLEIFSDÓTTUR
GLOBAL VILLAGE – HEIMSÞORP
"SKÖPUN ÚR RUSLI" OG LJÓSMYNDASÝNING VINNUSKÓLA REYKJAVÍKUR
SÝNING Á VERKUM LEIKSKÓLABARNA

GLERSKÁLI
KL.12:00 OG 17:15 SIRKUS: HAND IN HAND. SIRKUSSMIÐJA FYRIR BÖRN. ÓVÆNTAR UPPÁKOMUR ALLAN DAGINN
KL. 13:00 MENNINGARNÓTT REYKJAVÍKUR OG REYFI MENNINGARGNÆGÐ FORMLEGA OPNUÐ
TÓNLEIKAR:
KL. 14:00 LAY LOW
KL. 15:00 TEPOKINN
KL. 16:15 MARÍA WINTER
KL. 18:00 DEMOCRACY OF JAZZ
KL. 18:45 EIRÍKUR ORRI OG GESTIR
KL. 19:30 MARÍA WINTER
KL. 20:45 DEMOCRACY OF JAZZ
KL. 21:45 EIRÍKUR ORRI OG GESTIR
KL. 22:30 FLUGELDASÝNING
KL. 23:15 DJASSKVARTETT KÁRA ÁRNASONAR

NORRÆNA HÚSIÐ
KL. 13:00 – 18:00 ÍSLENSK MYNDBANDALIST: DIETER ROTH, MAGNÚS PÁLSSON, RÚRÍ, ÁSTA ÓLAFSDÓTTIR, THE ICELANDIC LOVE CORPORATION, HANNES LÁRUSSON, SARA BJÖRNSDÓTTIR, ANNA HALLIN, ARNA VALSDÓTTIR OG CHOOC LY TAN

KL. 15:00 NORRÆN MATARGERÐ
KL. 16:00 GJÖRNINGUR: SARA BJÖRNSDÓTTIR ÁSAMT LISTNEMUM ÚR LHÍ
KL. 16:15 GJÖRNINGUR: "INNI VIÐ BEINIÐ ER HANN BESTA SKINN" SNORRI ÁSMUNDSSON
KL. 17:00 OG 20:00 DORTHE HÖJLAND GROUP
KL. 20:00 GJÖRNINGUR: "COMPOSITION 2" HANNES LÁRUSSON



Auglýsingasími
512 5050

– Mest lesið



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Njóttu dagsins - taktu flugið




ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 37733 05/07

Aðeins nokkur skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

**Njóttu dagins, taktu flugið og smelltu þér á flugfelag.is**

## >TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

Í ár eru akkúrat hundrað ár síðan orðið **„brjóstahaldari“** var fyrst sett í prent. Það var að sjálfsögðu í tímaritinu Vogue sem það var gert, árið 1907.

**Gamli tískuhönnuðurinn Paul Smith** hefur hannað dásamlega fallega ekta breska tekrús fyrir merkið Wedgewood. Allur ágóði sölunnar rennur til NSPCC samtakanna sem berjast gegn barnamisnotkun.

**Jovovich Hawk** mun ekki halda sýningu á tískuvikunum í haust. Ástæðan er sú að annar hönnuðanna, **Milla Jovovich,** er „of ólétt til að hreyfa sig“.

**Zac Posen** hefur verið gerður ódauðlegur á þann hátt að gerð hefur verið dúkka eftir honum. Nú er því hægt að kaupa **Barbie-Zack** ásamt Barbie-fyrirsætu í fallegum kjól hönnuðum af honum. Hann fetar þannig í fótspor Albers Elbaz hjá Lanvin sem einnig hefur verið „dúkkaður upp“.

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



**Dásamlega fallegan** See by Chloé-kjól í haustlitum og mod-stíl. Fæst í Trilogiu.



**Töffaralegar vetrarbomsur** frá Campers. Verða frábærar í vetrarslabbið. Fást í KronKron.



**iPhone-síma** frá Apple. Helst núna strax.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Haustið nálgast*

Nú eru útsölurnar að líða undir lok og ný og freistandi föt að koma í búðirnar. Ég hef alltaf verið spenntari fyrir vetrartískunni en sumartískunni enda eru efnin og sniðin öll einhvern veginn gæðalegri og meira sexý en einhverjir kjólar sem maður notar þrisvar á ári. En hverjar eru helstu breytingarnar í tískunni fyrir komandi vetur? Fyrst má nefna að **svart** er enn einu sinni komið aftur, í alls konar efnum, allt frá leðri og glansandi latex-líki upp í fínlegar siffonspjarir. Prófaðu þig áfram og blandaðu saman mismunandi áferðum. Annað sem kemur sterkt inn er að klæða sig frá toppi til táar í sama áberandi litnum: sem sé **kjóll, sokkabuxur og skór í sama litatóni** og þá sérstaklega fjólubláu, sterkbleiku eða karrígulu. Mínípilsin eru, (því miður að mínu mati) að hverfa og í stað þeirra kemur **ný pilsasídd** sem nær rétt niður fyrir hné. Að vísu afskaplega klæðilegt og elegant við háa hæla. **Pilsdragtir** koma sterkt inn, dálítið í anda fjórða eða fimmta áratugarins þó að mér finnist að það eigi að varast allt sem gæti nálgast flugfreyjulúkkið. Reyndar eru kvenlegheit og gamaldags glamúr málið í haust og því verðum við að kveðja stuttbuxurnar og lausu skokkana sem hafa einkennt tísku sumarsins. Snið eru aðsniðin og dálítið frúarleg, en **buxur hins vegar hætta að vera níðþröngar** og verða efnismeiri í anda leikkonunnar Katherine Hepburn. Balenciaga kom **reiðbuxum** aftur á tískukortið sem hann setti saman með afskaplega töff hermannajökkum og klútum í einhvers konar tíbetskum stíl. **Þykkar prjónapeysur**, risastórir treflar og jafnvel þykkir ullarsokkar verða einnig ofarlega á tískukortinu og oft eru stórar og víðar peysur notaðar við sokkabuxur einar saman. **Leður** var í aðalhlutverki hjá ýmsum hönnuðum, meðal annars Burberry Prorsum og Hermés og „mótorhjólaskvísu“-útlitið ásamt svörtum eyeliner og derhúfu, eða háir leðurhanskar, leðurstígvél og leðurbelti sýndu **ákveðin „ kinkí“ áhrif.** Mittið verður áberandi eftir að hafa verið nærri ósýnilegt í sumar og **belti eru breið** og sitja í mittisstað, og alls ekki á mjöðmum. Skór halda áfram að vera ögn fríkaðir, með fylltum eða klossuðum hæl, og svo er lakk áfram mikið í tísku, bæði í skótaui, beltum og töskum. **Ökklastígvél** í ýmsum litum sáust víða á sýningunum og það er til dæmis mjög smart að fá sér þau í stíl við sokkabuxur og kjól í anda tískumerkisins Preen. En, í stuttu máli sagt, þá eigum við að hætta núna að klæða okkur eins og litlar stelpur í stuttum og þægilegum kjólum og í staðinn ættum við að uppgötva okkar innri dömu.






BALENCIAGA



GIVENCHY



MIUMIU



# HVAÐ KEMUR NÆST?

**Litir, leðurjakkar, dömuleg snið og ný pilsasídd.** ***Anna Margrét Björnsson*** **dregur saman helstu tískustraumana fyrir haust og vetur.**



HERMES



FENDI



BURBERRY PRORSUM

**RÉTTSÆLIS FRÁ VINSTRI:** Reiðbuxurnar frá **Balenciaga** eru nú þegar að slá í gegn og við megum búast við eftirlíkingum í ódýrari verslunum. Elegant vetrarhvítar buxur ásamt peysu frá franska tískuhúsinu **Givenchy**. Buxnasnið verða með víðara móti í vetur. Dömuleg kamellituð dragt frá **MiuMiu** en pilsdragtir eru áberandi á sjónarsviðinu. Rauð ökklastígvél frá breska merkinu **Preen** ásamt sokkabuxum í stíl. Eintóna litir í heilu dressi er afar heitt „lúkk“ um þessar mundir. Skemmtileg og þjóðleg prjónapeysa frá **Stellu McCartney** en prjónaflíkur í yfirstærð verða vinsælar í vetur. Töffaraleg, glansandi leðurkápa með belti í mittið frá **Burberry Prorsum**. Ný sídd á vetrarpilsunum kallast midi og sést hér í flöskugrænni útgáfu frá ítalska merkinu **Fendi**. Leðurhattur, leðurhanskar og glansandi kjóll frá tískuhúsinu **Hermés**.



# Rómantísk hönnun frá Danmörku

Dönsku hönnuðirnir Naja Munthe og Karen Simonsen sýndu hönnun sína á nýafstaðinni tískuviku í Kaupmannahöfn. Þær hanna undir nafninu Munthe Plus Simonsen og stofnuðu fyrirtæki sitt árið 1994. Sumarlína þeirra fyrir árið 2008 vakti athygli í Kaupmannahöfn og þótti gagnrýnendum hún æði fögur. Þær sóttu áhrif í rómantíska tíma en blönduðu þeim áhrifum við harðari línur, slettu af áttunda áratugnum og örlitlum glamúr.

Fötin voru afar klæðileg, mikið af léttum kjólum, buxum með háu mitti og fallegum jökkum. Efnin voru silki, nælon, bómull og þunnt leður. Litapallettan fór um víðan völl; svart, hvítt, skærbleikt, appelsínugult, fjólublátt, eiturgrænt og mjúkir gráir tónar.

Föt frá Munthe Plus Simonsen eru seld í búðum um allan heim og meðal annars í Bretlandi, Bandaríkjunum, Rússlandi og Frakklandi og fyrirtækið rekur verslanir í Kaupmannahöfn, Árósum, Stokkhólmi og Reykjavík. Sú síðastnefnda er á Vatnsstíg 3 og eflaust er nú hægt að finna þar fallegar haustvörur. - bor







**MUNTHE PLUS SIMONSEN** Dönsku hönnuðirnir sýndu sumarlínu sína fyrir árið 2008 á tískuvikunni í Kaupmannahöfn en hún þótti ósköp rómantísk og fögur.



PREEN



STELLA MCCARTNEY






# Rómantísk hönnun frá Danmörku

Dönsku hönnuðirnir Naja Munthe og Karen Simonsen sýndu hönnun sína á nýafstaðinni tískuviku í Kaupmannahöfn. Þær hanna undir nafninu Munthe Plus Simonsen og stofnuðu fyrirtæki sitt árið 1994. Sumarlína þeirra fyrir árið 2008 vakti athygli í Kaupmannahöfn og þótti gagnrýnendum hún æði fögur. Þær sóttu áhrif í rómantíska tíma en blönduðu þeim áhrifum við harðari línur, slettu af áttunda áratugnum og örlitlum glamúr.

Fötin voru afar klæðileg, mikið af léttum kjólum, buxum með háu mitti og fallegum jökkum. Efnin voru silki, nælon, bómull og þunnt leður. Litapallettan fór um víðan völl; svart, hvítt, skærbleikt, appelsínugult, fjólublátt, eiturgrænt og mjúkir gráir tónar.

Föt frá Munthe Plus Simonsen eru seld í búðum um allan heim og meðal annars í Bretlandi, Bandaríkjunum, Rússlandi og Frakklandi og fyrirtækið rekur verslanir í Kaupmannahöfn, Árósum, Stokkhólmi og Reykjavík. Sú síðastnefnda er á Vatnsstíg 3 og eflaust er nú hægt að finna þar fallegar haustvörur. - bor







**MUNTHE PLUS SIMONSEN** Dönsku hönnuðirnir sýndu sumarlínu sína fyrir árið 2008 á tískuvikunni í Kaupmannahöfn en hún þótti ósköp rómantísk og fögur.



PREEN



STELLA MCCARTNEY



## > GARÐAR Á UPPLEIÐ

Tenórinn Garðar Thor Cortes hefur þotið upp klassíska vinsældalistann í Bretlandi á ný eftir að smáskífan með laginu Hunting high and low, sem norsku strákarnir í A-ha gerðu frægt á árum áður, kom út þar ytra fyrir tveimur vikum. Garðar stökk aftur upp í 2. sæti listans fyrstu vikuna eftir útgáfu smáskífunnar og er sem stendur í 3. sæti listans.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Winehouse í vandræðum

Vandræðagemlingurinn Amy Winehouse er komin í meðferð vegna drykkju- og eiturlyfjavandamála sinna og hefur því frestað fyrirhuguðum tónleikum sínum, á V Festival í Bretlandi og Rock en Seine-hátíðinni í Frakklandi.

„Amy Winehouse hefur frestað öllum tónleikum sínum í þessum mánuði af heilsufarsástæðum,“ sagði talskona hennar. „Fjölskylda hennar hefur beðið fjölmiðla um að fá ró og næði af þessum sökum.“

Winehouse, sem er 23 ára, vann Brit-verðlaunin í febrúar sem besta söngkonan. Sló hún í gegn með fyrstu plötu sinni, sem hafði m.a. að geyma lagið Rehab. Hún hefur verið mikið í sviðsljósinu vegna sukksams lífernis og óttast margir um heilsufar hennar. Í síðustu viku var hún lögð inn á sjúkrahús vegna „alvarlegrar ofþreytu“, eins og útgáfufyrirtæki hennar lét hafa eftir sér. Herma fregnir þó að hún hafi verið lögð inn vegna ofneyslu á áfengi og öðrum vímuefnum.



**AMY WINEHOUSE** Vandræðagemlingurinn Amy Winehouse hefur frestað fyrirhuguðum tónleikum sínum.

Blake Fielder-Civil, eiginmaður Winehouse, hefur viðurkennt að hún eigi við vandamál að stríða.

„Þetta hefur verið erfiður tími fyrir mig og Amy. Staðreyndin er samt sú að við erum ennþá saman og ætlum aftur á þennan stað í kvöld,“ sagði hann og átti þar við meðferðarheimilið. „Aðalatriðið er að mér og Amy líður betur. Ekki hafa neinar áhyggjur því hún fær góða umönnun. Hún er staðráðin í að ná heilsunni aftur.“

Winehouse hefur verið tilnefnd sem besti nýliðinn og sem söngkona ársins á MTV-verðlaunahátíðinni sem verður haldin í byrjun september.

Ef allt gengur að óskum fer hún síðan í tónleikaferð um Norður-Ameríku í næsta mánuði og um Evrópu í október.

# Mills vann dómsmál



HEATHER MILLS

**Breskur ljósmyndari hefur verið dæmdur til að inna af hendi 140 klukkustunda samfélagsþjónustu fyrir að hafa ráðist á Heather Mills, fyrrverandi eiginkonu Bítilsins Pauls McCartney, og reynt að taka af henni mynd.**

**Atvikið átti sér stað á neðanjarðarlestarstöð 5. júlí á síðasta ári. Ljósmyndarinn kom aftan að Mills, greip um öxl hennar og sneri henni við til að smella af henni mynd. Var henni ekki skemmt og höfðaði mál gegn honum.**



# Fjölbreytt hönnun í Forynju

Forynja nefnist ný búð sem Sara María Eyþórsdóttir opnar í dag en Sara er oftast kennd við búðina Nakta apann sem hún rekur einnig. Í Forynju verður margt spennandi í boði og þar á meðal heimilisvörur eins og koddar og rúmföt sem hönnuð eru af Söru og hennar aðstoðarteymi. „Það verður opnun hérna í dag, tónlistaratriði og léttar veitingar í boði,“ segir Sara en nýja búðin er í Tryggvagötu 16, þar sem verslunin Má Mí Mó var áður til húsa.

„Við verðum með okkar eigin hönnun eins og hefur verið í Nakta apanum auk nýju heimilisvaranna. Einnig verðum við með barnaföt frá hönnuðunum Önnu Rún og Signýju sem báðar eru útskrifaðar úr Listaháskóla Íslands. Svo verðum við með skartgripi frá okkur úr plexigleri en það er á stefnuskránni að bæta silfurskartgripum við.“

Nakti apinn hefur vakið athygli fyrir líflega innanhússhönnun og segir Sara Forynju líka ætla að taka á sig hressilega mynd.

„Í þessari búð er markhópurinn eldri svo hún verður aðeins öðruvísi. Það er ekki ennþá komin mynd á hana, ætli það gerist ekki bara síðasta daginn.“

Búðin opnar klukkan sex og eru allir velkomnir. **- bor**

**NÝ BÚÐ** Sara María ásamt starfsfólki en þau hafa unnið hörðum höndum undanfarna daga við að koma búðinni í stand. Opnun verður í dag.







# STÓRI SKÓMARKAÐURINN Í
# PERLUNNI

**VERÐ FRÁ 100.-**

**2 DAGAR EFTIR**

## ÞETTA ER EINFALT !

- VERÐHRUN
- LANDSINS MESTA ÚRVAL
- ÞÚ BARA VERÐUR AÐ MÆTA

**Nýtt kortatímabil** EUROCARD MasterCard VISA

**Opið í dag og á morgunn frá 12.00 til 18.00**

Komdu og gerðu skókaup ársins á stærsta skómarkaði landsins...

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Frægasta mynd kung fu-hetjunnar **Bruce Lee**, Enter the Dragon, verður endurgerð á næstunni. Nýja myndin nefnist Awaken the Dragon og fjallar um fulltrúa FBI sem rannsakar kung fu-slagsmálaklúbba og munk sem tengist þeim. Framleiðandi þáttanna The Shield, **Kurt Sutter**, verður handritshöfundur og leikstjóri. Bruce Lee lést árið 1973 aðeins 32 ára gamall.

Leikarinn og leikstjórinn **John Turturro** ætlar að dreifa söngleikjamynd sinni Romance & Cigarettes peningum úr eigin vasa. Myndin var gerð árið 2004 og skartar leikurum á borð við **James Gandolfini**, **Kate Winslet**, **Susan Sarandon**, **Steve Buscemi** og **Christopher Walken**. Framtíð hennar lenti í óvissu þegar Sony keypti kvikmyndafyrirtækið MGM. Myndin var frumsýnd í Bretlandi í fyrra en af lagalegum ástæðum hefur ekki verið hægt að sýna hana í Bandaríkjunum. Nú stefnir Turturro á að frumsýna hana upp á eigin spýtur þann 7. september.







**HÖNNUNARNEMAR Í LHÍ**

Nemendurnir hafa verið önnum kafnir við að fylla flöskur af blóðbergsdrykk og líma viðeigandi límmiða á. Drykkurinn verður til sölu í **Gallerí Selleri** á menningarnótt þar sem einnig má finna nýþrykkta boli og falleg plaköt.

# Hönnunarnemar selja blóðbergsdrykk

**Nemendur á þriðja ári hönnunardeildar Listaháskóla Íslands verða með aðsetur í Gallerí Selleri á menningarnótt og verður þar mikið húllumhæ í gangi.**

Nemendur í vöruhönnun munu selja margrómaðan blóðbergsdrykk sem vakti mikla lukku á sýningu í Matarsetrinu í byrjun árs. „Við munum selja blóðbergsdrykkinn sem við Sindri Páll Sigurðsson gerðum í sérstökum matarhönnunarkúrsi síðasta vetur,“ segir Hafsteinn Júlíusson, nemandi í vöruhönnun.

„Ætlunin er að blanda hátt í tólf hundruð drykki og við höfum fengið um fjögur hundruð lítra af gosi í styrk frá Ölgerðinni. Í þetta sinn notum við aðstöðuna í skólanum í eldamennskuna en síðast þurftum við að blanda þetta heima hjá mér og það var fáránlegt. Allt úti um allt. Drykkurinn er meðal annars samsettur af blóðbergstei, sódavatni og bláberjaþykkni sem við fáum frá Heilsuhúsinu,“ segir Hafsteinn en hann seldi drykkinn áður á sýningunni sem haldin var í lok matarkúrsins. „Þá vorum við með einhverjar hundrað flöskur sem seldust upp á tuttugu mínútum en sýningin stóð í fimm tíma svo við vorum ekki með neitt til sölu í rúma fjóra tíma. Þess vegna fannst okkur við verða að gera þetta aftur og hyggjumst selja drykkinn á fimm hundruð kall. Einnig verðum við með eins konar kebab-klaka á staðnum, frystan drykk sem við sköfum af og gefum fólki að smakka.“

Auk hins séríslenska blóðbergsdrykks verða aðrir nemendur skólans með boli og plaköt til sölu. „Það verða þarna einhverjir úr fatahönnun og grafískri hönnun að þrykkja á boli á staðnum. Við verðum svo öll með sýningu á verkum okkar í galleríinu og tónlistarmaðurinn Johnny Sexual leikur fyrir gesti. Það verður því mikið glens hjá okkur þarna í Gallerí Selleri á menningarnótt frá klukkan tólf til átta og allir eru velkomnir.“

hilda@frettabladid.is


**Frístundaklúbbar fyrir fötluð börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára**

**Umsóknir fyrir skólaárið 2007-2008**

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur, ÍTR, mun í haust hefja starfsemi þriggja frístundaklúbba í borginni fyrir fötluð börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára. Meginmarkmið með starfinu er að bjóða upp á fjölbreytt og spennandi frístundatilboð þar sem uppeldisgildi frítímans eru höfð að leiðarljósi. Stefnt er að því að tengja þetta starf þeim tilboðum sem nú þegar standa þessum aldurshópi til boða í hverfunum. Klúbbarnir verða staðsettir á þremur stöðum í Reykjavík og verða opnir frá skólalokum til kl. 17.15 alla virka daga.

Sótt er um fyrir börn í frístundaklúbb eftir staðsetningu þess skóla sem þau sækja:

- **Frístundaklúbburinn í Grafarvogi þjónustar börn og unglinga í Grafarvogi. Upplýsingar veitir Frístundamiðstöðin Gufunesbær sími 520-2300**
- **Frístundaklúbburinn í Breiðholti þjónustar börn og unglinga í Grafarholti, Árbæ, Norðlingaholti og Breiðholti. Upplýsingar veitir Frístundamiðstöðin Miðberg sími 411-5750**
- **Frístundaklúbburinn í Langholtshverfi þjónustar börn og unglinga vestan Elliðaár. Upplýsingar veitir Frístundamiðstöðin Tónabær sími 411-5400**

Sótt er um dvöl í frístundaklúbbi vegna skólaársins 2007-2008 á rafrænu formi á vefslóðinni www.reykjavik.is. Hægt verður að sækja um frá og með 20. ágúst 2007.

Þeir foreldrar sem geta ekki nýtt sér rafræna innritun eru velkomnir fyrir hádegi á frístundamiðstöðvar ÍTR og á þjónustumiðstöðvar hverfanna. Þar fá þeir aðstoð við skráningu. Ekki er hægt að skrá börn í frístundaklúbb í gegnum síma. Þjónustumiðstöðvar, frístundamiðstöðvar og símaver Reykjavíkurborgar sími 411-1111 geta leiðbeint símleiðis ef forráðamenn eru við nettengda tölvu.

**Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1**
**Sími 411 5000 | Bréfsími 411 5009 | www.itr.is | itr@itr.is**




**EINANGRUÐ PARADÍS** Rifið í kringum eyjuna verndar hana frá stormum Kyrrahafsins og myndar einstakt lón. Framkvæmdir á eyjunni eru langt komnar og á henni verður að finna fullkomna heilsulind.



# *Paradísareyja til sölu á eBay*

Nú er til sölu á eBay heil paradísareyja á besta stað í Kyrrahafinu sem fengið hefur heitið „Bláa lóns eyjan“ vegna þess einstaka lóns sem umlykur eyjuna sjálfa. Verðið er 25 milljónir evra, eða rúmir 2,2 milljarðar íslenskra króna.

Bláa lóns eyjan er einstök og ein af örfáum þeirra rúmlega þúsund eyja í Pólýnesíu sem hefur verið ósnertar af mönnum þar til fyrir nokkrum árum, þegar núverandi eigendur hófu framkvæmdir á henni. Hún er um 1,5 kílómetrar á lengd og rúmir 500 metrar á breidd. „Eyjan er ótrúleg og við fullyrðum að hvergi annars staðar í heiminum er aðra eins náttúrufegurð að finna,“ segja núverandi eigendur eyjunnar, sem vilja ekki koma fram undir nafni. Framkvæmdir á sannkallaðri lúxus aðstöðu fyrir 20 gesti eru langt komnar á eyjunni og er hugmyndin að bjóða upp á einstaka heilsuparadís fyrir þá sem hafa næga aura á milli handanna. Á eyjunni verður lítill golfvöllur, dýfingarpallur, heitir pottar, vínkjallari og allt sem þarf til að prýða fullkomna heilsulind.

Það sem gerir eyjuna svo sérstaka er stórt rif sem umlykur hana alla tæpum 100 metrum frá landi. Rifið myndar hálfgert virki fyrir eyjuna og verndar hana frá ýmsum tegundum veðra og vinda. Sjórinn í lóninu er því nánast sléttur allt árið um kring og er alltaf um 27 gráðu heitur. Að auki er sjórinn kristaltær sem gerir aðstæður til köfunar og annarra vatnaíþrótta eins góðar og þær geta orðið. Eins og áður segir er hægt að gera tilboð í eyjuna á eBay og vilja núverandi eigendur meina að hún sé nánast á gjafaverði, miðað við möguleikana sem eru fyrir hendi á henni.

# Rokkveisla og pylsuát á Dillon

Útvarpsstöðin Reykjavík FM ætlar ekki að láta sitt eftir liggja í hátíðarhöldunum á menningarnótt og hefur ákveðið að blása til stórtónleika í bakgarði skemmtistaðarins Dillon á laugardag. „Við erum búnir að standa fyrir nokkrum grillveislum með „live“ músík á Dillon í sumar og ætlum að klára þetta með stæl,“ segir Franz Gunnarsson, framkvæmdastjóri Reykjavík FM.

Tónleikarnir hefjast kl. 15 og standa yfir fram á kvöld en segja má að þeir séu í raun tvískiptir. Fram til kl. 18 munu ungar og upprennandi hljómsveitir fá að spreyta sig en frá kl. 19 munu stóru nöfnin stíga á svið í bakgarðinum og bjóða upp á „ókeypis rokk og ról af bestu gerð“ eins og Franz orðar það. Jeff Who?, Lights on the highway og Mínus eru á meðal þeirra sveita sem stíga á stokk.



**LIGHTS ON THE HIGHWAY** Er á meðal þeirra hljómsveita sem koma fram á tónleikum Reykjavík FM á Dillon.

Í millitíðinni fer síðan fram fyrsta Íslandsmótið í pylsuáti en undankeppnir hafa verið haldnar hjá útvarpsstöðinni út vikuna. Þeir sem sköruðu fram úr þar munu etja kappi á Dillon og reyna að torga sem flestum pylsum á 12 mínútum. „Það er vel við hæfi að þetta mót skuli fara fram á menningarnótt því pylsur skipa stóran menningarlegan sess á meðal þjóðarinnar,“ segir Franz. Þess má geta að heimsmetið í pylsuáti eru 66 pylsur á 12 mínútum. „Það er náttúrulega bara rugl en menn munu eflaust gera heiðarlega tilraun til að slá það met,“ segir Franz.

- vig

# GÁFAÐAR GRÆJUR Í SKÓLANN

## Þú getur treyst á mest seldu fartölvur í heimi!*



### HP Pavilion dv6331

Örgjörvi: AMD Turion 64 X2 1,8 GHz (dual core)
Vinnsluminni: 2 GB
Skjár: 15,4" WXGA
Harður diskur: 160 GB SATA
Geisladrif: Lightscribe dual layer DVD skrifari
Minniskortalesari: 5 í 1
Vefmyndavél og fjarstýring
Skjástýring: Nvidia GeForce Go 7200, allt að 256 MB
Stýrikerfi: Microsoft Vista Home Premium
Glæsilegur hugbúnaðarpakki

**Verð 119.900 kr.**



### Sérstakt tilboðsverð á Office 2007:

Microsoft Office Home & Student 2007

**14.900 kr.**

### HP Pavilion dv6317

Örgjörvi: AMD Turion 64 X2 1,6 GHz (dual core)
Vinnsluminni: 1 GB
Skjár: 15,4" WXGA
Harður diskur: 120 GB SATA
Geisladrif: Dual layer DVD skrifari
Skjástýring: Nvidia GeForce Go 6150, allt að 128 MB
Stýrikerfi: Microsoft Vista Home Premium
Glæsilegur hugbúnaðarpakki

**Verð 99.900 kr.**



**Með hverri tölvu fæst 20% afsláttur**



**HP Photosmart** C4280 fjölnotatæki CC210B
Prentari - Skanni - Fjölföldun

**Listaverð 11.900 kr.**

### HP Compaq 6715s

Örgjörvi: AMD Sempron 3600+ 2 GHz
Vinnsluminni: 1 GB
Skjár: 15,4" WXGA
Harður diskur: 80 GB
Geisladrif: Lightscribe DVD skrifari
Skjástýring: ATI X1350, allt að 512 MB
Stýrikerfi: Microsoft Vista Home Basic

**Verð 79.900 kr.**



**Skoðaðu úrvalið á www.fartolvur.is**

hp® invent

## Verslun Opinna kerfa, Höfðabakka 9.

**Komdu og nýttu þér þjónustu færustu sérfræðinga okkar.**

* IDC EMEA PC Tracker - 2007

OPIN KERFI

Opin kerfi ehf. • Höfðabakka 9 • 110 Reykjavík • Sími 570 1000 • Fax 570 1001 • www.ok.is




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| RUSH HOUR 3 | kl. 2, 4, 6, 8 og 10-POWER | 12 |
| RATATOUILLE íslenskt tal | kl. 1.30, 3.45 og 5.45 | L |
| TRANSFORMERS | kl. 7 og 10 | 10 |
| PLANET TERROR | kl. 8 og 10.20 | 16 |
| SIMPSONS íslenskt tal | kl. 2 og 4 | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| RUSH HOUR 3 | kl. 1.30-3.45-5.50-8 - 10.10 | 12 |
| RUSH HOUR 3 LÚXUS | kl. 1.30-3.45-5.50-8 - 10.10 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL | kl. 2 - 4 - 6 - 8 | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 2 - 4 - 6 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 8 - 10.45 | 14 |
| DEATH PROOF | kl. 10 | 16 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

SÝNINGARTÍMAR BÍÓDAGA GRÆNA LJÓSSINS

KL. 3 Sicko / For Your Cons... / Goya´s Ghosts / Hallam Foe
KL. 5.30 Sicko / Death Of A President / The Bridge
KL. 8 Sicko / Deliver Us From Evil / Fast Food Nation
KL. 10.30 Sicko / No Body Is Perfect / Zoo / Curse of the G...

| | | |
|---|---|---|
| DEATH PROOF | kl. 8 | 16 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 6 | |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| RUSH HOUR 3 | kl. 4.30-6.30-8.30-10.30 | 12 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 8 - 10 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| BECOMING JANE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| RUSH HOUR 3 | kl. 4 - 6 - 8 -10 | 12 |
| THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL | kl. 8 | |
| THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL | kl. 4 - 6 | |
| THE INVISIBLE | kl. 10 | 14 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

MIÐASALA Á midi.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 12:30 - 3 - 5:30 - 8 - 10:40 | | L |
| RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 8 | VIP | L |
| RATATOUILLE ÍSL TAL | kl. 12:30 - 3 - 5:30 | DIGITAL | L |
| TRANSFORMERS | kl. 5 - 8 - 10:30 | | 10 |
| TRANSFORMERS | kl. 10:30 | | 10 |
| TRANSFORMERS | kl. 2 - 5 - 8 - 10:50 | VIP | |
| NANCY DREW | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 8 | | 7 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 12:30 - 3:15 - 8 | | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 1 - 2 - 3 - 4 - 6 | | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:30 | | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 8 - 10:30 | DIGITAL | |
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 2:30 - 3 - 5:30 | DIGITAL | |
| TRANSFORMERS | kl. 5 - 8 - 10:40 | DIGITAL | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 | | L |
| HARRY POTTER 5 | kl. 4:30 | | 10 |
| NANCY DREW | kl. 8 | | 7 |
| GEORGIA RULES | kl. 10:10 | | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| RATATOUILLE - ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| RATATOUILLE - ENSKT TAL | kl. 8 | L |
| TRANSFORMERS | kl. 4 - 8 - 10:15 | 10 |
| SHREK 3 - ÍSL TAL | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| RUSH HOUR 3 | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| SIMPSONS M/- ENS TAL | kl. 2 - 4 | L |
| NANCY DREW | kl. 6 | 7 |
| TRANSFORMERS | kl. 8 | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI S. 482 3007

| | | |
|---|---|---|
| RATATOUILLE M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 3:10 - 5:40 | |
| RATATOUILLE ENSKU TAL | kl. 8 | |
| TRANSFORMERS | kl. 8 - 11 | 10 |
| SIMPSONS THE MOVIE | kl. 4:15 - 6 | 10 |
| BLIND DATING | kl. 10:30 | 10 |


# Erótísk tilraunastarfsemi

**Heimildarmyndin No Body Is Perfect, sem sýnd er á Bíódögum Græna ljóssins, fjallar um allt það sem fólki dettur í hug að gera við líkama sinn. Erótísk tilraunastarfsemi, miðaldra hjón í makaskiptum, kynsvall, fólk sem lætur festa hanka í bakið á sér svo hægt sé að hengja það upp og margt fleira. Fréttablaðið talaði við Raphael Sibilla, leikstjóra myndarinnar.**



**ERÓTÍSK TILRAUNASTARFSEMI** Raphael Sibilla er leikstjóri heimildarmyndarinnar No Body is Perfect.

„Þegar ég byrjaði að vinna að myndinni hugsaði ég ekki mikið um líkamann í þessu öllu saman. Kynferðislegi hlutinn, kynlífið, var það sem ég hélt að væri útgangspunkturinn. Eftir því sem ég kynntist efninu betur komst ég samt að því að kynlíf var ekki aðalatriðið heldur líkaminn. Fólk er ekkert endilega að gera þessa hluti til að fá kynferðislegt kikk út úr því heldur til að finnast það vera meira lifandi,“ segir Raphael Sibilla, leikstjóri heimildarmyndarinnar No Body is Perfect.

Myndin fer yfir afar vítt svið líkams- og kynferðislegrar tilraunastarfsemi. Hún fjallar meðal annars um makaskipti miðaldra hjóna, kynsvall, líkamsbreytingar, transgenderisma og „hard-core“ masókisma. Fólkið sem talað er við í myndinni er allt frá hversdagslegasta fólki sem gæti búið í næsta húsi við þig upp í fólk sem væri erfitt að stara ekki á úti á götu. Sibilla fór út um allan heim til að tala við fólk og taka upp það sem það gerir í frístundum. Í myndinni eru viðtöl við fólk frá flestum heimshlutum og það sýnt athafna sig.

„Ég vissi ekkert um þetta efni þegar ég byrjaði að vinna í myndinni,“ segir Sibilla. Hann segir framleiðandann að myndinni, Emmanuel Prévost, hafa haft samband við sig og falast eftir því að hann gerði mynd um þetta efni. „Hann hafði stúderað þetta lengi og langaði til að það yrði gerð fordómalaus heimildarmynd um þetta.“

Sibilla segir það hafa verið erfitt að gera myndina. Bæði tók langan tíma að gera hana og á tímabili leið honum eins og hann ætti ekkert líf utan myndarinnar og væri orðinn allt of tengdur efni hennar.

Stór hluti tímans fór í að finna fólk sem var tilbúið til að tala um þetta og svo vinna traust þess og fá að taka myndir. „Ég held að þekkingarleysi mitt á þessu sviði hafi hjálpað mér að vinna traust. Eina ætlun mín var að skoða manneskjurnar í þessu, ekki dæma fólkið eða gagnrýna.“

Í myndinni eru nokkur atriði sem eru ekki fyrir viðkvæmar sálir. Hlutir sem eru utan marka ímyndunarafls margra. Einkum líkamsbreytingarnar. Sibilla segir þó að þær hafi ekki verið erfitt að taka upp. „Myndavélin virkar eins og filter á það sem er að gerast fyrir framan hana og gerir manni kleift að taka upp hvað sem er. Ljósmyndarar sem vinna á stríðssvæðum tala um það sama. Maður finnur ekki sársaukann þegar maður er að taka upp. Hann kemur seinna, þegar maður er að vinna með upptökuna. Þá getur það verið mjög erfitt.“

No Body is Perfect verður sýnd á Bíódögum Græna ljóssins nú um helgina. jara@frettabladid.is

# Nýjum heimi ljóstrað upp



Steinþór Helgi Arnsteinsson

**TÓNLIST**
Gummi
Stafrænn Hákon
★★★
Þótt Gummi skrefi troðnar slóðnir er platan samt sem áður gæfuríkt skref.

Ég sá fyrst Stafrænan Hákon (eins manns verkefni Breiðhyltingsins Ólafs Josephssonar) þegar sveitin hitaði upp fyrir Godspeed You! Black Emperor. Fannst sveitin óttalegt mald í móinn og hún hitti ekki alveg í mark. Síðan þá hefur SH sent frá sér ágætis slatta af efni og alltaf hefur mér þótt það nokkuð stefnulaust, sæmilegt en ekki meira. Það er ekki fyrr en með útkomu Gumma að manni finnst SH hafa eitthvað fram að færa, að minnsta kosti þannig að vel þyki.

Platan er gefin út af Resonant eins og flestar fyrri útgáfur SH en Resonant er afar smátt breskt plötufyrirtæki. Resonant státar af um 25 útgáfum og er mikill hluti þeirra af íslensku bergi brotinn, meðal annars plötur frá Ölvis, Borko og Sk/um. Einnig gaf fyrirtækið út einmenningsskífu Birgis úr Ampop, Blindfold, en Birgir setur einmitt afar sterkan svip á þessa nýju plötu SH.

Gummi er fyrsta sungna plata SH og sú breyting hefur óneitanlega haft áhrif til hins betra. Lagið Hausi varar mann samt við því að söngur er ekki bara söngur og getur lent ofan garðs og neðan. Hið gullfallega og magnaða Kvef sannar samt hve mikið söngur getur gert fyrir lag. Ósungnu lögin eru reyndar nokkur ekkert síðri og hið Mogwai-lega Glussi sýnir að SH kann sitthvað fyrir sér í þeim efnum.

Gummi er ekki frumlegasta plata sem maður hefur heyrt. Hér er troðin slóð fetuð en metnaðurinn, gaumgæfilegar útsetningar og nærgætni tónlistarmannsins opna manni nýjan heim á kunnuglegum stað. Helsti kostur Gumma er hversu samheldin platan er frá upphafi til enda, nær allan klukkutímann sem hann tekur í flutningi. Það er helst langdreginn endir margra laga og óþarflega löng bið á milli laga sem truflar mann. Pirringnum er samt aldrei ofaukið enda Gummi frekar andstæðan við pirring.







# BESTA FÓTBOLTATÆKIÐ Á MARKAÐNUM Í DAG

LOKSINS GETURÐU NOTIÐ ÞESS AÐ HORFA Á BOLTANN EINS OG Á AÐ HORFA Á HANN.




**TECH SPEC :**
100hz
Motionflow
3x HDMI tengi
Theatre sync -
sem auðveldar tengingu við heimabíókerfi..
Og margt fleira

**SONY BRAVIA D3000 32"**
Með nýrri motionflow tækni losnarðu við allt hökt í myndinni og getur því notið þess að horfa á boltann í kristaltærum gæðum.

Komdu við í Sony Center og leyfðu okkur að sýna þér besta LCD tækið á markaðnum í dag.

SC
Sony Center®

www.sonycenter.is sími 588 766

## > Besti dómarinn



Garðar Örn Hinriksson var besti dómari umferðarinnar en hann dæmdi leik ÍA og Fylkis mjög vel.

## > Bestu ummælin



Gunnlaugur Jónsson, fyrirliði KR, um sigurmark sitt gegn Víkingi sem kom KR loksins af botninum . „Ég hef átt það til að bregða mér í sóknina og þarna var ég bara mættur á fjærstöngina og vildi fá sendinguna fyrir. Þetta var bara eins og í þriðja flokki.“

**sport**
sport@frettabladid.is

**13. UMFERÐ LANDSBANKADEILDAR KARLA: KR FÓR AF BOTNINUM**

# *Efstu fjögur liðin töpuðu öll stigum*

Efstu fjögur lið Landsbankadeildar karla töpuðu öll stigum í 13. umferðinni sem lauk í fyrrakvöld. FH og Valur gerðu jafntefli en Skagamenn og Keflvíkingar töpuðu.

Valsmenn náðu ekki að nýta sér að FH gerði 3-3 jafntefli við Fram því þeir gerðu líka jafntefli, 2-2 við Breiðablik. Stigið sem Framarar náðu í Kaplakriki kom þó ekki í veg fyrir að þeir duttu niður í botnsætið því KR-ingar unnu langþráðan sigur, 1-0, á Víkingi.

Fylkismenn unnu Skagamenn öðru sinn á fimm dögum og enn á ný var það Halldór Hilmisson sem gerði út um leik liðanna á lokakaflanum. Fylkir hefur nú unnið þrjá deildarleiki í röð og eru liðið komið í toppbaráttuna.

Tap Keflavíkur fyrir HK í Kópavogi þýðir að liðið er komið í neðri hluta deildarinnar en sigurinn var hinsvegar afar mikilvægur fyrir nýliðana sem voru að spila sinn fyrsta leik í heilar þrjár vikur.




## TÖLURNAR TALA

**Flest skot:** 13, KR.
**Flest skot á mark:** 8, FH
**Fæst skot:** 6, ÍA.
**Besta skotnýting:** HK, 25%
**Hæsta meðaleink.:** Fylkir, 6,50.
**Lægsta meðaleink.:** Keflavík 5,17.
**Grófasta liðið:** KR, 19 brot.
**Prúðasta liðið:** Fram, 8 brot.

**Fjöldi áhorfenda:** 6.739

Það mættu 1348 manns að meðaltali á leikina fimm í 13. umferð sem fóru allir fram á sama tíma. Langflestir mættu á sjónvarpsleik FH og Fram eða 2850 manns, 1694 fleiri en mættu á leik ÍA og Fylkis en fæstir komu á leik HK og Keflavíkur eða bara 595.



**ERFITT** Baldur Sigurðsson og félagar í Keflavík eru að ganga í gegnum erfiðan kafla á tímabilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eitt stig úr fimm leikjum:

## Situr ÍA-leikurinn í Keflavík?

**FÓTBOLTI Það gengur ekkert hjá Keflvíkingum í fótboltanum þessa dagana og eftir 1-2 tap fyrir HK í Kópavogi blasir sú kalda staðreynd við liðinu að Keflavíkurliðið er komið niður í neðri hluta Landsbankadeildarinnar.**

**Margir vilja kenna Skagaleiknum um en í fimm leikjum fyrir hann var Keflavíkurliðið búið að taka inn 13 af 15 mögulegum stigum og var komið á fullt skrið inn í toppbaráttuna.**

**Eftir Skagaleikinn og markið umdeilda hefur Keflavík hins vegar aðeins náð í eitt stig úr fimm deildarleikjum, löngu misst af toppbaráttunni og er einnig dottið út úr bæði bikarnum og Evrópukeppninni.** - óój



**MARKIÐ MIKILVÆGA** Gunnlaugur Jónsson sést hér skora sigurmark KR og koma liði sínu úr botnsæti Landsbankadeildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Langþráður sigur KR-inga:

## Voru á botninum í 80 daga

**FÓTBOLTI** KR-ingar komu sér af botni Landsbankadeildar karla með því að vinna 1-0 sigur á Víkingum í Víkinni í fyrrakvöld.

Það var viðeigandi að fyrirliðinn Gunnlaugur Jónsson skoraði sigurmarkið en hann hefur borið af í liði Vesturbæinga í sumar. Sigurinn var fyrsti sigur KR á útivelli og aðeins sá annar í Landsbankadeildinni í sumar.

KR hafði ekki unnið leik síðan að liðið vann Fram 2-1 á KR-vellinum 28. júní. Sá sigur dugði þó ekki til að koma liðinu úr júmbósætinu en það gerði hinsvegar sá í fyrrakvöld.

KR hafði verið í 10. og neðsta sæti deildarinnar í 80 daga þegar stigin þrjú komu loksins í hús en þau þýddu að nágrannarnir í Fram sitja í botnsætinu næstu níu daga að minnsta kosti. - óój

# Fram er ekki versta liðið í deildinni

**Sænski miðjumaðurinn Alexander Steen átti mjög góðan leik á miðju Fram í leiknum gegn Íslandsmeisturum Fram í fyrradag og er leikmaður umferðarinnar að mati Fréttablaðsins. Hann segir Fram vera með alltof gott lið til að falla úr Landsbankadeildinni og hefur fulla trú á að liðið nái að rétta úr kútnum í lokaumferðunum.**

**FÓTBOLTI** „Þetta var mjög undarlegur leikur, eins og svo oft áður hjá okkur í sumar. Mér fannst við betri aðilinn lengst af en síðan missum við einbeitinguna og fáum á okkur mörk sem kostar stig. Það er alltaf sama sagan,“ segir Alexander Steen, besti leikmaður 13. umferðar Landsbankadeildarinnar að mati Fréttablaðsins. „Það er svolítið súrsæt tilfinning sem fylgir því að ná stigi gegn toppliðinu og Íslandsmeisturunum á þeirra heimavelli en falla samt sem áður í botnsætið,“ bætti hinn 22 ára gamli Svíi við.

Steen er vel að nafnbótinni kominn enda átti hann einnig skrugguðóðan leik gegn FH í fyrri umferð tímabilsins og var þar einnig valinn maður leiksins. Þá hefur Steen auk þess verið, að öðrum ólöstuðum, jafnbesti leikmaður Fram á tímabilinu.

„Það virðist henta mér ágætlega að spila á móti FH og ég fékk að spila þarna í minni uppáhaldsstöðu,“ segir Steen og við það frjálsa hlutverk sem hann hefur fengið á miðju Fram í síðustu leikjum. Ólafur Þórðarson, þjálfari Fram, hefur prófað Steen í nánast allar stöður á fremri helmingi vallarins en sjálfur segist leikmaðurinn njóta sín best á miðjunni. „Íslenski boltinn er þannig að spilið fer að miklu leyti upp miðjuna. Þegar ég var á kantinum fannst mér ég sjaldan fá boltann og mér líður betur með boltann við tærnar.“

Steen var á mála hjá Öster og Trelleborg í heimalandi sínu áður en hann gekk í raðir Fram í vor. Hann var kominn út í kuldann hjá liðinum þegar haft var samband við hann og honum boðið að kíkja á aðstæður hjá liði á Íslandi. „Ég er nokkuð ævintýragjarn að eðlisfari og hafði ekkert á móti því að heimsækja Ísland og búa þar í nokkra mánuði,“ segir Steen og bætir við að dvöl sín hér hafi ekki valdið sér vonbrigðum. „Reykjavík er nokkuð klassísk norræn borg svo að ég geri nokkuð að því að keyra út í sveit og skoða þessa einstöku náttúru sem er að finna hér á landi,“ segir Steen. „Ég verð samt að viðurkenna að ég hlakka til að fara heim aftur í október. Kærastan mín er þar og húsið mitt er þar og svo geng ég í fasteignaskóla yfir veturinn. En svo getur vel verið að maður komi aftur næsta vor,“ segir Steen, en hann hefur nú þegar átt fund með forráðamönnum Safamýrarliðsins um framhaldið.

„Ég er alveg opinn fyrir því að spila áfram fyrir liðið en fyrst vill ég einbeita mér að því að hjálpa liðinu að halda sætinu í efstu deild. Taflan lýgur vissulega ekki en ég held að ég geti sagt í fullri hreinskilni að við erum ekki með versta liðið í deildinni. Þess vegna hef ég fulla trú á að hlutirnir fari að falla með okkur í síðustu leikjunum.“ - vig

**MARGUR ER KNÁR ÞÓTT HANN SÉ SMÁR** Alexander Steen er ekki nema 168 sentímetrar á hæð en gefur samt ekki tommu eftir í baráttunni á miðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Jón Þorgrímur Stefánsson er maðurinn á bak við fjóra sigurleiki nýliða HK í Landsbankadeildinni í sumar:

# Skiptir gríðarlega miklu máli fyrir HK

**FÓTBOLTI** Jón Þorgrímur Stefánsson skoraði sigurmark HK í 2-1 sigri á Keflavík í 13. umferð Landsbankadeildar karla og þessi 32 ára sóknarmaður og einn af reynsluboltunum í liði nýliðanna hefur átt mikinn þátt í öllum fjórum sigurleikjum liðsins í sumar.

HK hefur unnið fjóra leiki og skorað í þeim sjö mörk. Jón Þorgrímur hefur skorað fjögur af þessum sjö mörkum, þar af sigurmark í tveimur þeirra og fyrsta mark leiksins í hinum tveimur. Hann hefur einnig lagt upp tvö af hinum mörkunum og því komið að öllum mörkum HK í sigurleikjunum nema einu. Jón Þorgrímur er með 6,75 í meðaleinkunn hjá Fréttablaðinu í þessum fjórum sigurleikjum og hefur verið valinn maður leiksins í tveimur þeirra.

Í hinum átta leikjum HK í Landsbankadeildinni hefur lítið gengið hjá HK og Jóni Þorgrími. HK hefur aðeins náð tveimur stigum í þeim og markatalan er skelfileg eða 4-19 í óhag. Jón Þorgrímur hefur spilað alla þessa leiki en náði hvorki að skora né leggja upp mark í þeim. Frammistaðan í einkunngjöf Fréttablaðsins í þessum leikjum er heldur ekki glæsileg en meðaleinkunn hans er aðeins 4,75.

„Það var fyrst og fremst liðsheildin sem skóp sigurinn á móti Keflavík en það er bara þannig að sumir leikmenn hafa ákveðna þætti í sér sem gera gæfumuninn,“ segir Gunnar Guðmundsson, þjálfari HK sem er mjög ánægður með Jón Þorgrím. „Jónsi hefur það í sér að vera oft á tíðum réttur maður á réttum stað og hann er góður fótboltamaður. Hann hefur mikla þýðingu fyrir okkur og í þessum leikjum sem hafa skilað okkur stigum þá hefur hann verið að skora úrslitamarkið eða gefa lokasendingu fyrir mark. Hann skiptir gríðarlega miklu máli fyrir okkur,“ segir Gunnar. - óój

### FRAMMISTAÐA JÓNS ÞORGRÍMS Í SUMAR

**Sigurleikir HK í Landsbankadeild**

| | |
|---|---|
| Leikir spilaðir | 4 |
| Mínútur inn á vellinum | 313 |
| Mörk skoruð | 4 |
| Stoðsendingar | 2 |
| Þáttur í mörkum | 6 |
| Meðaleinkunn í Fréttablaðinu | 6,75 |

**Aðrir leikir HK í Landsbankadeild**

| | |
|---|---|
| Leikir spilaðir | 8 |
| Mínútur inn á vellinum | 708 |
| Mörk skoruð | 0 |
| Stoðsendingar | 0 |
| Þáttur í mörkum | 0 |
| Meðaleinkunn í Fréttablaðinu | 4,75 |



**MARKI FAGNAÐ** Jón Þorgrímur Stefánsson sést hér fagna marki sínu gegn KR. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nánari upplýsingar á www.gbferdir.is og í síma 534 5000




# SKÍÐAFERÐIR TIL COLORADO

ASPEN/SNOWMASS • VAIL • BEAVER CREEK • BRECKENRIDGE • KEYSTONE

Fjölbreyttir gistimöguleikar í boði - Eitthvað fyrir alla - Bókaðu strax

WWW.ICELANDAIR.IS

Samstarfsaðili GB ferða

GB FERÐIR
www.gbferdir.is

Sjónvarpsstjóri Sýnar er himinlifandi með Landsbankadeild karla í sumar:

# Markaveisla í leikjum Sýnar

**FÓTBOLTI** Sjónvarpsstöðin Sýn hefur þegar sýnt 21 leik í beinni útsendingu úr Landsbankadeild karla í sumar og flestir þeirra hafa verið miklir markaleikir og mikil skemmtun fyrir áhorfendur.

Það hafa komið 73 mörk í beinni útsendingu sem gera 3,5 mörk að meðaltali í leik en í aðeins fimm leikjum af 21 hafa mörkin verið færri en þrjú. „Við byrjum tímabilið á því að sýna frá öllum liðunum og síðan metum við það hvaða leikir eru stærstir fyrir okkar áskrifendur. Við höfum verið mjög heppnir í ár því allir þessir leikir sem við höfum valið hafa verið frábærir. Við höfum verið að sýna frá fleiri leikjum því við höfum aukið fjölda útsendinga á hverju ári og það hefur komið mjög vel út,“ segir Hilmar Björnsson, sjónvarpsstjóri Sýnar, sem segir það oftast segja sig sjálft hvaða leikir séu valdir.

„Við vorum sem dæmi með umdeilda leikinn á milli ÍA og Keflavíkur. Þá vorum við að hugsa um það að Guðjón var hjá Keflavík, það væri rígur á milli þessara félaga og kveikjuþráðurinn því dálítið stuttur,“ nefnir Hilmar um leik sem innihélt færri mörk en meðaltalið en bauð engu að síður upp á mikla skemmtun.

Það hefur hins vegar ekki vantað mörkin að undanförnu því það hefur komið 21 mark í síðustu fjórum leikjunum á Sýn og Hilmar segir form og aðstæður spila þar stórt hlutverk.

„Þetta er besti tíminn, leikmenn eru komnir í form og vellirnir eru orðnir góðir,“ segir Hilmar en hann er almennt ánægður með fótboltann í sumar. „Boltinn hefur verið góður í sumar og leikirnir sem ég hef séð fyrir utan þá sem hafa verið í beinni hafa verið fínir fótboltaleikir,“ segir Hilmar sem ætlar að sýna leik Fylkis og FH í næstu umferð. - óój



**FRAMARAR FAGNA** Það hafa komið tólf mörk í síðustu tveimur leikjum Fram í beinni á Sýn. Hér fagna þeir marki Hjálmars Þórarinssonar gegn FH í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**KOMNIR AFTUR Í LANDSLIÐIÐ** Sol Campbell og David James hafa staðið sig vel með Portsmouth og eru verðlaunaðir með landsliðssæti.

Enska landsliðið valið í gær:

## Campbell og James valdir

**FÓTBOLTI Varnarmaðurinn Sol Campbell og markvörðurinn David James, gömlu kempurnar í liði Portsmouth, voru í gær valdir í enska landsliðið á nýjan leik. Enska liðið mætir því þýska í vináttuleik á miðvikudaginn og hefur Steve McLaren valið stóran hóp, alls 28 leikmenn. Campbell og James hafa ekki komið við sögu hjá enska liðinu frá því að McLaren tók við stjórn þess eftir HM á síðasta ári.**

**Athygli vekur að McLaren velur Steven Gerrard í hópinn, þrátt fyrir beiðni frá Rafa Benitez, þjálfara Liverpool, um að hlífa honum vegna tábrots. Þá er John Terry í hópnum þótt hann hafi lítið spilað að undanförnu, sem og David Beckham. Einn nýliði er í hópnum, Steven Taylor hjá Newcastle.** - vig



**EKKI ÁFRAM** Birgir Leifur var langt frá sínu besta í Stokkhólmi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Birgir Leifur Hafþórsson:

## Komst ekki áfram í Svíþjóð

**GOLF** Atvinnukylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson komst ekki í gegnum niðurskurðinn á skandínavíska meistaramótinu í golfi sem nú stendur yfir í Stokkhólmi. Birgir Leifur lék á alls sjö höggum yfir pari á fyrstu tveimur hringjunum og var nokkuð langt frá því að komast áfram.

Birgir Leifur lék á tveimur höggum yfir pari í gær en hann náði sér alls ekki á strik á fyrsta hringnum á fimmtudag, lék þá á fimm höggum yfir pari. Birgir Leifur fékk tvo fugla í gær en fjóra skolla og lék því 12 holur á pari. - vig


**RUUD VAN NISTELROOY** Mun án vafa reynast hollenska liðinu mikill styrkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Landon Donovan vildi að David Beckham yrði fyrirliði LA Galaxy:

# Beckham er réttborinn fyrirliði

**FÓTBOLTI** Landon Donovan, bandaríski landsliðsmaðurinn og ein helsta stjarna bandarísku atvinnumannadeildarinnar, hefur fært sínum nýja liðsfélaga David Beckham fyrirliðaarmbandið sem hann hefur borið síðustu ár. Donovan er heillaður af þeim áhrifum sem Beckham hefur haft á LA Galaxy frá því hann kom í sumar og segir hann réttborinn fyrirliða liðsins.

Beckham bar fyrirliðaarmbandið í fyrsta sinn á miðvikudaginn þegar Galaxy vann 2-0 sigur á DC United. Beckham var í fyrsta sinn í byrjunarliði liðsins og skoraði annað markanna. Beckham segir að Donovan hafi komið upp að sér á æfingu fyrir leikinn og óskað eftir samtali. „Ég ætla ekki að segja ykkur allt sem fór okkar á milli því þetta var mjög persónulegt en hann sagði að það yrði liðinu mikil upplyfting ef ég yrði fyrirliði. Ég var hrærður við að heyra þetta og lít á það sem mikinn heiður að taka við fyrirliðaarmbandinu,“ sagði Beckham.

Donovan útskýrði einnig sína hlið á málinu. „Ég er ekki heimskur. Beckham hefur verið fyrirliði Englands, sem er eitt besta landslið heims. Hann er frábær leikmaður og einn sá besti í þessari deild. Það er ekki sérlega mikilvægt fyrir mig persónulega að vera fyrirliði því ég mun spila á nákvæmlega sama hátt og koma fram við félaga mína á sama hátt. Beckham er meiri leiðtogi og gerir allt til að vinna. Þannig leikmenn eiga að vera fyrirliðar.“

Bandaríski framherjinn bætti síðan við að það hefði verið unun að því að fylgjast með enska landsliðsmanninum í leiknum gegn DC. „Ég er búinn að horfa á aukaspyrnuna sem hann skoraði úr nokkrum sinnum á myndbandi. Þvílík snilld sem þetta var,“ sagði hann. - vig


**NÝR FYRIRLIÐI** David Beckham leiddi lið sitt á vellinum á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hollenska landsliðið tilkynnt:

# Van Nistelrooy valinn á ný

**FÓTBOLTI** **Ruud van Nistelrooy, framherji Real Madrid, hefur verið valinn í hollenska landsliðið á ný eftir að hafa verið úti í kuldanum frá því á HM í fyrra. Andað hefur köldu á milli þjálfarans Marcos van Basten og Nistelrooys síðustu mánuði en svo virðist sem að þeir hafi ákveðið að grafa stríðsöxina fyrir leikinn gegn Svisslendingum á miðvikudag.**

**Nistelrooy var frábær fyrir Real Madrid í spænsku úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð og varð markahæsti leikmaður deildarinnar. Hann hefur skorað 28 mörk í 54 landsleikjum.**

**Af öðrum leikmönnum hollenska liðsins má nefna Ryan Babel og Dirk Kuyt hjá Liverpool og Robin van Persie hjá Arsenal. Þá eru gömlu kempurnar Mario Melchiot, Gio van Bronckhorst og Clarence Seedorf allir í hópnum.** - vig

Iceland Express-deild kvenna:

# Joanna Skiba til Grindavíkur

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið Grindavíkur hefur samið við Joanna Skiba, bandarískan bakvörð af pólskum ættum sem hefur evrópskt vegabréf.

Skiba hefur leikið með Bryantskólanum undanfarin ár og var með 13,8 stig og 5,2 stoðsendingar að meðaltali á lokaári sínu. Hún er 22 ára gömul og 163 sm á hæð, er eldfljót og góður skotmaður.

Skiba hefur búið í Bandaríkjunum alla sína æfi og var meðal annars kosinn besti leikmaðurinn á Rhode Island þegar hún var í menntaskóla. Hún gegndi ennfremur stöðu fyrirliða hjá Bryant-háskólanum og kemur til með að vera í leiðtogahlutverki hjá Grindavíkurliðinu sem leitar nú að sterkum bandarískum fram- eða miðherja til þess að spila inni í teig. - óój

Úrslitakeppni 3. deildar:

# Átta lið keppa um fimm sæti

**FÓTBOLTI** **Riðlakeppni 3. deildar karla í knattspyrnu lýkur í dag en það er ljóst hvaða félög leika í úrslitakeppninni sem hefst laugardaginn 25. ágúst.**

**Í A-riðli eru það Grótta og Hamar sem eru komin í úrslitakeppnina. Úr B-riðli hafa Víðir og BÍ/Bolungarvík tryggt sig áfram og úr C-riðli fara Tindastóll og Hvöt í úrslitakeppnina. Úr D-riðli eru það Huginn og Leiknir Fáskrúðsfirði sem fara áfram.**

**Fimm lið fara upp úr 3. deildinni á þessu tímabili og er það vegna fjölgunar í landsdeildunum. Þau fjögur lið sem bera sigurorð í viðureignunum í 8-liða úrslitum úrslitakeppninnar, þar sem leikið er heima og heiman, eru því komin upp í 2. deild. Tapliðin úr fyrstu umferðinni munu svo leika um fimmta sætið er gefur sæti í 2. deild að ári.** - óój


HAUSTNÁMSKEIÐIN ERU AÐ HEFJAST

Söngnám fyrir alla!

FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

ATH: Nú er hægt að nota Frístundakortin til að greiða niður námskeið hjá Tónvinnsluskólanum*



Í FYRSTA SKIPTI!

**Barna- og unglinganámskeið sem verður undirbúningur að barnaþætti fyrir sjónvarp**

Birgitta Haukdal og Valgerður Guðnadóttir munu sjá um 10 vikna söngnámskeið fyrir börn og unglinga. Námskeiðið er um leið undirbúningur að upptöku á barnaþætti fyrir sjónvarp. Í þættinum koma börnin fram ásamt Birgittu og Valgerði í söng og leik við undirleik valinkunnra hljóðfæraleikara og tilbúnu undirspili af þekktum dægurlögum. Þetta er skemmtilegt námskeið fyrir krakka á aldrinum 7 til 14 ára þar sem krakkarnir fá æfingu í að koma fram opinberlega og fá að upplifa hvernig vinna fer fram í sjónvarpsveri sem beinir þátttakendur.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
Aldur: Fyrir 7 - 14 ára
Verð: Kr. 39.900.-

Aðeins 27.900 kr. með notkun frístundakorts

**Barna- og unglinganámskeið 2**

Valgerður Guðnadóttir sér um námskeið sem sérsniðið er að þeim sem hafa lokið barnanámsskeiði áður.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
Aldur: Fyrir 7 - 14 ára
Verð: Kr. 39.900.-

Aðeins 27.900 kr. með notkun frístundakorts

**Söngur og framkoma**

Þetta er í 6. sinn sem þetta skemmtilega námskeið er haldið, enda eru kennararnir ekki af verri kantinum þær Selma Björnsdóttir og Valgerður Guðnadóttir landsfrægar leik- og söngkonur. Námskeiðið er tvískipt; annars vegar eru grunnþættir söngs og sviðsframkomu kenndir og hins vegar söngur í hljóðveri.
Námskeiðið miðar að því að búa upprennandi söngvara undir þær kröfur sem gerðar eru til skemmtikrafta innan tónlistarbransans. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavik Music Productions þar sem þáttakendur munu fá hljóðritaðan söng sinn á lagi að eigin vali.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 tími á viku)
Aldur: 14 ára og eldri
Verð: Kr. 59.900.-

Aðeins 47.900 kr. með notkun frístundakorts

**Blues- og Jazzsöngur með Andreu Gylfadóttur**

Andrea Gylfadóttir, Bluesdrottning Íslands, stýrir frábæru námskeiði fyrir þá sem hafa sem hafa reynslu af söng.
Á námskeiðinu mun Andrea kenna Blues- og Jazzsöng. Unnið verður með undirleikara að ákveðnum lögum sem nemendum verður hjálpað að ná tökum á, námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavik Music Productions.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 tími á viku, 2 einkatímar og 8 hóptímar)
Aldur: Fyrir 16 ára og eldri
Verð: Kr. 59.900.-

**Blues- og Jazzsöngur framhald**

Þeir sem hafa lokið námskeiði hjá Andreu geta sótt um framhaldsnámskeið hjá tónvinnsluskólanum

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 tími á viku, 2 einkatímar og 8 hóptímar)
Aldur: Fyrir 16 ára og eldri
Verð: Kr. 59.900.-

Aðeins 47.900 kr. með notkun frístundakorts

FRÁBÆR NÝJUNG!

**Námskeið fyrir lengra komna**

Í sumar útskrifaðist Margrét sem Linklater kennari í New York. Kristin Linklater sem tæknin er kennd við er ein af virtustu raddkennurum í Bandaríkjunum. Bókin hennar Freeing the Natural Voice er notuð allstaðar í kennslu í háskólum í Bandaríkjunum og í Evrópu. Aðferðin byggist upp á geta notað röddina án nokkurra hafta svo sem spennu í hálsi, kjálka eða tungu, vöðvaspennu, kvíða eða þar eftir götunum. Öndun, og líkamsliðkun er mikilvægur þáttur til að geta haft greiðari aðgang að tilfinningalega túlkun, og opnað fyrir ímyndunaraflið. Margrét mun kenna notkun þessarar tækni. Farið verður í gegnum æfingar, upphitanir til að styrkja röddin. Öndum, líkamsæfingar, túlkun, framkoma, og textameðferð er hlutir sem farið verður í.

Lengd námskeiðs: 10 vikur
(1 tími á viku)
Aldur: 16 ára og eldri
Verð: Kr. 59.900.-

Aðeins 47.900 kr. með notkun frístundakorts

Leiðbeinendur á námskeiðum eru: Andrea Gylfadóttir, Birgitta Haukdal, Margrét Eir, Selma Björnsdóttir og Valgerður Guðnadóttir.

**Námskeiðin hefjast í september.**
**Kennt verður í Snælands- og Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma lýkur.**
**Skráningar í síma 534-9090 eða á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is**

* Upplýsingar um Frístundakortin er að finna á www.itr.is

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School



**PASSAR SINN MANN** Alex Ferguson má ekki við því að missa stjörnuleikmann sinn í alvarleg meiðsli. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Sir Alex Ferguson:

## Vill að Ronaldo fái meiri vernd

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, vill að dómarar í ensku úrvalsdeildinni veiti Cristiano Ronaldo meiri vernd í návígjum. Ferguson vill meina að Ronaldo sé ávallt í umtalsverðri hættu á að hljóta alvarleg meiðsl.

„Mér finnst dómarar hafa slakað á hörkunni þegar kemur að of seinum tæklingum. Ég hélt að það stæði svart á hvítu að þær væru ekki leyfðar en mér finnst ekki vera refsað fyrir þær um þessar mundir,“ sagði Ferguson og átti við fyrstu tvo leiki Man. Utd. í úrvalsdeildinni, en í báðum þeirra hefur liðið aðeins hlotið eitt stig.

„Leikmenn þurfa meiri vernd. Svona tæklingar eru stórhættulegar og það eru einmitt leikmenn eins og Ronaldo sem eru líklegustu fórnarlömbin. Þetta á eftir að enda með því að leikmenn stórslasast,“ sagði Ferguson. - vig

Stjarnan vann 1-0 sigur á Fjölni í Grafarvogi í gær í baráttunni um fimmta sætið í Landsbankadeild kvenna:

# Harpa með sigurmarkið í upphafi leiks

**FÓTBOLTI** Stjörnustúlkur unnu nauman 1-0 útisigur á Fjölnisstelpum í Landsbankadeild kvenna í Grafarvogi í gær en fyrir leikinn voru liðin jöfn í 5. sæti með tólf stig. Breiðablik fór upp fyrir Keflavík í 3. sætið með 4-1 sigri á ÍR en Keflavíkurstúlkur geta náð sætinu aftur þegar þær taka á móti Íslandsmeisturum Vals í Keflavík klukkan tvö í dag.

Sigurmark Stjörnunnar kom strax eftir aðeins sjö mínútna leik þegar Harpa Þorsteinsdóttir fékk laglega sendingu frá Kimberley Dixson og afgreiddi boltann glæsilega í markið með vinstri fæti. Stjörnustúlkur fengu ágæt færi í leiknum til að bæta við marki en það fengu einnig Fjölnisstúlkur sem voru óheppnar að ná ekki að jafna leikinn. Stjarnan pakkaði síðan í vörn í lokin og náði að verja forystuna.

Breiðablik vann 4-1 sigur á ÍR. Greta Mjöll Samúelsdóttir kom Blikum í 1-0, Aðalbjörg Marta Agnarsdóttir jafnaði í upphafi seinni hálfleiks en þrjú mörk frá þeim Guðrúnu Sóleyju Gunnarsdóttur, Söndru Sif Magnúsdóttur og Jónu Kristínu Hauksdóttur á fjórtán mínútna kafla tryggðu Blikum stigin þrjú. - óój



**MUNAÐI LITLU** Fjölnisstúlkan Íris Ósk Valmundsdóttir reynir hér skot í gær en Guðríður Hannesdóttir er til varnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Viljum hafa sem flesta KR-inga úti

**Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR hefur ekki áhyggjur af því þótt önnur félög á Íslandi séu að bera víurnar í Jakob Örn Sigurðarson og Helga Má Magnússon. Ef þeir verða heima þá spila þeir með KR.**

**KÖRFUBOLTI** Landsliðsmennirnir Helgi Már Magnússon og Jakob Örn Sigurðarson eru hvorugur komnir með lið erlendis og hafa báðir sagt það að þeir spili með KR í vetur ef ekkert breytist í þeim efnum.

Þjálfari Íslandsmeistara KR er alveg rólegur yfir þróun mála og er hann að gera sitt í að hjálpa strákunum til þess að komast út. „Við erum alveg rólegir yfir þessu. Það er alveg vitað að þeir verða í KR ef þeir verða hérna heima. Þeir eru ekki búnir að afskrifa það að fara út og eru á fullu að leita,“ segir Benedikt Guðmundsson þjálfari KR-liðsins en á hans fyrsta tímabili með KR vann liðið Íslandsmeistaratitilinn í fyrsta sinn í sjö ár á síðasta tímabili.

Benedikt hefur ekki áhyggjur af miklum áhuga annarra íslenskra liða á strákunum. „Ég veit að Fjölnir og Snæfell eru búnir að bera víunar í Jakob og Sigurður Ingimundarson, Friðrik Ragnarsson og einhverjir til viðbótar eru búnir að heyra í Helga. Það eru menn sem vilja fá þá í önnur lið en þetta eru bara það miklir KR-ingar að þeir spila hvergi annarsstaðar en hérna. Þeir hafa margsagt það sjálfir að þeir séu ekki að gefa færi á sér annarsstaðar,“ segir Benedikt sem þjálfaði strákana í mörg ár þegar þeir voru yngri.

„Ef við værum með alla KR-ingana í liðinu þá værum við með ansi sterkt lið. Okkar yngri flokka þjálfun hefur byggst á því að reyna að búa til leikmenn sem eru nógu góðir til þess að spila erlendis og við viljum hafa sem flesta þar,“ segir Benedikt en það er ekki öruggt að KR-ingar verði með þrjá erlenda leikmenn komi Helgi og Jakob.

„Við endurskoðum útlendingamálin ef þetta gerist en eins og staðan er núna þá er maður á fullu að hjálpa þeim að komast út. Ég er að koma Helga í samband við hina og þessa umboðsmenn. Þetta eru strákar sem vilja vera úti og eiga að vera úti. Auðvitað væri frábært fyrir KR að hafa þá hérna heima en það er líka mjög gott fyrir KR að eiga þessa atvinnumenn úti,“ segir Benedikt en hann segir veturinn hjá KR bjóða upp á góða möguleika.

„Þótt að ég sem gamall þjálfari þeirra vill ég hafa þá úti og finnst að þeir eigi að vera úti þá tek ég vel á móti þeim ef þeir koma í KR. Þetta er varaplan hjá þeim en það hittir samt þannig á að það yrði ekkert slæmt fyrir þá að spila heima sérstaklega þar sem KR er að fara í Evrópukeppnina. Það yrði ljósið í myrkrinu að það eru spennandi hlutir að gerast hérna í KR,“ segir Benedikt og bætir við. „Þeir eru því í fínum málum. Helgi er sem dæmi með tilboð frá 3. deildarliði í Frakklandi en eins og hann metur þetta núna þá fær hann meira út úr því að fara með KR í Evrópukeppni og taka þátt í þessum pakka með okkur í staðinn fyrir að spila þar fyrir lítinn pening,“ segir Benedikt.

Benedikt ætlar að bíða með að breyta skipulagi vetrarins þangað til að það er pottþétt að þeir Helgi og Jakob verði í KR.

„Ef þeir koma hingað þá skoðum við það hvernig þetta verður, hvort að þeir verði með opinn samning eða hvernig sem það verður. Ég nenni bara ekki að velta því fyrir mér fyrr en þeir koma hingað og segjast ætla að vera með okkur. Þangað til höldum við bara ótrauðir áfram í því sem við erum búnir að vera að gera,“ sagði Benedikt að lokum.

ooj@frettabladid.is



**LÉK SÍÐAST MEÐ KR 2002** Helgi Már Magnússon lék síðast með KR veturinn 2001-02.



**MEISTARAR** Benedikt Guðmundsson gerði KR að meisturum á sínu fyrsta tímabili með liðið.



**LÉK SÍÐAST MEÐ KR 2000** Jakob Örn Sigurðarson lék síðast með KR veturinn 1999-2000. FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR ÞÓR



**EKKERT GEFIÐ EFTIR** Þeir Hermann Hreiðarsson og Heiðar Helguson eru þekktir fyrir allt annað en að fara varlega í skallaeinvígi. NORDICPHOTOS/GETTY

Íslendingaslagur í hádeginu:

## Hermann og Heiðar mætast

**FÓTBOLTI Hádegisleikurinn í ensku úvalsdeildinni í knattspyrnu verður Íslendingaslagur af bestu gerð en Hermann Hreiðarsson og Heiðar Helguson mætast þá í fyrsta sinn með sínum nýju félögum.**

**Báðir voru þeir í sviðsljósinu í vikunni, Hermann Hreiðarsson spilaði allan leikinn þegar Portsmouth gerði 1-1 jafntefli við Englandsmeistara Manchester United og Heiðar Helguson skoraði í sínum fyrsta leik í byrjunarliði Bolton en það dugði þó ekki til því Bolton tapaði 1-2 fyrir hans gömlu félögum í Fulham.**

**Bæði lið Portsmouth og Bolton hafa ekki náð að vinna í fyrstu tveimur leikjum sínum og það verður því hart tekist á á Fratton Park en útsending frá leiknum hefst klukkan 11:25 á SÝN2.** - óój

Kieron Dyer skrifaði undir fjögurra ára samning við West Ham í fyrrakvöld:

# Hreifst af metnaði félagsins

**FÓTBOLTI** Kieron Dyer, nýjasti liðsmaður Íslendingaliðsins West Ham, segist hafa hrifist af gríðarlegum metnaði félagsins og að sá mikli vilji Eggerts Magnússonar og annarra forráðamanna þess um að koma liðinu í fremstu röð hafi ráðið mestu í ákvörðun sinni um að skrifa undir fjögurra ára samning við félagið. Gengið var frá félagsskiptum Dyers frá Newcastle seint á fimmtudagskvöldið en áður hafði litið út fyrir að ekkert yrði úr kaupunum.

„Það hafði áður komið fram að ég vildi fara til London til að komast nær fjölskyldu minni en það sem skiptir ekki síður máli er að West Ham er félag sem ég hef mikla trú á. Félagið hefur sýnt mikinn metnað með því að fá til sín öfluga leikmenn og ég bókstaflega elska þetta hungur sem einkennir staðinn,“ sagði Dyer.

Sam Allardyce, stjóri Newcastle, segir að vissulega sé missir af Dyer en óskaði honum alls hins besta. Kaupverðið á Dyer er talið vera um sex milljónir punda auk þess sem West Ham þarf að greiða ákveðnar upphæðir þegar Dyer hefur náð ákveðnum leikjafjölda með liðinu.



**KIERON DYER** Er mjög ánægður með að vera kominn í herbúðir West Ham.

Hjá West Ham hittir Dyer fyrir fyrrum félaga sinn hjá Newcastle, Lee Bowyer, en mörgum ætti að vera í fersku minni þegar þeir lentu í handalögmálum í miðjum leik fyrir nokkrum árum. Alan Curbishley, stjóri Charlton, hefur ekki áhyggjur af því að slík framkoma endurtaki sig.

„Ég hef talað við báða leikmenn vegna þessa og þeir fullvissa mig um að þetta sé gleymt og grafið. Þeir eru í fínu sambandi í dag og talast reglulega við svo ég sé þetta ekki sem vandamál,“ sagði Curbishley. - vig



**EGGERT** Hefur keypt marga öfluga leikmenn til West Ham í sumar.



**MEIDDUR** Eiður Smári fer varla til West Ham í bráð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Alan Curbishley:

## Lítið að segja um Eið Smára

**FÓTBOLTI** Alan Curbishley, knattspyrnustjóri West Ham, tók undir ummæli Eggerts Magnússonar, stjórnarformanns síns, þegar hann var spurður um áhuga sinn á íslenska landsliðsfyrirliðanum Eiði Smára Guðjohnsen í gær. Eggert hafði áður staðfest að ákveðnar viðræður hefðu átt sér stað við Eið en það væri með öllu óvíst hvort félagið geri Barcelona tilboð í leikmanninn.

„Eiður er meiddur og er að berjast við að koma sér í leikform og það er því lítið um málið að segja á þessum tímapunkti. Hann er ennþá leikmaður Barcelona,“ sagði Curbishley.


vodafone
Iceland Express
1011
vörður
GOTT FÓLK
512 5100 I SYN.IS I VERSLANIR VODAFONE
Á MORGUN KL. 14:40
LIVERPOOL - CHELSEA
Í DAG
KL. 11:25 PORTSMOUTH - BOLTON SÝN 2
KL. 13:45 BIRMINGHAM - WEST HAM SÝN 2
KL. 16:00 NEWCASTLE - ASTON VILLA SÝN 2
KL. 13:55 READING - EVERTON SÝN EXTRA
KL. 13:55 TOTTENHAM - DERBY SÝN EXTRA 2
KL. 13:55 FULHAM - MIDDLESBROUGH SÝN EXTRA 3
KL. 13:55 WIGAN - SUNDERLAND SÝN EXTRA 4
Á MORGUN
KL. 12:10 MAN. CITY - MAN. UTD. SÝN 2
KL. 14:40 LIVERPOOL - CHELSEA SÝN 2
KL. 13:55 BLACKBURN - ARSENAL SÝN EXTRA
4 4 2 MEÐ GUÐNA BERGS Í KVÖLD KL. 18:10
ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% afslátt af fyrsta mánuðinum.
BOLTINN
adidas
Carlsberg
SÝN2
enski boltinn



## > jean reno

Ólíkt því sem margir halda þá á Jean ættir að rekja til Spánar. Hann fæddist í Marokkó, þáverandi franskri nýlendu, árið 1948. Foreldrar hans eru frá Andalúsíu á Spáni en flúðu til Norður-Afríku undan einræðisherranum Franco. Þegar Jean var tólf ára flutti fjölskyldan svo til Frakklands. Jean leikur í myndinni Blóðrauðar ár í Sjónvarpinu kl. 21.40.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR HATAR AÐ ELSKA MATREIÐSLUÞÆTTI**

## *Best í heimi*

Ég á í ástar-haturssambandi við matreiðsluþætti. Ég elska þá en samt eru þeir svo gjörsamlega óþolandi. Hef undanfarnar vikur fylgst með þeim Naomi Cleaver, Charles Champion og Matthew Fort gæða sér á endalausum hnossgætisréttum í „The Greatest Dishes in the World“.

Elska að horfa á kokkana skapa einhverja dásamlega skúlptúra sem líta út fyrir að bragðast ennþá dásamlegar. Gagnrýnendurnir eru líka frábærir. Naomi er breska daman sem finnst allt það sætasta og stelpulegasta æði á meðan Matthew er gamli Bretinn sem dýrkar „british tarts“. Charles Champion er samt bestur. Hann elskar að segja að eitthvað sé „monumentally delicious“ og notar það að minnsta kosti einu sinni í hverjum þætti. Einnig er hann í talsverðri yfirvigt og minnist á það af og til að skammtarnir mættu nú vera aaaaðeins stærri. Öll þessi dásamlegu komment fá mig til að sitja flissandi yfir matarþættinum góða.



**THE GREATEST** Bresk „tart“ sem Matthew Fort elskaði en tapaði þó fyrir súkkulaðibúðingnum í keppninni um besta eftirréttinn.

Það versta er samt hversu kvalafullt er að horfa á þrjár manneskjur háma í sig einhverja af bestu réttum í öllum heiminum. Ég hélt ég yrði ekki eldri þegar þau voru að borða besta eftirrétt í heimi. Súkkulaðibúðingur í mörgum lögum með krispí botni og súkkulaðihúð. Var alveg á leiðinni að teygja mig í hlaupaskóna, taka sprettinn á dýran veitingastað og panta mér fínasta súkkulaðidesertinn. Nema ég á ekki hlaupaskó. Og mér finnst súkkulaðibúðingur ekki einu sinni góður! Sem segir okkur það að við ættum aldrei að horfa á matreiðsluþætti því þeir fá okkur til að eyða peningum í óþarfa.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.40 Lukkuriddarar** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.20 Dumb and Dumberer: When Harry Met Lloyd** STÖÐ 2



▶ **20.00 Casanova** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00 The Yes Men** SIRKUS



▶ **18.30 7th Heaven** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Gurra grís 08.06 Lítil prinsessa 08.17 Halli og risaeðlufatan 08.28 Músahús Mikka 08.51 Skordýr í Sólarlaut 09.15 Sögurnar okkar - Skíðastaðastúlkan og hrafninn 09.22 Leyniþátturinn 09.35 Hopp og hí Sessamí 10.00 Latibær

**10.30 Kastljós**

**11.00 14-2** e.

**11.30 Mótorsport** e.

**12.00 Ístölt - Þeir allra sterkustu** e.

**12.30 Hlé**

**18.00 Táknmálsfréttir**

**18.10 Ofvitinn** (3:10)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

▶**19.40 Lukkuriddarar** (7:13)

**20.05 Hjónabandsmiðlun** (The MatchMaker) Bresk bíómynd frá 1997. Aðstoðarkona bandarísks þingmanns er send til Írlands að grennslast fyrir um uppruna hans og lendir í spennandi ævintýrum.

**21.40 Blóðrauðar ár** (Les Rivières pourpres) Frönsk spennumynd frá 2000. Tveir lögreglumenn sem rannsaka hvor sitt morðmálið komast að því að vísbendingar í málunum tengjast. Meðal leikenda eru Jean Reno, Vincent Cassel. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**23.25 Föðurlandsvinurinn** (The Patriot) Bandarísk spennumynd frá 2000. Meðal leikenda eru Mel Gibson, Heath Ledger. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e.

**02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.20 Fíaskó**

**08.00 Stolen Summer**

**10.00 Bee Season**

**12.00 Casanova**

**14.00 Fíaskó**

**16.00 Stolen Summer**

**18.00 Bee Season**

▶**20.00 Casanova** Casanova er kvennagull sem er vanur því að fá allar konur. Aðalhlutverk: Jeremy Irons, Heath Ledger.

**22.00 Sniper 3**

**00.00 Confessions of a Dangerous Min**

**02.00 Assault On Precinct 13**

**04.00 Sniper 3**

## STÖÐ 2

**07.00 Refurinn Pablo 07.05 Barney 07.30 Fifi and the Flowertots 1 07.40 Töfravagninn 08.05 Hlaupin 08.15 Blanche 08.25 Kalli kanína og félagar 08.45 Dexter´s Laboratory 09.10 Ginger segir frá 09.35 Bratz 09.55 Tutenstein**

**10.20 Dragonheart**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Bold and the Beautiful**

**14.30 So You Think You Can Dance** (16:23)

**15.35 Men In Trees** (9:17)

**16.30 The New Adventures of Old Chr** (2:13)

**17.00 Örlagadagurinn** (11:31)

**17.40 60 mínútur** Glænýr þáttur virtasta og vinsælasta fréttaskýringaþáttar í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.

**18.30 Fréttir**

**19.00 Íþróttir og veður**

**19.05 Lottó**

**19.15 America´s Got Talent** (10:15) Hæfileikakeppnin er í fullum gangi en það er farið að styttast í úrslitin.

**20.35 America´s Got Talent** (11:15) Hverjum verður boðið að halda áfram og hverjir verða sendir heim?

▶**21.20 Dumb and Dumberer: When Harry Met Lloyd** Sprenghlægileg saga félaganna Harry og Lloyd sem flestir muna eftir úr Dumb and Dumber en þá var Jim Carrey í hlutverki Lloyd. Nú fáum við að sjá hvernig félagarnir kynntust og hvernig þeim gekk að fóta sig í gagnfræðaskóla. Aðalhlutverk: Eric Christian Olsen, Derek Richardson, Rachel Nichols. Leikstjóri: Troy Miller. 2003. Leyfð öllum aldurshópum.

**22.45 Das Boot** Spennandi mynd sem veitir innsýn í hörkulegan heim þýskra kafbátasjóliða í seinni heimstyrjöldinni. Aðalhlutverk: Jürgen Prochnow, Herbert Grönemeyer, Klaus Wennemann. Leikstjóri: Wolfgang Petersen. 1982. Bönnuð börnum.

**02.05 Moonlight Mile**

**04.00 A Mighty Wind**

**05.30 The New Adventures of Old Chr** (2:13)

**05.50 Fréttir**

**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**10.00 World Supercross GP 2006-2007** (RCA Dome)

**10.55 Landsbankadeildin 2007** Útsending frá leik FH og Fram í 13. umferð Landsbankadeildarinnar.

**12.45 Landsbankamörkin 2007**

**13.15 PGA Tour 2007 - Highlights** (The INTERNATIONAL)

**14.10 Það helsta í PGA mótaröðinni**

**14.35 Kraftasport - 2007** (Uppsveitarvíkingurinn)

**15.05 Fótbolti** (Toulouse - Liverpool)

**16.45 Sumarmótin 2007** (Pæjumótið)

**17.15 Supercopa 2007** (Ofurbikarinn 2007) Útsending frá leik Sevilla og Real Madrid í spænsku meistarakeppninni.

**18.55 Champions of the World** (Uruguay)

**19.50 Heights of Passion** (Erkifjendur)

**20.45 Box Barrera vs Juan Marquez**

**21.55 Box - Vitali Klitschko vs. Corrie Sander**

**22.55 Box - Wladimir Klitschko vs. Ray Austin**

## SÝN 2

**08.25 Premier League World**

**08.55 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Norwich og Southampton leiktíðina 1993-1994.

**09.25 PL Classic Matches** Svipmyndir frá leik Liverpool og Blackburn leiktíðina 1994-1995.

**09.55 Season Highlights**

**10.55 Premier League Preview** (Leikir helgarinnar)

**11.25 Portsmouth - Bolton** Bein útsending frá Íslendingaslag Portsmouth og Bolton í 3. umferð ensku úrvalsdeildairinnar.

**13.45 Birmingham - West Ham** Bein útsending frá leik Arsenal og Blackburn Rovers í 3.umferð ensku úrvalsdeildarinnar.

**16.00 Newcastle - Aston Villa** Bein útsending frá leik Newcastle United og Aston Villa í 3. umferð ensku úrvalsdeildarinnar.

**18.10 4 4 2**

**19.30 4 4 2**

**20.50 4 4 2**

**22.10 4 4 2**

**23.30 4 4 2**

## SKJÁREINN

**10.15 Vörutorg**

**11.15 Dr. Phil** (e)

**15.00 Greatest Dishes in the World** (e)

**16.00 Robin Hood** (e)

**16:50 World's Most Amazing Videos** (e)

**17.40 On the Lot** (e)

▶**18.30 7th Heaven** Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að.

**19.15 Yes, Dear** (e)

**19.40 Family Guy** (e)

**20.10 World's Most Amazing Videos** (21:26) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lyginni líkastur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd.

**21.00 Stargate SG-1** (15:22) Afar vandaðir þættir byggðir á samnefndi kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem SkjárEinn sýnir um Jack O'Neill og sérsveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn.

**21.50 High School Reunion** (6:8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 17 fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál.

**22.40 Da Vinci's Inquest** (3:8) Vönduð sakamálaþáttaröð sem unnið hefur til fjölda verðlauna, en þættirnir fjalla um líf Dominics Da Vinci, dánardómstjóra í Vancouver.

**23.30 Sleeper Cell** (e)

**00.20 Law & Order: Criminal Intent** (e)

**01.10 Angela's Eyes** (e)

**02.00 The Black Donnellys** (e)

**02.50 Backpackers** (e)

**03.20 Tvöfaldur Jay Leno** (e)

**05.00 Vörutorg**

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

REGNBOGINN
15. - 29. ÁGÚST
BÍÓDAGAR
GRÆNA
LJÓSSINS
MasterCard
REGNBOGINN
græna ljósið

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.15
### America's Got Talent

Stærsta hæfileikakeppni heims er í fullum gangi en keppt er um milljón dollara og titilinn hæfileikaríkasta manneskja Bandaríkjanna. Keppendurnir eru af öllum stærðum og gerðum en engin takmörk eru fyrir hugmyndaflugi þeirra. Þátturinn kemur úr smiðju Simons Cowell og í dómarasætinu sitja þau David Hasselhoff, Brandy og Piers Morgan.



### ▶ Við mælum með
### BLÓÐRAUÐAR ÁR
### Sjónvarpið kl. 21.40

Frönsk spennumynd frá 2000. Tveir lögreglumenn sem rannsaka hvor sitt morðmálið komast að því að vísbendingar í málunum tengjast. Stuttu eftir að þeir hefja samvinnu eru fleiri morð framin og spennan magnast. Leikstjóri er Mathieu Kassovitz og meðal leikenda eru Jean Reno, Vincent Cassel og Nadia Farès.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.05** Músík að morgni dags
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Grannar okkar
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Leitin að eldsneytinu
**14.40** Tímakornið
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Hvert fór ég eiginlega?
**17.05** Djassgallerý: Keith Jarrett
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.28** Á vængjum yfir flóann
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Jónas frá Hriflu og Laugarvatn
**21.00** Dragspilið dunar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SIRKUS

**16.30 Skífulistinn** X-factor stjarnan Rakel Magnúsdóttir fer yfir vinsælustu lögin á Íslandi í hverri viku.
**17.15 Smallville** (5:22) (e)
**18.00 Bestu Strákarnir** (17:50) (e)
**18.30 Fréttir**
**19.00 Girls Of The Playboy Mansion** (15:15) (e)
**19.30 Live From Abbey Road** (2:12) (e)
**20.15 Joan of Arcadia** (19:22) Önnur þáttaröðin um Joan. Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Táningsstelpan Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana. Hún fer að fá skilaboð frá guði sem fer að segja henni að gera alls kyns hluti sem hún og gerir. Þessu nýja hlutverki þarf hún síðan að koma inn í daglega líf sitt sem reynist alls ekki auðvelt. Þáttaröðin var tilnefnd til Emmy-verðlauna auk þess sem hún hlaut Peoples Choice Award sem besta dramaþættirnir.
▶**21.00 The Yes Men** Bráðfyndin, hárbeitt og fróðleg heimildarmynd um lítinn hóp hrekkjalóma/hugsjónamanna sem við fylgjumst með á ferðalagi um heiminn í nafni The World Trade Organization, stofnunar sem þeir tengjast í raun og veru ekki neitt. Í nafni stofnunarinnar koma þeir hins vegar fram í fjölmiðlum með fáránlegan málatilbúning og halda hneykslanlega fyrirlestra án þess nokkurn gruni nokkuð. 2003.
**22.25 Jake In Progress** (7:8) (e) Önnur þáttaröðin af þessum grínþáttum um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York. Þegar fræga fólkið rennur á rassinn mætir Jake Phillips á svæðið og reddar málunum.
**22.55 The George Lopez Show** (3:22) (e)
**23.20 Jake 2.0** (5:16) (e)
**00.05 Joan of Arcadia** (19:22) (e)
**00.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

### BBC PRIME

**12.00** What not to Wear **13.00** Wedding Stories **14.00** Amazon Abyss **14.30** Massive nature **15.00** Dragons Alive **16.00** EastEnders **16.30** EastEnders **17.00** A Life Coach Less Ordinary **17.30** A Life Coach Less Ordinary **18.00** Cash in the Attic **18.30** Cash in the Attic **19.00** May 33rd **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** The Smoking Room **21.30** French and Saunders **22.00** EastEnders **22.30** EastEnders **23.00** May 33rd **0.30** The Catherine Tate Show **1.00** The Smoking Room **1.30** French and Saunders **2.00** Dragons Alive **3.00** Cash in the Attic **3.30** Balamory **3.50** Tweenies **4.10** Big Cook Little Cook **4.30** Tikkabilla

### DR 1

**11.40** Boogie Listen **12.40** Pigebandet Frank **13.05** Sporløs **13.35** Hjertets veje **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Johanne i Troldeskoven **16.00** Radiserne **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Vilde verden **17.35** Huset på Christianshavn **18.00** Robin Hood **18.45** Sommer i Tyrol **20.25** Inspector Morse **22.05** Dollars **5.30** Mickeys klubhus **5.55** Byggemand Bob

### NRK 1

**12.15** Gjensynet **13.15** Landstrykere **15.30** Er vi lykkelige, far? **16.00** Gisle Wink på eventyr **16.25** Tigga og Togga **16.30** Ikke naken **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** 'Allo, 'Allo! **18.10** Edel vare **19.10** Doc Martin **20.00** Fakta på lørdag: Hai i britisk farvann **21.00** Kveldsnytt **21.15** The Cradle Will Rock **5.30** Sommermorgen **5.31** Fimlene **5.50** Tigeren Edelbert

### SVT 1

**11.50** Sommartorpet **12.20** Kobra intervju **12.50** Skäggiga damer och nakna män **13.20** Kaffe är guld **14.40** Tre kärlekar **15.30** Kräftgång framåt **16.00** Pingu **16.05** Disneydags **17.00** Ebba och Didrik **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Försvarsadvokaterna **18.45** Minnenas television **20.10** Svartskägg - piraten och legenden **21.05** Rapport **21.10** Europakonsert från Berlin **22.50** Efter Jesper **0.15** Sändningar från SVT24


-2 kr.
þegar þú notar ÓB-lykilinn

Himinn og haf / SIA






ÓB-lykillinn
Nú er enn einfaldara og enn ódýrara að taka ódýrt eldsneyti hjá ÓB.
Ekkert kort, ekkert pin-númer, ekkert vesen.
Þú leggur einfaldlega ÓB-lykilinn að dælunni, færð 2 kr. afslátt og fjárhæðin fer beint af kortinu þínu.
Allar upplýsingar um ÓB-lykilinn er að finna á vef ÓB, www.ob.is.

ÓB ódýrt bensín
www.ob.is

## PERSÓNAN



*Magnús Rúnar Magnússon*

Aldur: 28 ára.

**Starf:** Hjá tölvudeild Kaupþings.
**Fjölskylda:** Elsa Karen Jónasdóttir.
**Foreldrar:** Guðrún Hanna Þorbjörnsdóttir og Magnús Ragnarsson, látinn.
**Búseta:** Sóleyjarimi 5, Reykjavík.
**Stjörnumerki:** Fiskur.

Magnús Rúnar Magnússon starfrækir heimasíðuna Elvis.is sem hann stofnaði í minningu föður síns.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** tveggja hæða rúm **6.** samanburðartenging **8.** efni **9.** hlemmur **11.** frú **12.** bolur **14.** frumefni **16.** sjó **17.** gerast **18.** pappírsblað **20.** tveir **21.** óhljóð.

**LÓÐRÉTT**
**1.** flík **3.** pot **4.** jafningi **5.** for **7.** hagnýta **10.** eldsneyti **13.** viljugur **15.** þvengur **16.** verkfæri **19.** íþróttafélag.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** koja, **6.** en, **8.** tau, **9.** lok, **11.** fr, **12.** stofn, **14.** flúor, **16.** sæ, **17.** ske, **18.** örk, **20.** ii, **21.** garg.
**LÓÐRÉTT:** **1.** pels, **3.** ot, **4.** jafnoki, **5.** aur, **7.** notfæra, **10.** kol, **13.** fús, **15.** reim, **16.** sög, **19.** kr.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á bls. 8.

1. Súfistanum
2. Frágangur
3. 11

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Níu ára breikari með mikinn metnað

Örlygur Steinar Arnalds, níu ára, er fantagóður breikari. Í vikunni vakti hann athygli fyrir frammistöðu sína á breiksýningu í Kringlunni, enda yngsti breikarinn í hópnum sem þar kom fram. „Hann byrjaði mánuði fyrir átta ára afmælið sitt,“ útskýrði móðir hans, Anna Sigríður Örlygsdóttir, sem segir áhugann hafa verið til staðar frá þriggja, fjögurra ára aldri. „Aldurstakmarkið í Kramhúsinu var hins vegar átta ár,“ sagði hún.

Örlygur segir breik hafa orðið ofan á, þar sem að aðrar íþróttir höfði ekki til hans. „Mér finnst fótbolti og þannig ekkert skemmtilegt,“ sagði hann. Hann kveðst ekki eiga neitt uppáhaldsspor í breikinu, sem samanstendur af hreyfingum og sporum sem flesta óar við að reyna að framkvæma.

„Mér finnst bara allt gaman. Sum sporin eru erfið, en ég æfi mig líka heima,“ sagði hann. Metnaðurinn er á sínum stað. „Ég byrjaði líka í fimleikum til að styrkja mig í breikinu,“ sagði Örlygur.

Breikið sótti Örlygur fyrst hjá Natöshu Monay Royal í Árbæjarþreki, en síðar í Kramhúsinu. Natasha hefur staðið fyrir keppnum í breiki, og Örlygur hreppti annað sætið í fyrra.

Hann hefur þó breikað víðar en í Kringlunni. „Örlygur breikaði á Spáni í sumar. Á einum veitingastaðnum var reglulega danssýning með breikatriðum, og hann var tekinn upp í þau. Hann var bara í sjálfboðavinnu,“ bætti hún við.

Örlygur, ætlar að halda áfram í breikinu, mun breika fyrir framan Háskóla Íslands í dag, þar sem Latabæjarhlaupið fer fram. **- sun**



**ÖLL SPORIN SKEMMTILEG** Örlygur Steinar Arnalds á sér ekkert uppáhalds spor í breiki, og segir allt vera jafn skemmtilegt. Hann er níu ára gamall og hefur æft breik í eitt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÓTRÚLEG HÖNNUN** Eins og sjá má á þessari mynd standa framkvæmdir að fundaherbergjunum enn yfir en vel er hægt að átta sig á því hvernig glerkassinn fljúgandi mun koma til með að líta út. Járnstútarnir sem halda herbergjunum uppi eru mjög grannir, en gríðarlega sterkir. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

HÖFUÐSTÖÐVAR KAUPÞINGS: SVÍFANDI GLERKASSI VEKUR MIKLA ATHYGLI

# Fljúgandi fundaherbergi í höfuðstöðvum Kaupþings

„Það er í anda bankans að fara ótroðnar slóðir og þetta á eftir að gera umhverfið í nýja húsinu skemmtilegra,“ segir Svali Björgvinsson, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Kaupþings. Farið er að sjá undir lok framkvæmdanna við viðbyggingu höfuðstöðva bankans í Borgartúni og mun hluti nýju byggingarinnar verða tekinn í notkun af starfsmönnum um helgina. Óhætt er að fullyrða að nýja byggingin sé afar glæsileg á að líta og þá ekki síður innandyra. Gegnsæ fundarherbergi sem virðast hanga niður úr lofti byggingarinnar vekja þar sérstaka athygli en ekki er vitað til þess að þau eigi sér hliðstæðu hér á landi.

„Við köllum þetta fljúgandi fundarherbergin,“ segir Svali en um er að ræða alls sex fundarherbergi, 10-15 fermetrar á stærð, sem hengd eru upp í loft með þunnum járnstútum. Veggir herbergjanna eru úr gleri en af eðlilegum ástæðum er gólfflöturinn það ekki. Fundarherbergin líta því út eins og stór glerkassi sem nánast svífur í lausu lofti, en 40 sentímetra langar brýr tengja þau við skrifstofuganginn.

„Hluti af hugsuninni á bak við herbergin er að nýta plássið sem best en við vildum einnig prófa eitthvað sem enginn annar hefur gert,“ segir Svali og bætir við að fljúgandi fundarherbergin setji sannarlega svip sinn á höfuðstöðvarnar. „Hvað burðarþol varðar er þetta mikið afrek og hönnunin er einstök. Við hlökkum mikið til að taka herbergin í notkun,“ segir Svali. **vignir@frettabladid.is**



**SVALI BJÖRGVINSSON** Segir nýju fundarherbergin setja skemmtilegan svip á nýbygginguKaupþings í Borgartúni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Misjafnt er hversu miklu Kaupþing og Landsbankinn eyddu í stórtónleika sem þeir bjóða til nú um helgina. Afmælistónleikar Kaupþings á Laugardalsvelli í gærkvöld, sem **Einar Bárðarson** skipulagði, munu hafa kostað eitthvað yfir 30 milljónir króna. Menningarnæturtónleikar Landsbankans í kvöld, sem **Ólafur Páll Gunnarsson** skipulagði, munu hins vegar ekki kosta nema um sjö milljónir.



Hinir virðulegu tónlistarmenn, **Magnús Eiríksson** og **KK**, hafa lent í mörgum ævintýrum á sínum ferli. Einhverju sinni voru þeir í Hollandi og tóku lest á milli staða. Sá útgefandi þeirra, **Óttar Felix Hauksson**, um að bóka miðana fyrir stjörnur sínar. Eitthvað misfórst þó bókunin hjá Óttari því þegar Maggi og KK framvísuðu miðunum voru þeir vinsamlegast beðnir um að yfirgefa lestina. Þeim félögum var gert það ljóst að þeir væru hvorki öryrkjar né ellilífeyrisþegar og ættu ekkert með að framvísa þess háttar miðum.



Um það er nú hvíslað í fjármálaheiminum hversu vel **Sigurjón Þ. Árnason**, bankastjóri Landsbankans, lítur út eftir sumarið. Sigurjón mun hafa breytt rækilega um lífsstíl og grennst talsvert fyrir vikið. **- hdm**



# Leikkonur stílisera flóamarkaðsgesti

Leikkonurnar Elma Lísa Gunnarsdóttir, Edda Björg Eyjólfsdóttir og María Heba Þorkelsdóttir hafa gramsað í geymslum og safnað saman dóti sem þær munu selja á menningarlegum flóamarkaði í dag. „Þetta er kynngimagnaður flóamarkaður,“ sagði Elma Lísa dularfull. „Við erum með fullt af gersemum,“ bætti hún við. Á meðal fjársjóðanna eru föt, glingur, skór, töskur og eitthvað af barnafötum.

Elma Lísa er enginn nýgræðingur í flóamörkuðum og hefur stundum staðið vaktina í markaðnum sem fram fer í Sirkusportinu. „Ég er komin með lager af dóti. Þetta er hins vegar afmeying þeirra Eddu og Maríu,“ sagði hún og hló við. „Það er gaman að vera margar saman í þessu, það er ekkert skemmtilegt að vera einn,“ bætti hún við.

Þar sem dagurinn er helgaður menningu í Reykjavík, fær flóamarkaðurinn sömu yfirskrift. „Okkur fannst við hæfi að hafa þetta á menningardaginn, svo við getum hjálpað fólki að velja menningardressið,“ sagði Elma Lísa. „Við tökum vel á móti því og bjóðum upp á stíliseringu líka, fólki að kostnaðarlausu,“ bætti hún við. Fyrir utan menningarbraginn sem leikkonurnar þrjár ljá markaðnum, verður einnig eitthvað um óvæntar uppákomur. „Það verður mystískur trúabador á staðnum, og spákona að spá í bolla. Svo verðum við auðvitað með heitt á könnunni,“ sagði Elma Lísa, sem ekki vildi ljóstra upp um fleira.

Markaðinn menningarlega er að finna í FÍL húsinu að Lindargötu 6. Hann verður opinn frá hádegi til klukkan 18. **- sun**



**LÍF Í TUSKUNUM** Elma Lísa, Edda Björg og María Heba selja föt, glingur, skó og töskur á menningarlegum flóamarkaði á Lindargötu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Allt að 70% afsláttur

Egill Árnason hf




# STÓRÚTSALA







NÁTTÚRUFLÍSAR
20-50 % afsláttur

PLANKA PARKET
ÝMSAR TEGUNDIR
20-40 % afsláttur










Egill Árnason hf. Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is Afgreiðslutímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 10 - 16

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**

**GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR**

## *Maraþon*

Á hverju ári, yfirleitt um vorið eða í upphafi sumars, hvarflar að mér að það gæti verið sniðugt að stefna að því að hlaupa maraþon. Nokkrum sinnum hef ég farið inn á heimasíður um maraþonhlaup og skoðað æfingaplön og föndrað í þeirri sömu andrá í huganum við þá mynd af sjálfum mér að ég skokki hnarreistur með númer yfir bringuna og derhúfu í litlum stuttbuxum og hlýrabol í hinu árlega Reykjavíkurmaraþoni í ágúst.

**EN** svo ná þessar hugrenningar mínar aldrei mikið lengra. Eftir því sem líður á sumarið verður hugmyndin um hálfmaraþon alltaf meira og meira aðlaðandi, en einhvern veginn hef ég samt ekki fundið mig almennilega í þeirri pælingu. Hálfmaraþon? Til hvers? Er það ekki bara eins og að taka hálft skref að settu marki? Uppgjöf? Ósigur?

**NIÐURSTAÐAN** hefur því ætíð orðið sú, og á því verður engin breyting þetta árið, að ég hleyp ekki neitt. Bæði er það, að æfingaplönum fyrir heilmaraþon hefur aldrei almennilega verið ýtt í framkvæmd og hins vegar hef ég iðulega verið frekar lunkinn við að finna mér ástæðu til þess að geta því miður ekki tekið þátt í skemmri vegalengdum. Alltaf eru nefnilega ákveðnar líkur á því að einhverjum takist að gabba mann til þess að hlaupa 10 kílómetrana, og ef ég hefði enga afsökun er allt eins víst að ég myndi láta til leiðast. Það myndi hins vegar vera enn meiri ósigur af mínum sjónarhóli heldur en hálfmaraþon, í ljósi þess að takmarkið er jú maraþon og ekkert minna.

**HIÐ** háleita markmið um maraþonhlaup og skortur á framkvæmdum í þá veru hefur þannig leitt til fullkominnar kyrrstöðu minnar að öllu leyti hvað varðar þennan allsherjar hlaupadag. Að þessu sinni hef ég óyggjandi afsökun til þess að láta algerlega hjá líða að hlaupa nokkurn skapaðan hlut, því ég er nefnilega staddur í Kasakstan. Mér er þess vegna því miður alveg gjörsamlega fyrirmunað að draga fram hlaupaskóna að þessu sinni.

**ÞVÍ** er ekki að neita, að sú staðreynd að mitt sálartetur virðist alltaf geta komið því svo við með einhverju móti – þó svo ekki hafi ég farið til Kasakstan algerlega í þeim erindagjörðum einum og sér – að koma því svo við að ég geti því miður ekki tekið þátt í þessum hlaupadegi á nokkurn hátt, hefur leitt mig til dálítillar sjálfsskoðunar.

**GETUR** verið að hlaup sé ekki fyrir mig? Nú er ég til dæmis þannig gerður, að ég á það til að fá kjánahroll yfir hinum ólíklegustu hlutum. Kannski finnst mér innst inni kjánalegt að vera að hlaupa eitthvert, án þess í raun að eiga þangað nokkurt erindi. Svo kann líka hitt að blunda undir niðri að það er auðvitað staðreynd að fyrsti maraþonhlauparinn Feidippídes – hermaðurinn gríski sem hljóp með tíðindin af ósigri Persa alla leið frá borginni Maraþon til Aþenu – er sagður hafa fallið niður dauður um leið og hann hafði lokið hlaupi sínu. Þessi íþrótt er því augljóslega stórhættuleg. Borat biður að heilsa.


